

Árna saga biskups / Þorleifur Hauksson bjó til prentunar.

Reykjavík : Stofnun Árna Magnússonar, 1972.

[http://hdl.handle.net/2027/uc1.\\$b497209](http://hdl.handle.net/2027/uc1.$b497209)

HathiTrust



www.hathitrust.org

Creative Commons Attribution

http://www.hathitrust.org/access_use#cc-by-4.0

This work is protected by copyright law (which includes certain exceptions to the rights of the copyright holder that users may make, such as fair use where applicable under U.S. law) but made available under a Creative Commons Attribution license. You must attribute this work in the manner specified by the author or licensor (but not in any way that suggests that they endorse you or your use of the work). For details, see the full license deed at <http://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>.



Digitized by Google

Original from
UNIVERSITY OF CALIFORNIA



ÁRNA SAGA BISKUPS

ÁRNA SAGA BISKUPS

ÞORLEIFUR HAUSSON
BJÓ TIL PRENTUNAR



REYKJAVÍK
STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
1972

XB
4
6749

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Á ÍSLANDI
RIT 2

© Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 1972
Printed in Iceland
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

BX
4705
A733
A16
1972
M...

EFNI

| | |
|---|--------------------|
| Inngangur | bls. vii–cix |
| Handritabálgur | — vii–lxii |
| I. Handrit sem gildi hafa | — vii |
| ÁM 122b, fol. (R) | — vii |
| A. Varðveizla | — vii |
| B. Rithönd.Aldur.Heimkynni.Ferill | — ix |
| C. Stafsetning. | — x |
| D. Orðmyndir. | — xvi |
| Uppskrift Björns á Skarðsá(*B) | — xviii |
| British Museum Add. 11.127(B ¹) | — xix |
| Stafsetning og orðmyndir | — xx |
| Stockh. perg. 4to nr. 12(B ²). | — xxiii |
| Stockh. papp. 4to nr. 8(B ³) | — xxiv |
| ÁM 1041, 4to(B ⁴) | — xxv |
| ÁM 114, fol.(J) | — xxvii |
| ÁM 204, fol.(Ú) | — xxviii |
| ÁM 220 VI, fol. | — xxx |
| Aðalhandrit | — xxxi |
| II. Önnur handrit | — xxxi |
| Handrit runnin frá B ¹ (C) | — xxxi |
| Handrit runnin frá B ⁴ | — xl |
| Handrit runnin frá J | — xlii |
| Viðbætur, spásiugreinar | — lx |
| Heimildabálgur | — lxii–cvii |
| I. Árna saga og annálar | — lxii |
| Resensannáll(I). Forniannáll(II). Høyersannáll(III) | — lxv |
| Konungsannáll(IV) | — lxix |
| Skálholtsannáll(V). Lögmansannáll(VII) | — lxxii |
| Gottskálksannáll(VIII) | — lxxvi |
| Flateyjarannáll(IX) | — lxxvii |
| Oddverjaannáll(X) | — lxxviii |
| Annálanotkun söguhöfundar | — lxxviii |
| Annálatöflur | — lxxx |

| | |
|---|-----------|
| II. Aðrar heimildir | — c |
| Heimildaskrár. Ritunarstaður | — c |
| Ritunartími. Höfundur. Varðveizla | — civ |
| Um fyrri útgáfur og þessa | — cviii |
| Summary of the Introduction | — cx |
| Ættarskrá handrita | — cxii |
| Árna saga biskups | — 1–184 |
| Nafnaskrá sögunnar | — 185–198 |
| Nafnaskrá inngangs | — 199–205 |
| Handritaskrá | — 206–207 |

INNGANGUR

HANDRITABÁLKUR

Saga Árna Þorlákssonar biskups er varðveitt í 40 handritum og handritabrotum, svo vitað sé. Ástæðu slíks fjölda varðveittra handrita er þó tæpast unnt að rekja til mikilla vinsælda sögunnar, heldur til þess, að hún hefur verið tekin upp í annað aðalhandrit Sturlungusafnsins, sonefnda Reykjarfjarðarbók (*R*). Aðeins tvö skinnblöð frá 14. öld hafa varðveitt af sögunni fyrir utan *R* og handrit, runnin frá henni. Full ástæða er því til að ætla, að þessi aðalheimild um sögu Íslands á síðara hluta 13. aldar væri nærri glötuð með öllu, ef ritari *R* hefði látið hjá líða að skrifa hana upp.

Frá 17. öld er vitað um þrjár uppskriftir Árna sögu eftir *R*. Tvær þeirra eru varðveittar (*ÚJ*); önnur þeirra (*Ú*) hefur reyndar aðeins að geyma um þriðjung sögunnar. Þriðja uppskriftin (**B*) er glötuð, en varðveitt eru fjögur handrit, sem frá henni eru runnin og hafa sjálfstætt gildi. Sagan er einum stuttum kapítula lengri í *J* en verið hefur í **B*.

I. HANDRIT SEM GILDI HAFA

ÁM 122b, fol. (R)

A. VARÐVEIZLA

Í þessu handriti eru varðveitt 3 blöð með texta Árna sögu, bl. 25–27;¹ bl. 25 og 26 eru samföst. Það tvinn er talsvert illa leikið, texti víða máður og torlæsilegur. Verra er þó, að helmingur bl. 26 hefur verið skorinn af, þannig að aðeins örlítið er eftir af ytra lesmálsdálki blaðsins hvorum megin. Bl. 27 er tiltölulega vel læsilegt víðast hvar.

Meðaltal textamagns í lesmálsdálkum, sem varðveittir eru í *R*, er 37,3 línur (mest 40 línur, minnst 35) miðað við prentaðan texta þessarar útgáfu. Samkvæmt þessu má freista þess að reikna út upphaflega fyrirferð sögunnar í bókinni.

¹ Texti þessara blaða er prentaður á bls. 42¹⁶–50¹², 65¹⁴–74¹¹, 145²–152³.

Fram að bl. 25 eru 634 línur, sem svarar til 17 dálka í *R*, þar sem hver dálkur er 37,3 línur, þ. e. 4 blöð og einn dálkur. Trúlegra er þó, að sagan hafi hafizt fremst á sérstöku blaði, og verður þá að reikna með 16 dálkum, 39,6 línur að jafnaði.

Á milli bl. 25 og 26 eru 311 línur, þ. e. 2 blöð eða 8 dálkar í *R*, 38,9 línur hver dálkur að meðaltali.

Á milli bl. 26 og 27 eru 1487 línur, sem mundi samsvara 10 blöðum í *R* eða 40 dálkum, hver dálkur að meðaltali 37,2 línur.

Á eftir bl. 27 eru 672 línur (+ 24 línur, ef viðbótarkaffinn í *J* er tekinn með). Þessar 672 línur svara til 18 dálka í *R* með 37,3 línur í hverjum, þ. e. $4\frac{1}{2}$ blað. Ef kaffinn í *J* er tekinn með, gæti útkoman orðið 18 dálkar einnig, meðallínufjöldi í dálki 38,7 línur.² Líkindi eru til, að sagan sé ekki heil í núverandi varðveizlu. Viðbótarkaffi *J* virðist upphaflegur, án þess hann feli í sér sannfærandi sögulok. Það má gera sér í hugarlund, að hann hafi staðið efst aftan á því máða blaði, sem aftast hefur staðið í *R*, þegar eftirritarar höfðu hana undir höndum, en uppskrift *J* hefur að líkindum verið gerð á undan hinum, eins og síðar verður getið.

Kristian Kálund hefur sýnt fram á, að *R* hefur verið í tólf blaða kverum, a. m. k. framan til,³ og Ólafur Halldórsson hefur bent á, að sama máli gegnir um aðra skinnbók af sama skrifaraskóla, ÁM 62, fol.; þar eru tólf blöð í flestum kverum.⁴ Hafi nú Árna saga hafizt á sérstöku kveri, er trúlegt, að sá hluti hennar, sem nú er varðveittur, hafi tekið yfir nákvæmlega tvö kver í *R*, tólf blaða. Bl. 25 og 26 eru þá tvinn 5ta og 8unda blaðs í fyrra kveri, en bl. 27 er 7unda blað í síðara kveri.

Samkvæmt þessum útreikningi hafa blöðin með Árna sögu verið 24, þegar Jón Gissurarson og Björn á Skarðsá skrifuðu upp texta *R*. Auk þess sem aftasta blaðið hefur þá verið orðið máð, er ekkert því til fyrirstöðu að ætla, að nokkur blöð, eða jafnvel heilt kver, hafi þá þegar verið fallið aftan af bókinni, en allir fræðimenn, sem um hafa fjallað, munu hallast að því, að Árna saga hafi verið aftast í *R* upphaflega.⁵

² Aðrir möguleikar eru: 19 dálkar, 36,6 línur og 20 dálkar, meðaltalslínufjöldi 34,8.

³ *Sturlunga saga* . . . udgiven af Det kongelige nordiske Oldskrift-Selskab (København og Kristiania 1906–11) I xxxv. Í þá útg. er vitnað hér á eftir, nema annars sé getið.

⁴ „Úr sögu skinnbóka“. Skirnir CXXXVII 1963 86–90.

⁵ *Sturlunga* I xxxiv–xxxv; Safn til sögu Íslands 3 (Kaupmannahöfn 1902) 294–5; *Sturlunga saga*. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna (Reykjavík 1946) II xx.

B. RITHÖND · ALDUR · HEIMKYNNI · FERILL

Til skamms tíma hefur *R* verið talin vestfirzk, runnin upp í grennd við þær slóðir, þar sem hún var síðast varðveitt í heild.⁶ Nýlega hefur hins vegar verið á það bent, að rithöndum *R* svipar mjög til ákveðinna skagfirzkra rithanda frá síðara hluta 14. aldar. Sami skrifaraskóli kemur fram í bréfum, sem tengd eru Brynjólfi Bjarnarsyni á Ökrum og Benedikt, syni hans.⁷ Ólafur Halldórsson álitur, að *R* hljóti að vera skrifuð í nánasta umhverfi Brynjólfs, jafnvel að hún sé skrifuð fyrir hann, en Brynjólfur andaðist 1381. Stefán Karlsson getur sér þess til, að ritarinn sé Björn, sonur Brynjólfs, og telur líklegra, að bókin sé skrifuð á síðasta fjórðungi 14. aldar en um 1370, eins og Ólafur Halldórsson hafði talið.⁸

Í útgáfu sinni á Sturlungu hélt Kristian Kálund því fram, að tvær hendur væru á varðveittum blöðum *R*, sú síðari á bl. 2 og 25–27 (Árna sögu).⁹ Ólafur Halldórsson áleit hins vegar, að um fjórar hendur væri að ræða, hina fjórðu á bl. 25–27,¹⁰ og loks taldi Stefán Karlsson líkindi til, að *R* væri öll skrifuð af einum skrifara, en í áföngum á alllögum tíma; skv. því ættu blöðin þrjú að tilheyra síðasta áfanganum.¹¹ Stefán getur reyndar einnig þess möguleika, að sérstök hönd sé á bl. 25–27, enda þótt einn maður hafi skrifað aðra hluta *R*,¹² og þykir mér seinni kosturinn trúlegri.

Fátt er vitað með fullri vissu um feril *R* fram til 17. aldar, en af spásiugrein í bókinni hefur Ólafur Halldórsson ráðið, að hún hafi verið á Ökrum í Skagafirði undir miðja 15. öld. Þar bjuggu þá Helgi Guðnason og Kristín Þorsteinsdóttir, dótturdóttir Björns Brynjólfssonar. Ingveldur dóttir þeirra var kona Þorleifs Björnssonar á Reykhólum á Barðaströnd, og kynni bókin að hafa fylgt henni vestur á land.¹³

Árni Magnússon skrifar á miða, sem fylgir *R*:

Tabulæ Naufragii Magni Chronici Islandiæ, (*Sturlunga Sögu*) quod maximo Historiæ Islandicæ damno, paulo ante nostra tempora

⁶ Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie II. 16 1901 264–5.

⁷ Stefán Karlsson: *Íslandske originaldiplomer indtil 1450* (Ed. arnam. A 7, København 1963) xxxvii–xxxix; „Ritun Reykjarfjarðarbókar“. *Opuscula IV* (Bibl. arnam. XXX, Hafniæ 1970) 126–30. Ólafur Halldórsson: *Skírnir* 1963 100–104.

⁸ *Skírnir* 1963 83–5, 101. *Opuscula IV* 129–30.

⁹ *Sturlunga I* xxxiii.

¹⁰ *Skírnir* 1963 84.

¹¹ *Opuscula IV* 122–9.

¹² *Opuscula IV* 126.

¹³ *Skírnir* 1963 100–102.

(imô in pueritiâ nostra) in occidentali Islandiâ discerptum est et dissipatum. Codex olim fuit *Gislonis Jonæ* de Reykiarfirde.

Á blöðum Árna, einkum í ÁM 122c, fol., er að finna miklar heimildir um örvæntingarfullar eftirgrennsanir hans eftir hinum tvístruðu blöðum. Eftir því sem næst verður komizt, hefur *R* farið í blöð um 1674, á meðan hún var í eigu Gisla Jónssonar í Reykjarfirði í Arnarfirði. Raki hefur komizt að bókinni, á meðan hún var í láni hjá Árna Guðmundsyni á Hóli í Bildudal. Við það hefur kjölurinn fúnað og bókin losnað í bandinu, síðan dreifðust blöðin vítt um nágrennið. Saga sú hefur verið rakin annars staðar og verður því ekki sögð hér.¹⁴

C. STAFSETNING

Sérhljóð

Yfirleitt er ekki gerður greinarmunur á *a* og *á*. Þó er ritað *á* í eftirtöldum dæmum: á 43¹⁹, 47^{23(?)}, 48³, ár 44^{1,7,8}, 147¹⁰, ári 44¹⁷, hárvm 48⁵, ráni 145²³. Ritað er áá 147¹², AA 150²⁰.

Hljóðasambandið *vá*, sem síðar varð *vó*, er að jafnaði táknað með *va*: vars 44¹⁵, var 45²⁰, hvart 48⁹, 49⁶, Vag 67⁷, var 147⁷, vattaði 149²⁰. Tvö dæmi eru þess, að ritað sé *vá*: ván 65¹⁶, 150¹¹. Sagnmyndirnar *vóru* og *kómu* eru yfirleitt bundnar: *v^o*, *k^o*, og eru leystar upp: *voro*, *komo*. Fullum stöfum kemur fyrir *voro* 72³. Smáorðið *svá* er alltaf bundið (*sa*) og er leyst upp *sva* í útg.

e er undantekningarlaust skrifað á undan *ng*: engvm 44², fengv 45³. Á undan *gi* er ávallt ritað *e*: segia 45¹, degi 46⁷, segir 145¹⁴, feginn 146². Alltaf er ritað *ve*, en ekki *vö*, eins og síðar var tíðkað. Reyndar kemur aðeins eitt slíkt morfem fyrir á þessum síðum: hversv 42¹⁷, hvern 43¹³, hverr 44² o. fl.

Eitt dæmi er um það, að *e* sé táknað með *ε*: męstv 50⁶, en næsta orð á eftir er semðar, og kann lykkjan að hafa verið sett óvart á skakkan stað.

é er alls staðar táknað með *e*: bref 43¹, rettra 43¹², let 45², fe 48³, her 66¹⁷.

Ekki er greinarmunur gerður á *i/j* og *í*. Í innstöðu er alltaf ritað *i*, ennfremur oftast í bakstöðu, nema þegar *i* fer næst á undan. Þar er

¹⁴ Sjá einkum *Sturlungu* I xxxv–xxxviii. Ennfremur Jón Helgason: *Handritaspjall* (Reykjavík 1958) 45. Gísli Jónsson er ranglega sagður hafa búið í Reykjarfirði á Ströndum í *Sturl.* II (1946) xiv.

um að ræða eignarfallsmyndir latneskra orða: concilij 42²⁰–43¹, Janvarij 46¹³, 67¹⁰, Remigij 67⁹, ivnij 146¹², ennfremur töluorð: xij 43²¹, iiij 46¹², hins vegar t. d. vi 43²¹. Oftast er ritað *i* í framstöðu. Dæmi:¹⁵ Iqrvndr 42²⁰, Ions 43², Iorsala 43³, iatað 43⁸, iolvum 46¹¹, iarls 47¹⁰, Islandi 47¹⁴, 50⁶, iyki 147⁹. *j* er einkum ritað í sérnöfnum: Janvarij 46¹³, 67¹⁰, J(arls) 47¹⁰, Jon 49¹⁶, Jons 66²⁰, Jorvndr 150²⁰, Jngilborg 150⁷. Forsetningin *i* er ýmist rituð i eða j, oftar þó j. Annars er víða erfitt að kveða á um, hvor stafurinn er notaður. Samsvarandi latnesk forsetning er rituð jn 67⁶, hins vegar infesto 677⁹. Um *i* í bakstöðu, sjá bls. xii.

Yfirleitt eru *i* og *í* aðgreind frá *y* og *ý* samkvæmt uppruna. Frá þessu eru þó eftirtaldar undantekningar: skilldi 42¹⁸, 43⁷, 44^{1.3.6}, 146⁵, 148^{18.20}, 149⁴, skilldv 43¹⁴, 148²⁰, þickir 45¹⁹, þickia 48²², hins vegar samþyckia 48⁹, firir (f. hl. fullum stöfum) 46⁶, 70²⁰, 145¹⁶. Talning þessara þriggja orðstofna á að vera tæmandi. Úr skammst. skí er lesið skili 145²². Alltaf er hins vegar ritað yfir 44⁴, 49^{5.7}, 66⁵, 146¹³, 151^{13.14.18}. Orðið *biskup* er alls staðar skammstafað, en stafsett er byskvp í útg. Um röksemdafærslu skal vísað til Lárentíus sögu, útg. Árna Björnssonar, xviii. Ritað er: Þyðrek 151²².

Ritað er *av* fyrir *o* í Havrsa berg 47⁸.

ó er táknað með *o*: Hola 42²⁰, for 43², folki 43³, tok 43¹⁰. Ritað er Iorsala 43⁵, hins vegar: Iqrsala 67³.

u, *ú* og *v* eru yfirleitt táknuð með *v*: hversv 42¹⁷, svMRI, vt, Iqrvndr, statvram 42²⁰. Þess eru þó dæmi, að ritað sé *u* í latneskum orðum: testamentum 45¹⁶, transscriptum 66¹⁷, [ad]juent[u] 68¹⁴, annunciacionem(!) 150⁸. Þá er ritað Tunsbergi 150¹⁴. Ritað er orqgr 46⁴. *v* hefur fallið niður í hvarteggia 72^{15–16}. Um *u* í bakstöðu, sjá bls. xii.

æ er víðast táknað með *e*: færi 43⁵, eþti 43¹³, þetr 43¹⁵, kleði 43¹⁷, torreki 45². Þess eru nokkur dæmi, að ritað sé *e*: bendr 44⁶, Mellti 45¹⁸ (hins vegar ameltv 48²), mestv semðar(!) 50⁶, nesta 66⁵, frendkono 74⁹. Um *é* hefur fundizt eitt dæmi: géfi 44⁵.

Helzta tákn fyrir *ö* er *o*: Iqrvndr 42²⁰, loqðv 43¹⁷, tqldvm 44², visqztv 44¹³, margfollldvm 45¹¹. Talsvert víða er ritað *o*: oll 43^{11.14}, fostvnnar 45^{12–13}, oðrvum 45¹⁴, orqgr 46⁴, vokv 46¹⁵, olmosor 48^{4.20}, liðsfiolda 148¹². Í sumum þessara dæma kann lykkjan að vera máð út. Dæmi eru þess, að ritað sé *av*, *ax*: alavgv 44¹⁰, favgr 70²¹, Havs[nu] 150⁷ (aftast í línu). Ritað er sōng 44³, fōng 50⁵. Annars er víðast ritað *o* á undan

¹⁵ Þar sem prentað er *I* í þessum dæmum, er ritað *i* í HDR.

ng: vistaföngin 45⁶, söng 66⁵, söngs 66¹⁸, Söng 146¹²; song 46¹⁷. Á einum stað er ritað *ey* fyrir eldra *ø* á undan *ng*: þreyngdi 45¹².

au er að jafnaði táknað með *av*; stundum er þó límingarstafurinn *av* notaður: verkaps 43⁹, ra'nir 149⁹. Bæði þessi dæmi eru aftarlega í línu.

Í bakstöðu er næstum alltaf ritað *i*: skilldi 42¹⁸, sv'mri 42²⁰, Arni 43¹. Undantekning er aðeins ein: gerde 48¹², en *e* er þar greinilega til línu-fyllingar, aftast í línu.

Í endingum er bandið fyrir *ir*, *er* alltaf leyst upp *ir*; í stofnsamstöfu er það leyst upp *er*, *er* eða *eir*, eftir því sem við á. Um *eir* eru reyndar aðeins þrjú dæmi, þar sem bundið er á þennan hátt: Þorgeirs 49¹³, 73^{10,14}. Nafnið Rúnólfr er skrifað *rvn* + *er*-band 73¹³, sbr. 49¹⁷. Þessi ritháttur hefur vafalaust komið miklu víðar fyrir í *R*, sbr. bls. xxviii. Ekki eru önnur dæmi þess, að *er*-bandið sé notað sem styttingarmerki, óákveðinnar merkingar.

u er ýmist táknað með *v* eða *o* í áherzluveikri stöðu. Engar ákveðnar reglur virðast liggja því til grundvallar, hvor stafurinn er valinn. Auk orðmyndanna Gizor (73¹⁵) og nockor-(48⁹, 65¹⁷, 71⁸), sem er alls staðar með *o* í 2. samstöfu, þar sem ritað er fullum stöfum, má nefna þessi dæmi með *o*: þesso 42²⁰, Gyðnyio 44¹⁷, systor 44¹⁸, 49¹⁴, 72¹³. Moðro 44¹⁸, sono 45⁹, rekkio 45¹², Mario 46¹⁸, olmosor 48⁴, qnnor 48¹⁰, sönnoðv 48¹⁶, hino 49¹⁹, kirkionnar 50⁴⁻⁵, nattvro 65¹⁵, salo 66⁶, tvnnor 66¹⁷, messo 66¹⁸, tokoz 72¹⁴, hvsfreyio 145¹¹, hyggio 149¹⁶, ero 149¹⁷, nyio 151¹⁹. Um *v* eru heldur fleiri dæmi, enda þótt færri séu talin hér upp: Skipvðvz 43¹⁶, tokv, lögðv 43¹⁷, ollvm 43¹⁹, þessvm 44⁶, vrðv 46¹², litlv 46¹⁴, hofðv 47⁷, ameltv 48², baðv 48⁴, alþyðv 48⁸, qnnvr 48¹⁴, brennv 72⁶, miklvm 147¹². Geta má þess hér, að eftirtaldar orðmyndir eru oftast bundnar: m^o(messo), v^o(voro), k^o(komo), f^o(foro), en hin fyrrnefndu koma fyrir, rituð fullum stöfum: messo 66¹⁸, voro 72³.

Yfirleitt er rétt farið með endingarnar *-r*, *-ur* að fornum hætti. Undantekningar eru þó: systr 73^{5,16} (sbr. systor 49¹⁴, 72¹³), broðr 73⁷, ockr 145¹². Ritað er Haforbiorn 73¹³, en hins vegar Hafrbiarnar 73¹², Hafrbiorn 73¹⁷. *ur*-band er fremur fátítt. Í stofnsamstöfum er það leyst upp *vr*, nema or í nockor- (145¹⁰, 148¹⁷, 149⁸) skv. framanskráðu, og í endingum er það leyst upp *or*, þar sem *or* er algengari ending en *vr*, þegar ritað er fullum stöfum.

Samhljóð

Helzta sérkenni þessara blaða gagnvart öðrum blöðum bókarinnar er ritun *ð*. Kristian Kálund segir, að hvergi annars staðar í *R* sé gerður greinarmunur á *d* og *ð*.¹⁶ Um alla bókina eru notaðar tvær gerðir af *d*. Önnur gerðin er með einföldum hálegg (*d*¹), en háleggur hinnar er með belg, sem sveigist til hægri niður í línuna (*d*²). Skipting þessara tákna þarf að vísu nánari rannsókna við, en a.m.k. víðast hvar utan Árna sögu virðist hvortveggja gerðin vera notuð jöfnum höndum fyrir *d* og *ð*. Á þessum blöðum *R* er *d*¹ notað fyrir *d*, en *d*² er notað óbreytt til þess að tákna *ð*, án t. d. þverstriks eða lykkju. Áður en rakin verða einstök dæmi um frávik, er rétt að geta þess, að ef band fer næst á eftir *ð*, er ritað *d* í hdr., enda ekkert rúm fyrir belginn. Í slíkum tilvikum er prentað *ð* í útg., enda eru dæmi um *ð*, þar sem *-ar* fer næst á eftir, ritað fullum stöfum: ferðar 43⁴, Valgerðar 49¹⁴, Þorgerðar 146¹⁶. Hins vegar t. d. adra 43¹³, bvrðar 43¹⁸⁻¹⁹, fręgdar 45⁴, sidir 45¹³, fadir 46⁴, fagnadar 46⁷, sidar 46¹⁴, þar sem ra, ar og ir er bundið. Að undanteknum slíkum dæmum eru helztu frávik sem hér segir: Ritað er *ð*, þar sem búast mætti við *d*: henði 45⁶, fvnð 47⁵, tivnð 48³, hönð 49⁹, bonða 49¹⁴(?), 73¹⁸, Iqrvnðr 49¹⁵, Aðalbranðr 49²⁰, hallða 50⁴, ðaga 66¹³, 68⁸(?), tivnð 67³, Þranð 67⁵, stvnð 67¹⁶, 74¹¹, nefnðr 73¹⁰, Sęmvnð 74¹⁰, stvnðvm(?) 74⁷, henðr 146⁶, senða 149²¹, anðazt 150⁸, Jorvnðr 150²⁰, Þorvallð 151³, vallð 151¹⁴, ellð 151¹⁸, Heroðes 151²¹. *d* er ritað, þar sem búast mætti við *ð*: *gd*: þreyngdi 45¹², fylgdi 50⁶, 66¹⁶, fylgdv 67¹⁴, en hins vegar fylgðv 66¹⁷. *ld*: taldvm 44², valdi 44¹³, skildi 46¹, fiqldi 49¹⁸, þoldi 65¹⁷, liðsfiolda 148¹². Um ritháttinn *lð* eru engin dæmi. *md*: semdi 48¹¹, framkvęmd 72¹³, sęmda 149¹⁵, en hins vegar framkvęmð 72¹⁵, rymði 73⁸, kappsemð 148⁴. Í tveimur dæmum fer ar-band á eftir *d*(ð), og er þar prentað *mð*: semðar 50⁶, miskvnnsemðar 46⁵. *nd*: synda 43⁸. *rd*: gerde 48¹², vard 74⁹, en hins vegar t. d. gerði 49³, Varð 44¹¹. Sérhlj. + *d*: stod(?) 49⁵, oleadr 146⁸. *ð* hefur fallið brott: verkaps 43⁹. Ritað er virðv (þt. fh.) 151². Gamalt *kð* er táknað með *kt*: lykta 46⁴, misþyktar 48⁵, stqkti 147¹⁴, styrkti 148¹⁹.

g hefur fallið brott í rithætti: mart 49¹⁵, 149⁵. Eitt dæmi er um *gn* í upphafi orðs: gneisti 149⁸. Skrifað er hvGGLEIDDI 46¹.

h er ekki táknað á undan *l* og *r* í upphafi orða: lvtr 44¹, lvt 45¹², lvti

¹⁶ *Palæografisk Atlas, ny serie* (København–Kristiania 1907) nr. 19.

497, Rafn 49¹⁶ o. fl., Rvna 747, liop 145⁸, lvtin 146¹⁷. Greinirinn er ritaður it 46³, 50⁹, hit 44⁸, 66³, hins 68¹⁶.

Ritað er fullum stöfum: miög 45^{2,12}, 65¹⁴, 72⁴, mig 46³, 145¹⁷, sig 46⁴. Hins vegar: ek 46³, 65¹⁸, 145^{12,16}. *ok* er alltaf bundið, en prentað er ok. Sögnin *þykkja* er alltaf rituð með löngu *k*: þickir 45¹⁹, þickia 48²², samþykkia 48⁹. Ritað er einfalt *k* á undan *t* (<*ð*) án tillits til uppruna: lykta 46⁴, misþyktar 48⁵, stökti 147¹⁴. Utan sambandsins *ck* er *c* einkum notað í latneskum orðum. Þá er *c* notað í þeirri skammstöfun, sem algengust er fyrir eignarfallið byskvps: þpc. Loks kemur það fyrir í ercibyskvps 47¹⁶.

Á undan *t* og gömlu *d* er jafnan ritað //: skilldi 42¹⁸ o. áfr., valld 43¹⁰, margföldvm 45¹¹, villdi 45¹⁵, Mellti 45¹⁸, hallda 47¹⁸, helldr 48⁷, milldi 49⁴, skylldv 49⁸, hallða 50⁴, illt 65¹⁷, holhti 70¹², hellt 73¹⁸, selldi 146¹⁹, elld 148¹, helldi 149¹⁶, golldit 146⁹. Undantekning: ameltv 48². Á undan *d*, sem orðið er til úr *ð*, er hins vegar ritað einfalt *l*: valdi 44¹³, skildi 46¹, fiöldi 49¹⁸, liðsfiolda 148¹². Ritað er Villborgv 73¹¹, hins vegar Vilborgv 73¹⁴.

Ritað er snema 146⁹ (í línulok).

Samtengingin *en* er alltaf rituð með einu *n*: 45¹, 46⁴, 47¹⁸ (samburðartenging) o. áfr. Atviksorðið *enn* er skrifað á sama hátt: en 45¹⁶. Ýmist er ritað einfalt eða tvöfalt *n* á undan *d*: tivndar 43²⁰, brendra 43²¹, kendi 44¹¹, kenndi 49⁴. Á undan *t* er að jafnaði ritað einfalt *n*: mintiz 67¹⁶, sent 151¹². Hins vegar: profentv 73⁵. Skrifað er insigli 148¹⁵ (hins vegar innsigli 43¹⁸, innsiglv 47¹⁷), bansetti 151⁸. Í lagana 45¹⁶ er strik yfir *n* hugsanlega máð út. Að öðru leyti er skrifari yfirleitt sjálfum sér samkvæmur í ritun *n* og *nn*. Eitt dæmi hins gagnstæða má þó loks nefna: Steinvn 145⁸, 146¹³, hins vegar Steinvnn 146¹⁷, Steinvnni 145¹¹, 147². Ritað er rettindinn 148⁴, en þar er e. t. v. eitthvað leiðrétt í endingunni.

Yfirleitt er ritað *pt*: skipta 43¹³, afgiptar 43¹⁵, eptir 43¹⁹, gipt 72¹⁰, keypt 73¹. Undantekning: Alfta 147¹².

Ýmist er ritað *r*, *R* eða *z* (rotunda). *z* fer á eftir þessum stöfum: *o*(*q*), *y*, *b*, *d*(*ð*), *g*, *v* (undant. *bvrisnv* 73¹⁸ – óskýrt), *p*. Á eftir *p* er hins vegar ritað *r*: sprota 45¹⁰, boðskapr 50³.

Fremst í orði er *R* (hásteffingur) aðeins notað í einu sérnafni, í upphafi málsgreina og í sumum dæmum orðsins ríki: rafn 49¹⁶ o. áfr., reisti 146¹⁴, himinríki 43⁹, rikissins 50⁶, hins vegar rikissins 49⁹, rikinv 66¹⁶. Í innstöðu og bakstöðu er *R* ritað á eftirtöldum stöðum: þessara 44⁴, þessarar 46⁶, meir 47¹⁸, 149⁵, annara 48¹³, 49¹⁸, þesarar 49¹⁹,

siðar 67¹², stæri 150¹, þer 150¹⁴. Tvöfalt, bakstætt *r* er ritað í eftirtöldum orðum (*er* eða *ar* alls staðar bundið): hverr 44^{2,4}, 49³, 148¹⁶, 149⁹, verr 65¹⁸, gerr 66⁸, varr 147¹⁷. Hins vegar er ritað *dyr* 45⁶, Gizor 73¹⁵, Valldamar (*ar* bundið) 47⁴, nockor 147¹, (*or* bundið) 149⁸, annar (í línu-lok) 44⁷. Miðstigsmyndin fyrir er alltaf rituð fyr. Skrifað er fyrrvm 47²³, hins vegar fyrrvm 49⁸, 50⁷. Ritað er Snora 149¹ og vera (*er* bundið) 65¹⁷.

Prentað er *s* (hásteffingur) alls staðar, þar sem það kemur fyrir í hdr. nema í upphafi orða. Morfemið *þess* er ritað þes í alls um 40 dæmum. Önnur dæmi eru: frelsis 43⁶, 44¹, 48³, sins 46⁸, almvgisins 47¹⁵, misari 48², olmosor 49², konvngsins 49⁶, lærdomsins, rikissins 49⁹, miseri 49¹¹, rikissins 50⁶, lavsnar 145⁷, heraðs, saklavsir 148⁹. Ritað er rettlavss 148²⁰, Andress 150⁶. Ritað er misti 72¹².

Í endingum fornafrna, greinis og smáorða er ávallt ritað *t*, þegar skrifað er fullum stöfum: at 43³ o. áfr., þot 48⁵, annat 44⁷, hit 44⁸, 66³, þangat 49¹⁶, þit 65¹⁹, Vit 145¹⁰. Í síðastnefndu dæmi er um að ræða smáorðið *við*, en það orð er prentað með *ð*, þar sem það er bundið. Í hvorugkyns greinisendingum og endingum lh. þt. hk. er oftast skrifað *t*, þar sem ritað er fullum stöfum: landit 43², efnit 45³, leitat 47⁸, feit 67⁵. Undantekningar eru: iatað 43⁸, setið 67¹⁵, skiptið 73⁷. Í öllum þessum þremur orðum endar stofn á *t*.

Ritað er *t* í þolfalli et. no. með *ð* í stofni: sivknat 45¹¹, fagnat 46⁷, bvnat 146¹⁴. Ennfremur er ritað elskit 46³ (2. p. flt. frsh. nt.).

z kemur fyrir í þessum samböndum: 1) Í endingum miðmyndar: krossaz 43³, berðiz, gerðiz 43⁶, Skipvölvz 43¹⁶, lagðiz 45¹⁰, vannz 47⁹, fęriz 65¹⁶, forz 66², mintiz 67¹⁶, tokoz 72¹⁴, dvaldiz 145¹⁰, Settiz 147¹⁸, ottaðiz 148¹², 149¹⁵. Dæmi um *zt*: lezt 48¹³, anðazt 150⁸. Eins og fram kemur af dæmunum, er *zt* miklu fátíðara en *z*. 2) Í efstastigsendingum lo. og ao.: skilrikvztv 44¹², visqztv 44¹³, sannaz 45¹, framaz 50⁵, greiðazta 66³, skiotaz 146¹, siðazta 146⁸, framaz 148³. 3) Í nafnorðum, þar sem tannhljóð er í stofni: veizlan 44¹⁹, 49¹⁸, innleiðzlan 45⁵, vtleiðzlan 45⁶, vtgreizla 67⁴, Gizor 73¹⁵, samvizkv 149⁹, glenzi 50². 4) Í beygingarendingum fallorða, þegar orðstofninn endar á *d*, *ll*, *nn*, *t*: sannz 43¹⁸, prestz 46¹⁷, allz 49⁹, Hallz 49¹⁴, Oddz 49¹⁶, 66⁵, þenahallz 66¹⁶, landzlv 68¹⁵, hollz 73⁴, Kristz 147⁹, allz 148⁸, Finnz 149¹, valldz 149¹⁰, andlatz 150⁶, brotz 151²⁰. Í stuttstofna orðum með *ð* í stofni er ritað *ðs*: boðs 45⁴, gvðs 145¹⁶, liðs- 148¹².

Ritað er Thorlacs 149², enda er þar um að ræða Þorlák helga.

D. ORÐMYNDIR

Nafnorð

Ritað er Valldamar 47⁴, hins vegar Valldimars 47⁹.

Tvívegis er ritað penga 43¹⁷, 45², en aftur penningvm 73¹⁷.

Orðið *misseri* hefur tvímyndir: *misari* 48², *miseri* 49¹¹.

Meðal athyglisverðra eða afbrigðilegra beygingarmynda má nefna eftirfarandi: Petr (ef.) 43¹⁰, matgiafir (þf. flt.) 47²², sal (þgf.) 49³, orðsending (þgf.) 146³, en Margreto (þf.) 73². Þá er ritað formennirnir (nf.) 50¹.

Greinir er ósamandreginn í feit 67⁵.

Bæjarnafnið Björgvin kemur tvisvar fyrir skammstafað í ef., og í útg. er það prentað með end. -viniar.

Úr skammstöfuninni þþ er lesið ýmist pafa, pafans eða pafi. Skammstafað er á eftirtöldum stöðum: 43¹⁹, 47¹, 48²¹, 66¹⁷, 71², 150⁵.

Lýsingarorð

hryggr er í þf. flt. hk. hryggia 46².

Fornöfn

Alltaf virðist gerður greinarmunur á tvítölu og fleirtölu í notkun persónu- og eignarfornafna: vit 65¹⁸, þit 65¹⁹, yckrvm 66¹, ockr 145¹².

Ritað er sin (efn. kk.) 45³ og sinn (= sín) 45¹⁴. Ef. afturbeygða fornafnsins er ritað sins 43¹¹.

Ábendingarfornafnið *sja/þessi* beygist á eftirfarandi hátt:

| | | | |
|-------|--|--|---------------------------|
| Et.: | kk. | kvk. | hk. |
| nf. | þesi 69 ¹⁵ , 73 ¹³ , 74 ⁹ | sia 45 ¹² , þesi 147 ¹¹ | þetta |
| þf. | þenna | þessa | þetta |
| þgf. | þesvm | þesi 47 ²⁰ , 146 ⁶ | þesso |
| ef. | þesa | þesarar 44 ³ , 45 ³ , 46 ⁶ , 49 ¹⁹ | þesa |
| Flt.: | | | |
| nf. | þesir | þesar | þessi |
| þf. | þesa | | |
| þgf. | þessvm | | þessvm |
| ef. | | | þessara 44 ⁴ . |

Óákveðna fornafrnið *nokkurr* beygist reglulega skv. 14. aldar beygingu, sem upp er komin á 13. öld. Nægir að vísa til töflu III í ritgerð Hreins Benediktssonar í Íslenzkri tungu III 18.

Óvenjuleg notkun fornafrnsins *neinn* er 48¹⁸. Ritað er ne einn 147¹⁸.

engi kemur fyrir í þessum beygingarmyndum: kk.: et. nf. engi 72¹⁷, 73¹⁷, et. þgf. engvm 44², flt. nf. engir 74³, flt. þf. enga 49⁷. kvk. et. þf. enga 46¹⁷, 72¹⁹. Ritvilla er enga (hk. et. þgf.) 149⁸.

Sagnorð

Sagnendingar eru yfirleitt að fornum hætti. Þess skal þó getið, að aðeins eitt dæmi er um sögn í 1. persónu, og þar hefur 1. pers. et. frsh. nt. endingu 3. persónu: hefir 145¹². Dæmi annarra afbrigðilegra eða nýlegra sagnmynda:

Framsöguh.: fylgdi (et. í stað flt.) 50⁶, en hugsanlegt er, að staðið hafi fylgðv og hægri hluti v hafi máðst. Í þremur dæmum er framsöguháttur, þar sem vænta mætti viðtengingarháttar: let 45², fell 150³, skilldv (3. p. flt. þt.) 43¹⁴.

Boðháttur: færi 146¹. Hér gæti reyndar verið um að ræða 3. pers. flt. frsh. með undanskildu frumlagi.

Lýsingarháttur: lagit (nf. et. kvk.) 145¹⁵.

Smáorð

Þegar er notað eitt sér sem samtenging 43¹.

Ávallt er ritað eðr; eða kemur ekki fyrir.

Ritað er at moti 46⁷, 48¹⁶, 50⁷, en moti 48¹⁷, 65¹⁵. Auk dótturhandrita *R* kemur orðasambandið at móti fyrir í 220 31¹⁸ (sbr. *B*^{1.4} 31⁴) og kann því vel að vera runnið frá höfundi sögunnar.

Ritað er j því sinni 47⁹.

Greinarmerki

Einu greinarmerkin í *R* eru punktar. Greinarmerkjasetningu er fylgt hér, en á stöku stað er bætt inn punkti á línunótum, þar sem efnið hefur þótt krefjast þess. Fylgt er stórum og litlum stöfum að öðru leyti en því, að sérnöfn eru flest með litlum staf í handriti, en eru prentuð með stórum staf.

Ekki eru tölusettir kapítular í *R*, en textanum er skipt í kafla eða greinar. Í upphafi hvernar greinar er skilin eftir eyða fyrir upphafsstaf, og í lok greinanna eru víðast lóðrétt tvístrík, þar sem kaflalok fylla ekki út í línu.

Uppskrift Björns á Skarðsá (*B)

Í ÁM 216d, 4to eru varðveitt þrjú bréf frá Birni Jónssyni á Skarðsá til Guðmundar Hákonarsonar sýslumanns. Aðeins yngsta bréfið er árssett, 1638. Í miðbréfinu, sem er frá u. þ. b. 1635,¹⁷ segir Björn m. a.:

Eg er nú j störrri qnn, ad skrifa fyrir biskup vorn. eina bök pappýrs, eptir þeirri gqmlu og miklu Jslendinga sqgu, sem tekur fram ad Gissor jarle: eptir hvorre eg skrifadj nockra annala i ungdæmi mijnu: hvoria bök herra Þörläkur hefur feingid til läns ä Vestfiqrdum, og vill läta alla vppskrifa, og koma henni sijdan i stutt mäl gre(i)niligt til annala: Mä skie eg taki það ad mier audnist mier ad hiara nockra stund, því eg hefi stüttligt ärtal allrar bökarinnar. hvad ä hvoriu äre er skied.

Vafalaust er hér átt við *R*. Auk þess sem Björn hefur skrifað upp texta bókarinnar í heild, hefur honum enzt aldur til að gera sérstakan útdrátt bæði úr Sturlungu og Árna sögu. Hin upphaflega uppskrift er nú glötuð,¹⁸ en varðveitt er ágríp Sturlungu í ÁM 439, 4to og ágríp Árna sögu (*B*⁴). Ennfremur eru varðveitt þrjú handrit til viðbótar, sem hafa sjálfstætt gildi og eru runnin frá **B*.

Eitt af einkennum **B* hafa verið fjölmargar spássúgreinar, sem Björn hefur skrifað til að fá betri yfirsýn yfir atburði sagnanna og til þess að tíunda og skýra fágæt orð.¹⁹ Þessar spássúgreinar ganga einkum aftur í *B*¹ og *B*⁴ (sjá bls. lx–lxii).

Til sönnunar sjálfstæðs gildis og sérstakra leshátta í texta **B* skulu hér í einu lagi tekin nokkur dæmi, þar sem texti *R* er varðveittur.

43⁸ viðkomning *RB*^{1,2,4}, vidurkomning *B*³, vidkenning *Ú*, vidurkiening *J*. 44⁹ skipvöðv *RÚJ*, skickudu *B*¹⁻³ (÷ *B*⁴). 45¹ sinkvm *RB*^{1,2}, siukum *B*³ *ÚJ* (÷ *B*⁴). 48¹⁰ vm *RB*, vid *ÚJ*. 49⁷ tivnd *RÚJ*, tydenn *B*. 50⁷ at *RB*, a *ÚJ*. 50¹¹ ok²] þannig *RB*, ÷ *ÚJ*. 65¹⁴ hofga *RB*, hoggva *Ú*, þunga *J*. 72¹⁸ sinv *RÚJ*, ÷ *B*. 74⁹ Þorðr *RB*¹⁻³, Þrandur *Ú*, hann *J* (÷ *B*⁴). 145² Manudagenn *RJ*, Sama dag *B*. 146³ fram *RB*, ÷ *J*. 146¹⁵ lokit *RB*, golldid *J*. 147²² faliðr *RB*^{1,3}, fälidatur *B*², so sem hraustur *J* (÷ *B*⁴). 148³ iðvligri *RB*¹⁻³, ýdugliga *J* (÷ *B*⁴). 150⁶⁻⁷ ok—allr] þannig *RB*^{1,2,4}, ÷ *J* (breytt *B*³). 151⁴ miklo *RB*^{1,2,4}, marger *J* (breytt *B*³).

Af kaflaskiptingu *B*¹⁻³ sést, að **B* hefur fylgt greinaskiptingu *R*.

¹⁷ *Sturl.* I xxxvii.

¹⁸ Um sögu hennar, sjá *Sturl.* I lvii–lviii, hér bls. xix.

¹⁹ *Sturl.* I lviii. Þessi tilhneiging kemur t. a. m. vel fram í Skarðsárþók Landnámu, sbr. útg. Jakobs Benediktssonar, Reykjavík 1958.

Kapítularnir eru tölusettir í *B*^{1,2}, og svipaður tugaruglingur er í kapítulatölum beggja þessara handrita.

Um **B* er vitað, að það var í eigu Björns Þorleifssonar Hólabiskups í byrjun 18. aldar, en skv. ummælum Jóns Ólafssonar frá Grunnavík glataðist það á 18. öld í Ólafsvík eða Héðinsfirði.²⁰

British Museum Add. 11.127 (*B*¹)

Handrit þetta, sem er stór pappírsbók í fol., hefur að geyma, auk Sturlungu og Árna sögu, Egils sögu og Grettlu. Við lok Egils sögu er svofelld athugasemd:

Skrifud a Oddastad ä Rangärvöllum Anno 1696, D. 20 Aprilis.

Hér er vafalaust á ferðinni það eftirrit **B*, sem var skrifað fyrir Björn Þorleifsson í Odda, sem síðar varð biskup á Hólum (1697–1710). Um handrit þetta og forrit þess eru talsverðar heimildir í bréfaskiptum þeirra Björns og Árna Magnússonar.²¹ Af bréfum þessum kemur fram, að Árni hefur haft Sturlungu með hendi Björns á Skarðsá að láni frá biskupi 1704. Á alþingi árið 1707 virðist Árni loks hafa skilað bókinni, en falar hana jafnframt til kaups. Biskup hefur góð orð um það, þegar hann hafi lokið við að láta bera hana saman við eftirrit hennar, sem sjálfsagt er *B*¹. Þeim samanburði er ólokið sumarið 1708. Hvoruga bókina auðnaðist Árna að eignast. Um feril *B*¹ eru engar heimildir, fyrr en það komst í eigu Finns Magnússonar prófessors, sem seldi handritið British Museum 1837.

*B*¹ virðist vera tiltölulega nákvæm uppskrift **B*. Þeir sem ritað hafa Sturlungu og Árna sögu hafa jafnframt lagt sig fram um að taka með hinar mörgu spássúgreinar, sem Björn á Skarðsá hefur ritað í handrit sitt (sjá bls. lx–lxii).

Árna saga er með sérstakri hendi í bókinni, og ritari er ókunnur. Fyrirsögnin, sem rituð er með yngri hendi, er: „Saga Árna biskups Þorlákssonar“. Leiðréttingar eru gerðar á stöku stað með öðrum höndum. Fyrstu leiðréttingahönd er víða erfitt að ákvarða vegna þess, að bleklitur er mjög líkur og höndin frá svipuðum tíma og aðalhönd. Þar sem í orðamun er getið breytinga m. a. h., er átt við þessa fyrstu leiðréttingahönd (t. d. 20⁸, 21¹⁰) með eftirtöldum undantekningum: 27⁸ *Lugdun*,

²⁰ *Sturl.* I lviii.

²¹ *Sturl.* I lvii–lviii; *Arne Magnussons private Brevveksling* (København–Kristiania 1920) 583, 586, 603, 611, 614.

43⁵ til *Iorsala*. Í þessum dæmum er um að ræða aðra leiðréttingahönd sögunnar.²² Þá er þess að geta, að á stöku stað eru stafir skýrðir með hinni þriðju hendi, enn yngri, en um breytingar er ekki að ræða utan 55² *Halfd*.

Kapítulaskipting virðist fylgja greinum í *R*, og eru kapítularnir tölusettrir. Frá og með 40. kafla hefst ruglingur á kapítulatölum. Þann kafla tölusetur skrifari nr. *L*, og síðan munar einum tug í kapítulatali fram til 80. kafla, nema hvað 53. og 54. kafli fá tölurnar *LXXIII* og *LXXIV*. Á stöku stað eru kaflatölur þó leiðréttar með yngri hendi (*XL*, *XLI*, *XLVI–XLIX*). Frá og með 81. kafla (*91* í hdr.) hefur ritari skilið eftir eyður fyrir kapítulatöl, og þær eru fylltar með yngri hendi, að þessu sinni með arabískum tölustöfum í stað rómverskra áður.

STAFSETNING OG ORÐMYNDIR

Árna saga er rituð með fljótaskriftarhendi, mjög lítið bundinni. Blekið er vont og sumir stafir því klesstir eða daufir. Ritháttur er ekki fyrndur að neinu ráði.

Samstöfunum *ag* og *æg* er stundum ruglað saman á undan frammæltu sérhljóði: medallæge 55¹⁰, ordlæge 153¹², hins vegar: ut lager 94⁶.

á er yfirleitt táknað með *a*, en sums staðar er ritað *ä* eða jafnvel *ä*. Víða er óvíst, hvort um einn punkt eða tvo er að ræða yfir stafnum, og er ævinlega prentað *ä* í þessum tilvikum. Örfá dæmi eru um *æ*, t. d.: Skæl 4¹⁷, æ 16¹⁰, hærum 48⁵.

Yfirleitt er ritað *vo* eða *vð* í stað eldra *ve*: hvorn 8², hvóriu 8⁸, hvorsu 8¹⁰, hvorjum 17⁶; sbr. hvervetna 127¹⁹. Ritað er tvefollu 58¹.

Fornt *eg* í áherzluatkvæði á undan frammæltu sérhljóði er alltaf ritað *eig*: seiger 45²⁰, Eigill 38¹, leigenn 77³; auk þess er ritað meigu 175⁷.

é er yfirleitt táknað með *ie*, en stundum þó *e*. Dæmi: Fieck 16⁹, hiellt 20²⁰, gieck 67¹³, fiell 115¹⁴. Nokkur orð eru á víxl rituð með *e* og *ie*: let 60⁶, liet 145², ver 81⁴, vier 81¹⁸. Tvö morfem eru ævinlega rituð með *e*: bref 62¹⁹ o. s. frv., rett 61⁷ o. s. frv.

í er langoftast táknað með *y*, en einnig *i*, *ij*. Dæmi: sydann 37, lykade 87²⁴, pilagrimsfærd 180^{10–11}, sijra 91⁸, Svijnafells 51⁸. Í upphafi orðs er *j* notað nær eingöngu, bæði fyrir *i*, *í* og *j*. Undant.: ynna 124¹⁸. Dæmi um *i*: Iohannis 178²⁰.

²² Ennfremur eru þessar spásiugreinar með 2. hendi: 26⁸, 37² (síðustu tvö orðin), 134²⁰.

Eins og nærri má geta, er talsverður ruglingur á tákun forns *y* og *i*. *ó* er víðast táknað með *o*, en sums staðar með *ö*, *õ*, *ó*. Alls staðar er prentað *ö* í þeim tilvikum.

ö er táknað jöfnum höndum með *o* og *ð*. Dæmi annarra rithátta: *au*: aull 43¹¹, audrum 45¹⁴, laug 55¹¹, aunnur 78¹⁰, Gudraudur 87¹⁸, saulum 97⁴, saukum 109⁶, Aunundarfyrde 130¹³. *ø*: Øgmundar 3⁷, ølmosu 106¹⁶, Ønundarfyrde 125²². *q*: fōdur 3⁵. *ǫ*: fiǫtre 53¹⁰. Víðast er þgf. fornafns 3. persónu kk. ritað hönum, þar sem það er ritað fullum stöfum. Þar sem orðið er bundið, hefur það hins vegar verið leyst upp honum, enda þótt hitt hefði verið réttara.

au er á stöku stað táknað með *ð*: tróste 71¹³, endalósum 113²³, hösted 116¹⁸.

Ávallt er ritað *ang* og *eing*, en oftast *aung*: aungva 46¹⁷, raungu 114¹⁹, saung 146¹², laungu 152²³. Hins vegar: ongver 134²¹, øngva 140¹⁴.

Í áherzlulausri stöðu er oftast ritað *e* en *i*, en víða er erfitt að ákvarða, hvorn stafinn er um að ræða. Oftast er ritað *-legur* en *-ligur*: eigennlegum 100¹, forsamlega 100⁵, fulliga 108⁹, jardligs 113²⁰.

Tvöfalt *l* er jafnan ritað á undan *t*: hejmillt 4¹⁹, Hieilt 6⁴. Þá er tvöfalt *l* ritað á undan fornu *d*, en einfalt *l* á undan *d*, sem til er orðið úr fornu *ð*: villde 5¹, skilde 6¹⁹, velde 10¹⁷, keröldum 81¹⁰, valde 92⁵, helldur 83⁹, skylde, skyllde 132¹², tilskildu 135⁸, talde 167⁵.

Gómkveðið *g*, *k* er skrifað *gi*, *ki* á undan *æ*, en yfirleitt ekki á undan *e*: agiætur 46¹⁶, giæfe 57¹¹, kiæmest 62²¹. Hins vegar: laungetenn 4⁶, kende 44¹¹, gefur 126²³. Ritað er Kietell 36²⁰, en Ketell 36²¹.

Fyrir *nn* á eftir löngu sérhljóði eða tvíhljóði er ritað *rn*: Kolbejrn 4¹², Þorsteirn 6⁶, Martejrn 40², eirn 76²¹, neirn 118¹³, norrærn 132¹⁸.

Víða er ritað *ll* í stað forns *rl*: Þollaks 32¹⁶, jall 9¹¹, jalli 37²¹, kallmadur 77⁵, Ellendur 116²¹, hins vegar Þorlakur 3⁹, Jarlinn 9⁵ og til ferle 115⁴ með *rl* fyrir *ll*.

Ritað er stundum *x*, þar sem búast mætti við *gs* eða *ks*: Norex 7³, vyxlur 7⁴, huxa 7¹⁴, Stox eyre 103¹¹.

Ýmist er ritað *pt* eða *fft*: þyrffte 8⁴, skriffter 39²⁰, effter, epter 52², hafft 80¹², optrudu 112²³, optlega 114¹⁴, afttur 168²⁴, aptur 168²⁶.

Stofnlægt *t* og *d* (*ð*) kemur víða fram í rithætti: samvitsku 31⁹, vardveitslann 97³, vórðslur 159⁸, lietst 178⁴. Hins vegar: þriosku 155¹⁸, vorslur 158²⁰, Þrensker 175⁶. Dæmi áhrifsmynda: hieildedst 113³, elldst 3¹⁷. Ritað er gottze 142⁶.

Ritað er *kt* í þátið og lýsingarhætti þátiðar sagnarinnar *sækja*: söktu 9¹¹, sakt 107¹⁰, sockte 124¹⁰; hins vegar t. d. þottest 6¹⁹.

Sums staðar er *h* sleppt á undan *l*, *r*: Runa 74⁷, Repp 154²⁰. Ávallt er ritað Rafn, 23² o. áfr.

Dæmi eru þess, að skrifað er *rr* fyrir *r* innstætt milli sérhljóða: snerre 38¹⁴, 40¹¹, 176⁸, Grerru 175¹⁴.

Ritað er Thorlakur 16¹¹, Thorlaks 155⁶, hins vegar: Þorlaxsmessu 155⁹.

Aðeins örfá dæmi eru um úrfellingar stafa í samhljóðahópum: vankvæde 139²¹, harnade 144¹¹.

Ritað er Vox 89²⁴, vox 122⁷, hins vegar yxe 131¹⁹.

Ritað er mikillre 37², 157¹⁰, mikille 38¹⁹.

Einfalt samhljóð er yfirleitt haft í innstöðu næst á undan *d*, *t* og *st* án tillits til uppruna: kende 5¹⁴, formentur 6¹³, mintest 157²¹, minsta 175¹⁴, mist 132¹³, hveste 139⁹, skemder 143¹, fimta 171¹⁸.

Meðal einangraðra afbrigðilegra dæma eða mállýzkubundinna má nefna: skorugglega 8¹⁰, vokna (= vopna) 107¹³, skialldann (= sjaldan) 124²².

Í línulok er sums staðar notað band fyrir *-is*, sem reyndar mun ein-kennandi fyrir rit Björns á Skarðsá. Prentað er *-is* í þeim dæmum, en fullum stöfum er þessi ending jafnan rituð *-iss*. Dæmi bandsins: afrettindis 34⁶, ætternis 37¹⁸. Dæmi endingarinnar fullum stöfum: fulltingiss 10⁷. Bandi þessu er hnýtt aftan í skammstöfunina Bþ 75⁴, en þar er lesið úr því *-s*. Í miðri línu er misættis 183³.

Orðið *biskup* er víðast bundið. Fullum stöfum kemur það fyrir: biskop 3², 13², 16³, biskup 8², biskope 23⁴, biskupe 128¹². Úr skammstöfunum er því lesið biskop.

Staðarheitið *Björgvin* er ritað fullum stöfum á eftirtöldum stöðum: *-vin* 284⁶, *-vynar* 29¹, *-yniar* 41⁹, *-ynar* 116². Úr skammstöfunum er lesið: *-vin*, *-vinar*.

Þess eru örfá dæmi, að *ia*-stofna nafnorð séu beygð að fornum hætti: flytis 59³, sakeyre (þgf.) 154⁵; hins vegar: sakeyrer (þf.) 77¹⁰, 84⁸, eyrer (þf.) 78¹, (þgf.) 85², hyrdersins 115²³.

Á einum stað er ritað eg hefir, 145¹² (sbr. orðmyndalýsingu *R*), hins vegar: hefe eg 165¹².

Ritari gerir ekki greinarmun á kommu og punkti, og víða ritar hann upphafsstafi, án þess að eðlileg skil séu í texta. Í útgáfunni hefur því verið horfið að því ráði að samræma greinarmerki og upphafsstafi.

Margar málgreinar sögunnar eru svo lotulangar og þvælingslegar, að þær hefðu orðið óskiljanlegar, ef greinarmerkjum og upphafsstöfum ritara hefði verið fylgt.

Hér á eftir verða tíundaðir nokkrir leshættir, þar sem texti B^1 er frábrugðinn texta annarra aðalhandrita.

4¹¹ Guttormur B^2J , Gutthormur $B^3Ú$, Gudtormur B^4J Gudleymur B^1 . 21⁷ stad $B^{2-4}ÚJ$] strid B^1 . 29¹⁰ huij B^4 , þui B^2J , hanz $Ú$, ÷ B^3J] hafe B^1 . 43¹ generalis $RB^3ÚJ$, generales B^2 , ÷ B^4J] gentialis B^1 . 46⁷ moti $RB^{2,3}Ú$, ÷ B^4J] morgne B^1 . 78¹⁶ falslaus $B^{2-4}J$] fals B^1 . 90⁶ herda ad $B^{2-4}J$] beyda af B^1 . 94¹⁹ sen] + (ord edur jnntak) B^1 . 104¹³⁻¹⁴ af—hallded] þannig $B^{2,4}J$, ÷ $B^{1,3}$. 107²¹ hann²—ad] þannig $B^{2-4}J$, ÷ B^1 . 113¹³ skripta $B^{2-4}J$] skiptar B^1 . 117¹⁴ næste B^{2-4} , ÷ J] meste B^1 . 120³ greip—stundum] þannig $B^{2-4}J$, ÷ B^1 . 123² biskop—þetta] þannig $B^{2-4}J$, ÷ B^1 . 124⁸ og—tyunder] þannig $B^{2-4}J$, ÷ B^1 . 125⁷ vinum $B^{2-4}J$] ÷ B^1 . 147¹⁴⁻¹⁵ en—eign] þannig (i höfuðdráttum) $RB^{2-4}J$, ÷ B^1 . 149¹³ ler $RB^{2,3}J$, ÷ B^4J] let B^1 . 169²³ jnt $B^{3,4}J$] jat B^1 . 170²⁴ skodade $B^{3,4}J$] skorade B^1 .

Stockh. perg. 4to nr. 12 (B^2)

Skinnbók frá 17. öld og hefur að geyma Árna sögu eina. Nokkur blöð hafa fallið aftan af bókinni eða sem svarar tæpum tveimur örkum; varðveittur texti nær til 161³ í þessari útgáfu. Upphafsstafir kapitula eru dregnir í rauðum og grænum lit. Bókin er öll með einni hendi. Bent hefur verið á, að sama hönd er á bókum úr eigu Þorláks Skúlasonar biskups (d. 1656),²³ og nýlega hefur sá skrifari verið nafngreindur: Brynjólfur Jónsson á Efstalandi.²⁴ Samanburður við rithandarsýnishorn Brynjólfs (Jón Helgason: *Handritaspjall*, andspænis bls. 81) leiðir í ljós ýmis sameiginleg einkenni, en einnig er sumt frábrugðið, eins og eðlilegt er, þar sem B^2 er skrifað á skinn, en rithandarsýnishornið á pappír. Stafsetning B^2 kemur heim við stafsetningu Brynjólfs, að svo miklu leyti sem D. Slay lýsir henni í formála útgáfu Hrólfs sögu kraka.²⁵

Með hendi Brynjólfs Jónssonar er ÁM 440, 4to, eitt af B -handritum Sturlungu, án Árna sögu. Handrit þetta og önnur B -handrit Sturlungu koma við sögu í nýlegum tímaritsgreinum um innra samband Sturlunguhandrita. Ursula Brown hefur leitt rök að því, að B^1 , B^3 og 440 séu öll bein eftirrit Sturlungu Björns á Skarðsá,²⁶ en athugun J. Simpson og I.

²³ *Biskupa sögur*, gefnar út af Hinu íslenska bókmentafélagi. I (Kaupmannahöfn 1858) lxxv, *Byskupa sögur* . . . ved Jón Helgason I (København 1938) 29–30.

²⁴ Peter Springborg í *Afmælisriti Jóns Helgasonar* (Reykjavík 1969) 316 nm.

²⁵ Ed. arnam. B 1 (Copenhagen 1960) xiv–xix.

²⁶ „A Note on the Manuscripts of Sturlunga Saga“. *Acta philologica Scandinavica* 22 1954 33–40.

R. Hare á efni úr Prestssögu Guðmundar góða og Guðmundar sögu dýra bendir hins vegar til þess, að 440 og B^3 eigi sér sameiginlegt forrit, sem aftur sé runnið frá $*B$.²⁷ Þar sem Brynjólfur Jónsson hefur nú verið bendlaður við B^2 , er ástæða til að kanna samband B^2 og B^3 með það fyrir augum, hvort þau geti átt sér sameiginlegt, glatað móðurrit. Af nýjum lesháttum kemur fram, að hvorugt handritið getur verið frá hinu runnið, og er skemmst af að segja, að B^2 og B^3 flokkast ekki saman að neinu marki gagnvart öðrum B -handritum. T. d. hef ég enga villu fundið sameiginlega þessum handritum einum. Ekkert virðist því benda til annars en að B^2 sé beint eftirrit $*B$.

Til Svíþjóðar hefur B^2 borizt með öðrum þeim handritum, sem Jón Eggertsson safnaði í Íslandsferð sinni 1682–3.²⁸ Fyrirsögn er: „Sagann af Árna biskup“, e. t. v. skrifuð af Jóni Eggertssyni. Neðst á fremsta blaði er skrifað með viðvaningslegri hendi: „Jon Gyysla s.“ Ekki hefur tekizt að hafa upp á þeim pilti.

Kapítulatal fylgir greinum R , og sams konar ruglingur er á kafla-tölum og í B^1 , þó þannig, að í B^2 er 40. kafli sögunnar tölusettur L , án þess að leiðrétt sé, og eftir það er samfelld kapítulatal til loka.

B^2 er vafalaust runnið frá uppskrift Björns á Skarðsá. Hér á eftir verða tíndir til nokkrir leshættir, sem B^2 er eitt um, sem sýna sérstöðu þess – og sanna, að B^3 er ekki frá því runnið. Framan við hornklofann er hinn prentaði texti, aftan við texti B^2 .

5⁴ vottade—þetta] liet Arne þad optliga j rijkia. 12² löst] brest. 19²² baurn] banne. 20¹⁰ reckiu] ferd. 29⁷ vaskasta] vitrasta. 34¹² dæmum] söru. 44¹⁵ almattigs] almvgannz. 45¹¹ sivknat] siukleika. 45¹⁷ fakatir] fätæker B^2 Ú. 68⁷⁻⁸ Var—jöl] ÷. 74⁵ a staðnm] ÷. 77¹⁸ reked] tekid. 78¹⁴⁻¹⁵ leigufoll] leigufolk. 78¹⁹⁻²⁰ umm²—fiär] ÷. 89¹⁶ tvennrar] truarinnar. 94¹⁹ sen] jtak. 113¹⁴ heyrer] hier. 118¹ svafde] sefade. 154¹¹ bæter] bærer.

Margir nýir leshættir B^2 stafa af því, að spássíugreinar úr $*B$ eru teknar inn í textann. Þetta er reyndar meðal helztu einkenna Sturlungutexta Brynjólfs Jónssonar í 440.²⁹

Stockh. papp. 4to nr. 8 (B^3)

Handrit þetta, sem er frá því um miðja 17. öld, hefur að geyma Sturlungu og Árna sögu með yfirskriftinni: „Saga af Arna biskupe“.

²⁷ „Some Observations on the Relationship of the II-Class Paper MSS of Sturlunga Saga“. *Opuscula* I (Bibl. arnam. XX, Hafniæ 1960) 190–200.

²⁸ *Katalog* . . . utarbetad af Vilhelm Gödel (Stockholm 1897–1900) 53.

²⁹ *Sturl.* I lx.

Ritari er nýfundinn, Halldór Guðmundsson, Eyfirðingur, sem bjó á Sílastöðum í Kræklingahlíð.³⁰ Handritið hefur Jón Rúgmann trúlega flutt til Svíþjóðar 1658,³¹ en Jón mun hafa verið bróðursonur Halldórs.³² Um síðari feril handritsins er engu við upplýsingar Gödels að bæta.³³

Kaflaskiptingu **B* mun haldið í *B*³, en kaflarnir eru ótölusettir, og bil er skilið eftir fyrir upphafsstafi. Sums staðar, einkum framan til, hefur Halldór skrifað greinar á spássíu, og hluti þeirra á rætur að rekja til upphaflegra spássíugreina Björns á Skarðsá.

Uppskrift Halldórs á Árna sögu er örlítið stytt miðað við **B*. Engum heilum kapítula er sleppt, en hins vegar ættfræðiupplýsingum og ýms-um þess háttar fróðleik, sem er utan við söguþráðinn. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að ætla, að *B*³ sé bein uppskrift **B*. Að minnsta kosti er handritið ekki eftirrit neins varðveitts handrits, og ekki er heldur kunnugt um neitt handrit, sem runnið geti verið frá *B*³.

Meðal leshátta, sem aðeins koma fyrir í *B*³, má nefna þessa (prentaður texti framan hornklofa):

4¹⁷ Skæl] Skard. 10⁹ betur] þar. 20¹² siuknade] svijknade. 38⁶⁻⁷ og—bæ] ÷. 48⁵ hárvn] hättum. 48¹⁴ landi] hendi. 55³ bored—for] ÷. 68¹⁶ frafall] for föll. 69² truest] tynest. 79⁶ bukarlar] buklarar. 88¹⁰ avistar] austar. 90²⁻⁵ af—meiga] ÷. 105¹⁶⁻¹⁷ nytt—það] ÷. 133¹ syslrækur] vidtal fæ. 145⁸⁻¹¹ Margir—melltij] ÷. 146⁵⁻⁷ Ormr—fe] ÷. 155¹⁵ hordu] höndu.

ÁM 1041, 4to (*B*⁴)

Árna saga er hér varðveitt í eiginhandarágripi Björns Jónssonar á Skarðsá. Fyrirsögnin er: „Hier skrifast lijtid agrip af sǫgu Arna biskups Þórlákssonar (sem var hinn tǫundi biskup i Skālaholli) þad sem fróðligast er til eptirtekta.“ Í reynd er þetta „litla ágrip“ víða jafn-ýtarlegt og önnur *B*-handrit, en hér og þar er sleppt köflum, sem þótt hafa ófróðlegir. Allri ættfræðivitneskju og sögulegum fróðleik heldur Björn vandlega til haga í ágripi sínu; eru því vinnubrögð hans þver-öfug við Halldór Guðmundsson.

Í sögulok hefur Björn skrifað utanmáls: „vantar vid sǫguna“ og bætt við annálagreinum um helztu atburði fram til andláts Árna biskups.

³⁰ Stefán Karlsson: „Halldór Guðmundsson, norðlenzkur maður“. *Opuscula* IV (Bibl. arnam. XXX, Hafnæ 1970) 83–107.

³¹ *Opuscula* IV 92 nm., sbr. Gödel: *Katal.* 270.

³² *Opuscula* IV 107.

³³ Gödel: *Katal.* 270–71.

Greinar þessar hljóða svo (fyrirsögnin „annalar“ stendur utanmáls): annalar.

var utann stefnt Jörundi biskupi.

1290 utann ferd Jörundar biskups, útkoma Erlendz lögmanns og voru veittir Vestfirðir.

1291 kom Arni biskup til Íslandz þá gaf Arni biskup kirkiur með þeirra eignum prestumm síjnum.

1292 útkoma Jörundar biskups með páva bref og erchibiskups, útkvoma herra Þórdar Hallssonar, og herra Christoforis Vilhiálmssonar, með kóngs brefum, að leikmenn skuli taka stadi alla og kirkiu eignir svo sem verid hafði, áður Ísland kom undir kóngs valld í Noregi. Höfst þá að niju stada mál. Settist Sigurdr á Mødruvøllu í Hørgardal.

1293 leikmenn töku nøckrar kirkiu eignir á Íslandi.

1295 sætt Árna biskups og almennings um stadi og kirkiu eignir á Íslandi.

1297 utann ferd Árna biskups. Eýrek(ur) kóngur var á Frostu þingi og skipadj mǫrg statuta með ráði og samþicki Jörundar erc(hi)biskups.

1298 dö Arni biskup.

Hliðstæður þessara greina eru einkum í Gottskálksannál (VIII) fram til 1291, en greinar við árin 1292–3 og 1295 gætu vel verið sóttar til yngri viðbóta í Konungsannál (IV). Við árið 1297 er *B*⁴ alveg samhljóða annalagreinum bæði í IV og VIII.

Lítið er vitað um feril handritsins. Samkvæmt upplýsingum Árna Magnússonar á miða, sem fylgir *B*⁴, hefur hann fengið það að láni frá Brynjólfi Þórðarsyni. Hér er sjálfsagt um að ræða Brynjólf Þórðarson Thorlacius, sýslumann á Hlíðarenda (1681–1762).³⁴

Í orðamun við prentaðan texta eru tekin dæmi úr *B*², þar sem ritað er *ä* í mannsnafninu Ólafur. Dæmi slíks eru miklum mun fleiri í *B*⁴, eða rúm 90%, og þótti of fyrirferðarmikið að tíunda þau öll í orðamun. Eftirfarandi dæmi úr *B*⁴ eru ekki heldur tekin þar með: Jäcob-35¹, 42⁶, 174¹⁵, Thömäs 102⁷, Jsäkur 167²¹.

Í stað nýrra leshátta verður látið nægja að vísa til nokkurra úrfellinga og styttinga í *B*⁴:

3^{8–13}. 11^{12–12¹¹}. 20^{5–17}. 26^{11–27⁸}. 39^{12–18}. 39^{19–40³}. 45^{17–46⁹}. 53^{4–54¹⁸} (*vísad í „aðalsöguna“*). 68^{17–69³}. 69^{5–70⁵}. 90^{11–91¹²}. 99^{3–9}. 100^{5–14}. 122^{12–22}. 137^{13–138¹¹}. 140^{15–21}. 141^{15–142⁴}. 142^{17–143⁶}. 149^{7–16}. 151^{16–152¹²}.

³⁴ Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* (Reykjavík 1948–52) I 288.

ÁM 114, fol. (J)

Handrit þetta er skrifað fyrir 1645 af Jóni Gissurarsyni á Núpi í Dýrafirði (d. 1648). Það hefur að geyma Sturlungu í níu þáttum, og er Árna saga sá tíundi. Fyrirsögn sögunnar er svohljóðandi: „Tyunde þáttur af Jslendingum | Sagann af Arna biskupe. og huørnenn bændur | vrdu þreýngder fra sýnum odulum med | bannfæringum og ýmislegum tilferlum. | huad vm þann týma hefur tilbored | hier ä lande og Noreige. Rafn | Oddson sigler og fleýre ad|rer. hann andast i Norege.“ Árna sögu er hér skipt í 79 kapítula. Fremst í bókinni eru 11 vísur eftir sr. Jón Arason í Vatnsfirði, sem ársettar eru 1645 og 1646, ritaðar með eigin hendi.³⁵ Auk þess eru spássíuathugasemdir með hendi sr. Jóns á við og dreif.

Samkvæmt athugunum Kálunds styðst Sturlungutexti *J* við báðar hinar fornu skinnbækur, ÁM 122a, fol. og *R*.³⁶ *J* mun því vera ritað, á meðan þau handrit voru bæði vestra, og m. a. af því dró Kálund þá ályktun, að *J* hafi verið fyrsta uppskrift *R*, ritað um 1630. Erfitt er þó að renna fullnægjandi stoðum undir þennan ritunartíma *J*, eins og Jakob Benediktsson bendir á; jafnvel er hugsanlegt, að **B* hafi verið eldri uppskrift en *J*.³⁷ Eigi að síður hallast ég að því, að skoðun Kálunds sé rétt. Enda þótt uppskrift **B* af Árna sögu sé miklu nákvæmari, er *J* einum stuttum kapítula lengri, og ekkert mælir á móti því, að sá kafli sé upphaflegur í sögunni. Þetta atriði gæti bent til þess, að síðasta blað *R* hafi verið læsilegra, þegar Jón Gissurarson hafði hana undir höndum. Ef sr. Þorsteini á Útskálum hefur borizt *R* frá Hólum (sbr. bls. xxix), hefur Þorlákur biskup varla skilað bókinni vestur þegar eftir að ritun **B* var lokið.

Um síðari feril *J* er þetta vitað: Torfi Jónsson, einkasonur Jóns Gissurarsonar, hefur erft handritið skv. eiginhandarvitnisburði hans, ársettum 1649, sem er á bl. 2r í *J*. Á sama blaði er vottað, að Sveinn Torfason hefur fengið bókina til eignar 1691.³⁸ Ekkert er vitað um síðari eigendur *J* né heldur hvernig það hefur komizt í eigu Árna Magnússonar, en sennilegt er, að það hafi verið fremur seint á æviárum hans. A. m. k.

³⁵ *Sturl.* I xliii–xliv.

³⁶ Aarbøger 1901 266–8.

³⁷ Aarbøger 1901 268–9; *Sturlunga Saga*. Manuscript No. 122a fol. in the Arnarmagnæan Collection. Edited by Jakob Benediktsson (Early Icelandic Manuscripts in Facsimile I, Copenhagen 1958) 16.

³⁸ *Katal. arnam.* I 79.

verður ekki séð, að Árni hafi veitt *J* neina athygli. Nú er *J* eina handritið af þessum flokki, sem vantar 80. kaþítulann, og Árni gerði sér ljóst, að hann er síðari viðbót.³⁹

Eins og fyrr er getið, er *J* beint eftirrit *R*, en talsvert ónákvæmt og mikið um orðalagsbreytingar, eins og Jóns hefur verið vandi. Á eftirtöldum stöðum hefur *J* sjálfstætt gildi gagnvart öðrum aðalhandritum, þar sem texti *R* er varðveittur.

Gagnvart *Ú* (*RJÚ*):

45¹⁷ fakatir] fatæker. 46¹² þav] þesse. 47⁴ Valldamar] Valldemar. 48⁹ nock-orvm] nockrum. 66⁹ Karelar] Karolar.

Gagnvart *B* (*RJB*):

45¹¹ sívknat *RÚJ*] siuknade *B*^{1,3}, siukleika *B*² (÷ *B*⁴). 145¹⁴ vm] ÷. 147⁹ ok] ÷. 150¹⁹ or] af. 152¹ þesa ok] ö.r. *B*¹⁻³ (÷ *B*⁴). villdv] vilia *B*¹⁻³ (÷ *B*⁴).

Fleiri leshættir eru tífundaðir í kaflanum um **B*, bls. xviii. Á eftirtöldum stöðum koma fram afbrigðilegir leshættir í stað mannsnafnsins Rúnólfr: Runer 90¹⁶, 169⁹, 182³⁻⁴; Rwner 91⁶⁻⁷, 158⁸, 159¹⁹, 161⁸, 169⁷, 171^{5,11}, 178¹⁰, 182¹⁰⁻¹¹, 183¹⁰⁻¹¹, ennfr. 178¹⁸ (viðbót *J*). Þessi dæmi eru auðskýrð út frá ákveðinni skriftarvenju í *R* (bls. xii).

Dæmi um, að *J* víki frá öðrum aðalhandritum (texti útg.] *J*):

6¹⁴ jöfnu näme] jöfnum nottum. 7² fylgde] siglde. 9⁹ væ fyrer grön] var fyrer grun. 11¹⁰ bio] brä. sina] sinnj. 23¹² standa j] standast. 24¹⁻³ ad—motstodumönnum] samrar meiningar og Jone ercke biskupe. 34¹¹ teked—oteked] reked eda oreked. 37¹⁷ banns] bandz. 61¹⁸ linare] nýare. 82¹⁷ felldur] fylldr. 84²⁵⁻²⁶ þeim—frialsu] ÷. 87¹³⁻²⁵ Herra—jlla] ÷. 88⁸⁻⁹ hann—fieck] ÷. 89¹⁶ tvennrar] brennande. 95¹⁶ skaute] skarte. 96¹⁰⁻¹¹ sem—sen] er þar voru sien. 126²⁴⁻²⁵ so—leyste] med því tilmenn er bystur. 129¹⁸ þeiged] þegn. 134¹⁶ þottest j] sættist. 143² vefdest] dreýffdist. 154⁹ het] fieck. 154¹² Nials] mälz. 163¹⁵ hattum] + (seiger su paualiga magt) þa snue aptur.

Ennfremur viðbætur 166¹¹, 172¹⁴, 173¹⁰.

ÁM 204, fol. (Ú)

Handrit þetta er ritað um eða fyrir miðja 17. öld og hefur verið brot af stærri bók, sem Árni Magnússon hefur hlutað niður í margar bækur.⁴⁰ *Ú* hefur að geyma u. þ. b. þriðjung framan af Árna sögu (fram

³⁹ *AM priv. brevv.* 245, svarbréf Magnúsar í Vigur. Kaflinn er prentaður hér á bls. xliii–xliv.

⁴⁰ *Byskupa sögur* I (1938) 39–40; *Laurentius saga biskups*. Árni Björnsson bjó til prentunar (Rit Handritastofnunar Íslands III, Reykjavík 1969) li.

til 76⁴), en auk þess Hungurvöku, Þorláks sögu, Páls sögu, Lárentíus sögu og Guðmundar sögu góða. Fyrirsögn Árna sögu er: „Hier hefur upp frasogn af (*tvíritað*) herra Arna Þorlaksyne x biskupi j Skalaholli.“ Rithöndin á Árna sögu er aðalhönd hinnar upphaflegu bókar.⁴¹ Eigandi bókarinnar – og að líkindum aðalskrifari hennar – hefur verið sr. Þorsteinn Björnsson á Útskálum (d. 1675).⁴² Guðmundar saga, sem er í þessu handriti, er runnin frá *R* og ekkert, sem girðir fyrir, að um beint eftirrit sé að ræða.⁴³ Sama máli gegnir um Árna sögu. Sé *Ú* beint eftirrit *R*, er hugsanlegt, að sr. Þorsteinn hafi fengið bókina léða hjá Þorláki Skúlasyni biskupi, þar sem ýmislegt fleira bendir til þess, að biskup hafi lánað Þorsteini bækur til uppskriftar.⁴⁴

Árna saga er ekki heil í *Ú*, en endar ofarlega á blaðsíðu, sem er auð að öðru leyti. Er því freistandi að gera ráð fyrir, að *R* hafi verið orðin skert, þegar Þorsteinn hafði hana að láni, og uppskrift hafi lokið, þegar að eyðunni kom. Þessi skýring kemur þó ekki til greina. Í *Ú* nær Árna saga svolítið fram yfir bl. 26 í *R*, og samkvæmt því, sem fyrr er sagt (bls. vii), er meðaltal lína í lesmálsdálkum *R* 37,3 línur miðað við prentaðan texta þessarar útgáfu, en frá 26. blaði í *R* til loka Árna sögu í *Ú* eru aðeins 25 línur í útg. Hugsanleg skýring er því sú, að sr. Þorsteinn hafi orðið að skila *R* aftur með skömmum fyrirvara.

Til stuðnings því, að *Ú* hafi sjálfstætt gildi gagnvart **B* og *J*, eru eftirtaldir leshættir:

42²⁰ statvram *R*, staturan *Ú*] statutum *B*¹, stututam *B*², statutam *B*³*J* (*breytt B*⁴).
45² penga *RÚ*] peninga *B*¹⁻³*J* ($\div B^4$). 46² hryggia *RÚ*] hryggva *B*¹⁻³*J* ($\div B^4$).
47¹⁵ almvgsins *RÚ*] almugans *BJ*. 72¹³ er *RÚ*] $\div BJ$. 73⁴ Sigvarðr *RÚB*⁴] Sigurdur *B*¹⁻³, Sighurdur *J*. 73¹³ Rvn(olfs) *R*, Runer *Ú*] Runolfs *BJ* (sbr. bls. xii).

Fáein þeirra samanburðardæma, sem tínd eru til á bls. xviii, gætu bent til þess, að *Ú* og *J* ættu sameiginlegt, glatað forrit, þ. e. a. s. 43⁸, 45¹, 48¹⁰, 50⁷, 50¹¹, þar sem *ÚJ* hafa sameiginleg frávik frá texta *R*. Hins vegar eru textar *Ú* og *J* svo ólíkir að öðru leyti, að líta verður á þessa samsvörun sem tilviljun.

Í *Ú* er sérstök kapitulaskeyting. Meginhluta textans (*B*¹: CAP. I–*LVIII) er skipt í 15 tölusetta kafla (I–XIV, en talan V tvítekin). Eyður

⁴¹ Sama hönd er t. d. á Erex sögu Artuskappa í ÁM 181b, fol., og stafsetningarlysing útgáfu Foster W. Blaisdells (Ed. arnam. B 19 xvi–xxiv) kemur heim við *Ú* í meginatriðum.

⁴² *Laurentius saga* (1969) li–lii.

⁴³ Skv. upplýsingum Stefáns Karlssonar.

⁴⁴ *Laurentius saga* (1969) lii; *Valla-Ljóts saga* udg. . . . ved Jónas Kristjánsson (København 1952) v–vi, xi–xii (A-hdr.); *Sturl.* I lxvii (um ÁM 121, fol.) sbr. lxx–lxxi.

eru skildar eftir fyrir upphafsstaf fremst í hverjum kafla. Í lokin fylgir *Ú* kapítulaskiptingu *R* (*B*¹: CAP. *LIX–*LXI), en þeir þrír kaflar eru án tölusetningar. Bendir þetta með öðru til þess, að síðasti hluti uppskriftarinnar hafi verið gerður í miklum flýti.

Uppskrift Árna sögu í *Ú* virðist yfirleitt tiltölulega nákvæm, svo langt sem hún nær. Í lok hennar eru þó ýmsar slæmar og hroðvirknislegar villur. Nokkrir nýir leshættir fara hér á eftir. Framan við hornklofann er prentaður texti útg.

4² Hamra Finns] Hamravinnz. 4¹⁵ eitt ár] fíora vetr. 9¹⁰ gegnde] kendi. 16^{3–4} in translatione] j trausti. 24² konglegu] logligu. 24⁴ synne] sem i. 28⁸ herra²] hier. 29⁵ pava] prest. 42³ Magnuse konge] mykinn. 48⁴ sinar] syner. 59^{6–7} Jorunde] Joni. 64³ þvo] bua. 73¹² syni—lavnetnum] Hafbiarnar Stjirkarz sijni laugriettu manij. 73¹⁷ Hafrbiorn] Hauard. 74¹⁰ Sæmvnð] Seming. 74¹⁷ og hliop] j lopt. 75^{2,5,12} Eindride] Aunundur.

ÁM 220 VI, fol.

Tvö skinnblöð frá 14. öld. Um þessi blöð hefur Stefán Karlsson nýlega fjallað í löngu máli.⁴⁵ Handritið telur hann skrifað 1350–60 eða e. t. v. 1340–50 og trúlega á Vesturlandi.⁴⁶

Texti Árna sögu í 220 hefur greinilega verið dálítið lengri en texti *R* og stendur áreiðanlega nær upphaflegum texta sögunnar, þar sem ritara *R* hefur hætt til að stytta texta sinn og raska þar með merkingu. Vegna þessara styttinga í eftirritum *R* er augljóst, að 220 getur ekki verið frá henni runnið. Nægir að vísa til þessara lína: 16^{21–22}, 17^{17–18}, 17^{24–26}, 27^{11–18}, 27^{27–28}, 29¹⁸, 32^{20–21}, 34^{22–24}.

Ekki er völ á jafn óbyggjandi dæmum því til sönnunar, að *R* sé ekki runnið frá 220. Helztu leshættir eru þessir (til samanburðar er að hluta texti í Fornbréfasafni II 95–98, óháður sögunni):

27^{7–8} til neffnds þings j Leonis] 27²⁴ til Leoniz 220. 30^{4–5} skipade til ad vera soknar mann] 30^{16–17} skipaði æ soknar mann 220. 31^{4–5} Eg Sighvatur seiger hann] 31¹⁹ Ek segir sagði hann 220. 31⁷ og sinum orfum] 31²⁰ ok sinu af kuæmi 220, *DI* II 96¹⁰ og sinum erfingium. 32^{4–5} j erfd epter hana] 32¹⁶ eptir hana 220, *DI* II 96^{16–17} j erfd epter hana. 34⁵, *DI* II 97²² tilkall] 34^{19–10} til tal 220.

⁴⁵ *Sagas of Icelandic Bishops*. Edited by Stefán Karlsson (Early Icelandic Manuscripts in Facsimile VII, Copenhagen 1967) 43–8.

⁴⁶ *EIM* VII (1967) 47.

R og 220 kunna vel að hafa átt sér sameiginlegt forrit. Þess má loks geta, að sama hönd er á 220 VI og á hluta ÁM 122a, fol., Króksfjarðarbókar Sturlungu.⁴⁷

AÐALHANDRIT

Texti *R* er prentaður svo langt sem hann nær, en að öðru leyti er *B*¹ aðalhandrit útgáfunnar. Verður nú gerð stutt grein fyrir forsendum þess vals. Af *R* hafa verið gerðar þrjár uppskriftir, svo að vitað sé. *J* er talsvert ónákvæm uppskrift og kemur því ekki til greina sem aðalhandrit. Að hluta er *Ú* fullt eins traust uppskrift *R* sem **B*, en hún geymir aðeins þriðjung textans. Af *B*-handritum eru *B*³ og *B*⁴ þegar úr leik, þar sem báðir textarnir eru styttnir, enda þótt í mismunandi mæli sé. Þá eru aðeins eftir *B*¹ og *B*². Óhætt er að fullyrða, að *B*¹ er vandaðri uppskrift en *B*². Þetta kemur t. d. glöggt fram, þar sem bl. 26 af *R* hefur verið skert í uppskrift **B*. Í 72³⁻⁸ skilur *B*² eftir eyður, en *B*¹ heldur öllum orðum frumritsins til haga, enda þótt samhengislaust sé. Þá er talsvert af hinum upphaflegu spássíugreinum **B* ritað á spássíur *B*¹, en þeim er annaðhvort sleppt í *B*² eða skeytt inn í textann, sem víða er afbakaður fyrir þessa sök.

II. ÖNNUR HANDRIT

HANDRIT RUNNIN FRÁ *B*¹ (C)

Sérstakur flokkur handrita er runninn frá *B*¹. Í orðamun við hinn prentaða texta er á stöku stað vikið að þessum flokki, þar sem eitt handritið (836) er aðalhandrit útg. 1820 og er auk þess notað sem aðalhandrit útg. 1858, eftir að *B*² þrýtur. Til hægðarauka er flokkurinn auðkenndur með bókstafnum *C*. Langflestir sérleshættir *B*¹ (bls. xxiii) ganga aftur í öllum *C*-handritunum, en auk *B*¹ hefur ritari móðurhandritsins (**C*) stuðzt við handrit af flokki *J*. Blendingurinn kemur þegar glöggt fram í kapítulaskiptingu *C*-handrita. Fram til 10. kafla fylgja þau kapítulaskiptingu *B*¹, en eftir það er kapítulaskiptingu *J*-handrita fylgt að mestu. Síðasti kafli *J* (bls. 183–4) er tekinn upp í *C*-handritin með nokkrum orðalagsbreytingum, og á eftir honum kemur viðbótarkafli 115 og annarra handrita, sem frá því eru runnin. Loks eru allra aftast annálagreinar um síðari atburði með yfirskriftinni:

⁴⁷ EIM VII (1967) 46.

„Þetta vantar í söguna að sögn B.J.S. á Skardsá.“ Greinar þessar eru nærri samhljóða lokum *B*⁴. Árna saga er 88 kapitular í *C*-handritunum.

Að meginstofni fylgja *C*-handrit lesháttum *B*¹, en sums staðar hafa þau þó að geyma frábrugðna leshætti. Til glöggvunar verða hér tíndir til leshættir, þar sem *C*-hdr. virðast hafa upphaflegri texta en *B*¹ og *R* er til samanburðar. Framan við hornklofann er texti *R* og *C*, aftan hornklofans texti *B*¹:

42¹⁷ hversv] hvórnenn. 43¹ generalis] gentialis. 43⁶ berðiz *R*, berdust *C*] beiddest. 44⁹ skipvðv] skickudu. 44¹² at²] ÷. 44¹⁸ Asbiargar] Asbiarnar. 46¹⁵ predik-
ara] predukum. 48⁴ þar til] ÷. 65¹⁸ verr] verre. 65¹⁹ þit] vid. 66⁶ salo
+ manna. 67⁶ Eyrar] Eyyar. 145² Manvdaginn *R*, Manadaginn *C*] Samadag.
145¹⁴ vm] ÷.

Flest þessara frávíka *C*-handritanna frá texta *B*¹ eru smávægileg, en önnur, t. d. 43⁶, 145², þyngri á metum. Í þeim og öllum öðrum ofangreindum dæmum er texti *J* og *C*-handrita samhljóða. Ásamt hinni blönduðu kapitulaskiptingu sker þetta úr um það, að texti *C*-handritanna er blendingstexti *B*¹ og einhvers *J*-handrits. Til hins síðarnefnda hefur **C* þó aðeins sótt einstök textafrávik, en sjaldan viðbætur. Áður er rætt um viðbótarkafli *J*-handritanna (80), en viðbætur *J* 172¹⁴ og 173¹⁰ eru t. a. m. ekki í *C*-hdr., en hins vegar 166¹¹. Textafrávik, sem sótt eru til *J*, eru svo smávægileg, að ekki hefur reynzt unnt að marka því handriti frekar stað, sem ritari **C* hefur haft til samanburðar.

Upphafshandrit þessa flokks (**C*) mun vera glatað. Nákvæmust varðveitt uppskrift þess mun vera handritið í Lundi (bls. xxxiii–xxxiv), en það handrit getur ekki verið móðurrit flokksins. Eitt dæmi verður að nægja til að sýna fram á þetta: 170¹⁵ *s(eigia) og so*. Í *L* er þetta orðið: *sino*, hins vegar *s(egia) ne* í 385, *sijno* 506, 984, *sine* 4398. Í **C* hefur vafalítið staðið: *s: ne*. Þess má geta, að óhugsandi er einnig, að 385 sé upphafshandritið (**C*). Annars skýrist samband handritanna betur með dæmum hér á eftir.

Flest elztu handrit þessa flokks eru tengd Skálholti á einhvern hátt. *B*¹ hefur verið á Hólum a. m. k. í upphafi 18. aldar, en ekki verður séð, að uppskriftir þess hafi dreifst þaðan. Hins vegar hafa vafalaust tíðkæpt umfangsmikil bókalán milli biskupsstólanna.

Sturlunguhandrit UB Lundi (L)

Handrit þetta, sem varðveitt er í Háskólabókasafninu í Lundi, hefur ekki skrásetningarnúmer, en hafði áður númerið: Bibl. Mscr. H. b. SagaL. 4^o 1–2. Handritið hefur að geyma Sturlungu í 10 þáttum og Árna sögu sérstaka þar á eftir. Fyrirsögn sögunnar er: „Saga AArna biskops Þorlækssunar“. Aftan við 1. þátt Sturlungu er skrifað: „Ending þess fyrsta þátts Sturlunga sögu Anno 1726 þann 7^{da} Decembris“.

Kålund taldi Árna sögu að líkindum með sérstakri hendi („vistnok med særlig hånd“),⁴⁸ en engan veginn er loku fyrir það skotið, að allt handritið sé með einni hendi. Sturlunga er skrifuð með fljótaskrift nema fyrirsagnir þátta, upphafslínur kapitula og vísur, sem eru með settalettri eins og Árna saga öll, og þessum settaleturspóstum í Sturlungu svipar mjög til Árna sögu.

Á hlífðarblaði fremst í fyrra bindi er eigandanafn: „I Arnason“. Af skriftarsamanburði kemur fram, að um er að ræða Jón Árnason sýslumann á Ingjaldshóli, en bækur hans og handrit voru seld á uppboði í Kaupmannahöfn 1779. Hin prentaða uppboðsskrá er varðveitt á Landsbókasafni ásamt skrifuðum lista yfir kaupendur og verð bókana (JS 107, fol.). Meðal bóka þar í 4to er: „65 Sturlunga og Biskop Arnas Saga, 2 Bind“, kaupandi er sagður „Fjeldstæd“. Hér mun vera um að ræða Þorkel Fjeldsted (1740–96), sem síðar varð stiftamtmaður í Þrándheimi. Eftir lát hans var haldið uppboð á bókum hans í Kaupmannahöfn 1797 (eða 8), og á því uppboði hefur handritið að öllum líkindum komizt í eigu C. A. Boheman Andersson. Bókmerki hans er límt innan á fremra spjald í báðum bindum, og mun hann hafa gefið handritið Háskólabókasafninu í Lundi ásamt fleiri bókum árið 1800.⁴⁹

Flestir leshættir *B*¹, sem taldir eru á bls. xxiii, koma fram í *L*. Áður en frávik frá þeim eru talin, er rétt að taka fram í eitt skipti fyrir öll, að *C*-handritin fylgjast næstum alveg að gagnvart þeim lesháttum. Frávik *L* eru þessi: 4¹¹ Guttormr; 29¹⁰ hafinn at; 43¹ generalis; 104^{13–14} allt af prestanna hendi, enn vissi a sig, at honum þótti ei vid sig halldit; 107²¹ hann vill at; 117¹⁴ nærsti; 123² biskup; 125⁷ vinum; 149¹³ let ei; 170²⁴ skodati.

Í sumum þessara dæma er um að ræða eðlilegar breytingar eftirrit-

⁴⁸ *Sturl.* I liii.

⁴⁹ *Sturl.* I liii–liv.

ara á texta *B*¹. Sá texti liggur greinilega til grundvallar lesháttum 29¹⁰, 123² og 149¹³. Sums staðar eru leiðréttar augljósar villur í *B*¹ (4¹¹, 43¹, 125⁷, 170²⁴). Þeir leshættir og aðrir, sem þá eru eftir, geta vel verið runnir frá *J*-handriti.

Dæmi nýrra leshátta (framan við hornklofann er texti *B*¹):⁵⁰

4¹ Heryts] Hiorts. 6¹² rite] viti. 12⁹ enn] enns. 19⁸ borde] bædi. 21¹ Sor] sva. Ketill] + let. 21²¹ ætte] hætto. 37¹⁶ samband] sambud. 46¹⁶ Octin-bonus] eyða. 55¹⁶ Gagitanus] eyða. 57¹⁴ Log þattum] lógháttum (*edlil. misl. á B*¹). 62¹⁻² frydann] fryskann. 66² la] hä. 74¹⁷ j kall] flesk i käl. 83² kost-allt] kosthallt. 93⁶ tydinda] tyda. 94¹⁹ sen] sett (*svigagreinin í B*¹ er einnig í *C-handritunum*). 95²⁰ haglder] hvilldir. 100¹⁰ pyslar] pinslar. 107¹⁰ sokt] sett. 117²⁰ ei okunnugt] einum kunnigt. 125¹⁰ skials bref] + (sättm: bref). 129⁵ jnttekiu] inna tekio. 129⁹ Jatade] ÷. 150¹⁰ Dufgals] Dufnals. 151²² valonir] veronensis. 152⁷ dyrre] fremri. 158¹⁹ efnad] ofrat. 164² lyste] fýsti. 166¹⁷ sa—Ormsson] ÷. 168⁵ for] fekk. 173¹⁷ Kettu hriggur] Rottuhriggr (*eyða á eftir*). 178⁸ vitne] fyrst skr. vit en -iun b. v. síðar í linunni. 180⁵ kunnare] ÷.

Eins og fyrr er getið, virðist *L* vera tiltölulega nákvæm uppskrift **C*, og flestir fyrrgreindra leshátta eru einnig í öðrum *C*-handritum.

Gl. kgl. sml. 1012, fol.

Handrit þetta hefur að geyma Sturlungu og Árna sögu og er skrifað af Jóni Þorkelssyni rektor (d. 1759), svo sem vottað er á saurblaði.⁵¹ Sennilegasti ritunartími er tímabilið 1728–37, meðan Jón var rektor í Skálholti.⁵² Kálund sýndi fram á, að Sturlungutexti 1012 væri náskyldur 385 (misritað hvað eftir annað 485 í formála Sturlungu).⁵³ Athugun á texta Árna sögu leiðir í ljós, að sagan í 1012 er beint eftirrit *L*. Til marks um það skulu teknir fjórir leshættir (*B*¹ framan hornklofans): 12⁹ enn] enns *L*. 1012 er skrifað með fljótaskrift. Hér hefur Jón Þorkelsson áttað sig á, að um villu var að ræða í *L*, skrifar því orðið með settalettri og líkir nákvæmlega eftir *L*. 62¹ formann] förmann *en dregið undir för og* (fekk) skr. á spássíu *L*, (fekk) formann 1012. 99²² fornum landskap] skr. fön ldfkþ *L*. Jón Þorkelsson hefur ekki skilið þetta, skrifar því með settalettri og líkir nákvæmlega eftir stafagerð *L*. 138¹⁻² fie penings] skr. fepngs *L*, fepungs 1012.

Dæmi nýrra leshátta í 1012 (*B*¹] 1012):

⁵⁰ Sneitt er hjá lesháttum, sem eru sameiginlegir við *J*.

⁵¹ „Hunc librum sua manu exaratum suo . . . possidet IONAS THORKILLIS.“

⁵² *Íslenzkar æviskrár* III 289.

⁵³ *Sturl.* I I; Aarbøger 1901 283.

24¹⁹ brast] bröst. 41¹⁰ Oslo] Opslo. 75¹² bondi] biskupi (*skammst.*: B: L). 80¹⁰ sier] ÷. 91⁴ senn ur] sennor. 116³ profan] kröfan. 155¹⁷ þyckiu] samþykkio.

ÁM 385, fol.

Sturlunga í 10 þáttum og Árna saga sérstök þar á eftir. Fyrirsögn Árna sögu er samhljóða *L*, hún er 88 kapítular, og aftast eru annálagreinar Björns á Skarðsá, allt eins og er í *L*. Aftast í bókinni er ýtarleg nafnaskrá. Kålund telur 385 „vistnok“ skrifað af Magnúsi Einarssyni, sem skrifaði talsvert fyrir Árna Magnússon.⁵⁴ En í eftirmála Halldórs Hjálmarssonar konrektors í Lbs. 836, 4to, sem er augljóslega eftirrit 385, eru þessar upplýsingar á bls. 965:

Til epterskriftar var fengin að láne su nafnkenda Sturlunga, er biskup sál. Jón Arnas. lét þann mikla og orðlagda skrifara Þord ráðsmann handa sér uppskrifa, er sagt biskup hafe gefid honum 8 fiska á hvort ark, og að hún hafe að biskupinum lidnum keypt verid úr hans bóka safne fyrir 12rd specie.

Þórður þessi var Þórðarson og skrifaði einnig talsvert fyrir Árna Magnússon um skeið. Höndin á 385 er líkari Þórði en Magnúsi, enda er ástæðulaust að rengja ummæli Halldórs Hjálmarssonar í 836. Þórður var ráðsmaður í Skálholti alla biskupstíð Jóns Árnasonar 1722–43, og á því tímabili mun bókin skrifuð. Um eigendur 385 er síðan ekki vitað, fyrr en bókin er gefin á Árnasafn 1837, gefandi er Robert Jamieson frá Edinborg.

385 getur verið skrifað beint eftir **C*. En ekki hefur tekizt að festa hendur á óyggjandi rökum gegn því, að það sé hugsanlega dótturrit *L*. Móti því mælir einkum leshátturinn á 170¹⁵, sem tilfærður er hér á undan (bls. xxxii). Raunar skiptir ekki miklu máli, hvort heldur er. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir, að 385 sé dótturrit *L*, er eftir sem áður óhugsandi, að *L* sé = **C* vegna upprunalegri leshátta í öðrum handritum flokksins (506, 4398). 385 er samhljóða *L* gagnvart öllum tilgreindum sérlesháttum *B*¹ og geymir enn fremur flesta nýja leshætti *L*, sem taldir hafa verið. Undantekningar: 12⁹ eins; 46¹⁶ Adrianus; 170¹⁵ s: ne; 180⁵ kunnare] *eyða*.

Dæmi nýrra leshátta (*B*¹] 385):

5⁷ klerk legar] bóklegar. 10⁸ stydde] striddi. 23¹¹ o matulegur] umakligr. 37²¹ Hallbera] Halldoru. 48⁵ harum] gárum. 60¹⁸ kippst] koppst (*keppst* í öðr-

⁵⁴ *Sturl.* I xlvii.

um C-hdr.). 62¹ formann] feck mann. 67⁵ greint] ritat. 81¹⁴ Oddsson] og sagdi. 82¹² osæra] ufæra. 83⁷ sur] sár. 85¹ j lögum] ÷. 92¹³ trunadar trósti] ö.r. 112¹³ edur—veyta] ÷. 115¹² lykflutnings] tilflutnings. 123¹⁹ geila] heila. 126⁵ titlar] lutir. 132¹⁹ korpur] kiopr. 152¹⁹ fyse] fyst. 164¹⁶⁻¹⁷ nordur] nidur.

ÍB 181, 4to

Árna saga er hér sérstök aftan við tíþætta Sturlungu. Samkvæmt eiginhandarvitnisburði aftast í bókinni er handritið skrifað af Sigurði Magnússyni á Heinabergi á Mýrum í Hornafirði 1755–6. Aftast er registur, samhljóða 385. 181 fylgir 385 nákvæmlega gagnvart nýjum lesháttum *B*¹ og einnig undantekningalítið gagnvart nýjum lesháttum *L*. Þá fylgir handritið nýjum lesháttum í 385 með aðeins einni undantekningu: 132¹⁹ kropur.

Dæmi nýrra leshátta í 181 (*B*¹ 181):

3¹¹ hann²] ÷. 4¹⁰ Hin—dotter] Hinar þriær dætur. 8⁷ því] það. 10⁶⁻⁷ Sigurdar biskups] vid Sigurd biskup. 10⁹ til—starfs] ÷. 13¹² frillumenn] fridlumumm (fridlom^{onnum} 385). 53⁵ midlunge] midlungur. 53⁸ j husenn] umm dag. 54¹³ heilagra] hans. 118¹⁵ boded] bodenn. 119⁹ skipan] ÷. 178¹³ jngöngu] inn gäng i.

Í safn Bókmenntafélagsins barst handritið frá sr. Sigurði Br. Sívertsen á Útskálum 1861.

Lbs. 836, 4to

Sturlunga og Árna saga, ritaðar í lok 18. aldar af Halldóri Hjálmarssyni konrektor (d. 1805). Bókin er greinilega eftirrit 385, jafnvel stafa-gerð er stæld svo vel sem kostur hefur verið.⁵⁵ Aftan við söguna er registur samhljóða 385 og annað skv. Sturlungu Jóns Jakobssonar sýslumanns (Lbs. 224, fol.), en orðamunur er utanmáls úr þeirri bók og mörgum öðrum. Aftast er langur eftirmáli skrifara, þar sem gerð er grein fyrir öllum þeim handritum, sem notuð hafa verið. Eftirtalin þeirra hafa haft Árna sögu að geyma:

1. Sturlunga Jóns Árnasonar biskups (385).
2. Sturlunga Jóns Jakobssonar sýslumanns í 2 tomis í folio með Árna sögu og registri með. Handrit þetta hefur verið skrifað í Kaupmannahöfn fyrir Jón Benediktsson sýslumann undir umsjón Jóns Ólafssonar

⁵⁵ Sbr. eftirmála skrifara: „Þar fyrer tók eg mier fyrer strax í upphafe ad fylgia trúlega stafasetning og skriftarmáta Þórdar ráðsmanns.“

frá Grunnavík, eins og hinn síðarnefndi hefur vottað í uppskrift síðara bindis.⁵⁶ Það bindi er varðveitt, Lbs. 224, fol., að vísu án registurs og fyrrnefndrar uppskriftar. Jón Jakobsson hefur borið hdr. saman við eiginhandarrit sr. Eyjólfis á Völlum, eða öllu heldur beint eftirrit þess, og skrifað orðamun á spássíu.

3. Loks hefur Halldór fengið í hendur bók frá Munkaþverárklaustri, þar sem á er Árna saga, Hungurvaka og Biskupaannálar sr. Jóns Egilssonar. Lýsingin gæti vel átt við Lbs. 4398, 4to. Hvað sem því líður, er handritið vafalaust runnið frá uppskrift Eyjólfis á Völlum, sem síðar verður vikið að.

836 fylgir 385 gagnvart fyrrgreindum nýjum lesháttum *B*¹ og *L* og er auk þess samhljóða um nýja leshætti 385 nema: 132¹⁹ kropr. Meginmálstextinn er svo nákvæmlega og villulítið skrifaður upp eftir 385, að ég hef ekki rekizt á neina umtalsverða sérleshætti.

UB Oslo 506, 4to

Í handriti þessu er Árna saga ein. Fremsta blaðið er skert, þannig að fyrrsögnin hefur fallið brott. Annars sver 506 sig í ætt við *C*-handritin; sagan er 88 kapítular, og í lok hennar eru annálagreinar Björns á Skarðsá. Þar undir stendur: „Anno M^o DCC^o XXX^o ij^o viij Kal: Martij. Ionas Helgo Minister Ecclesie“. Hér mun vera um að ræða Jón Helgason prest á Hvanneyri, síðar í Hofspingum. Á Háskólasafnið í Osló kom bókin 1855, keypt á uppboði eftir J. P. Debes hæstaréttardómara. Um feril þess fram að því er ekki vitað. Jón nokkur Jónsson hefur skrifað nafn sitt á næstaftasta blað handritsins.

506 fylgir *L* gagnvart nýjum lesháttum *B*¹, sem taldir hafa verið. Í einu dæmi fylgir það þó *B*¹ á móti *L*: 117¹⁴ mesti. Af þessu má draga þá ályktun, að 506 sé runnið frá *B*¹ og náskylt *C*-handritunum. Hins vegar eru talsvert meiri frávik milli þess og *L* en eru milli *L* og 385, og auk þess flokkast 506 saman um leshætti með þeim handritum, sem talin verða hér á eftir. Þær samsvaranir verða bezt skýrðar með því, að um glatað forrit sé að ræða.

Fyrrgreindum lesháttum *L* fylgir 506 með þessum undantekningum: 12⁹ eins; 62¹⁻² friþan; 95²⁰ hvilld; 100¹⁰ pislar; 107¹⁰ sött; 117²⁰ ein kunnugt; 150¹⁰ Dufr Alfs (Dufralss. á spássíu); 152⁷ fyrri; 168⁵ for;

⁵⁶ Sbr. hér, bls. lviii–lix.

173¹⁷ Kottohriggr; 178⁸ vitram. Í fjórum þessara dæma fylgjast *B*¹ og 506 að gagnvart *L*. Yfirleitt fylgir 506 *L* gagnvart nýjum lesháttum 385. Í eftirtöldum dæmum fylgir það þó 385: 372¹, 62¹.

Nýir leshættir 506 (*B*¹ 506):

3⁵ biuggu] bigdu. 5¹² samaleik] skinaleik. 6⁸ hest] hus. 9⁹ bra hönum] ÷. 17⁸ tok] feck. 19² ovinena] vinina. 27³ bannade] kallafi. 29⁷ hestakorn] husakorn. 33⁸ meigu þær] megni þar. 41¹⁹ þau tydinde] sä tilburdr. 42¹⁸ bedner] boþnir. 43⁵ koste] krossi. 43¹⁸ innsigle] inciglafi. 46⁶ tok—þunga] tokst af honum þungi. 46⁷ fagnad langrar] fagnaþarligrar. 51¹⁰ frasogn] frammsogn. 51¹⁸ oskyltt] uskadt. 55¹⁰ riedu] riþo. 58¹⁶ Rafn] Runolfr. 64⁵ unnu] numo. 69¹ biskopa] uppa. 69¹² satt] dätt. 72¹¹⁻¹² enn—son] ÷. 83²⁻³ geimsluleyse] greinsloleyssi. 88⁵ Kolbeins stodum] Kollstódom. 89¹⁰ Oddsson] Ol. s. 93⁵ drottningu] Drottenn(!). 94¹⁸ Loptur] Lopin. 103²² kongs brefe] kærpsbrefi. 120⁵ jllvilia] illa. 121¹⁰ huslade] gusladi. 124⁷ kyrkiu tyunder] kyrkeotipir. 128⁵ fienu] forno. jngiallds] umgeallds. 132¹⁹ för] forn. 134⁹ þar bygge] þygo. 138¹⁵ korpur] körprestr. 139²⁰ same Sighvatur] samning Sighvats. 144¹⁷ sinnade] sineafi. 152¹⁹ ofdyrfd] ÷. 166¹⁷ var] eyða, en i henni miðri s^{ra}. 167¹⁷ Olafur] Arni. 177¹⁸ a Marteins] Mat.

Thott 984 III, fol.

Bók þessi er síðasta bindið af stóru sagnahandriti, sem skrifað hefur verið um miðja 18. öld í Kaupmannahöfn. Árna saga er aftasta sagan í bindinu. Fyrirsögn er samhljóða öðrum *C*-handritum, kapítulatala hin sama, en annálgreinar Björns á Skarðsá eru hins vegar ekki í 984. Kálund segir handritið vera að líkindum mestallt með hendi Jóns Ólafssonar Svefneyings.⁵⁷ Á tveimur stöðum í handritinu er ártalið 1755.

984 fylgir 506 gagnvart nýjum lesháttum *B*¹ nema: 117¹⁴ næzti. Þá fylgir það yfirleitt 506 gagnvart nýjum lesháttum *L*. Undant.: 94¹⁹ sitt; 125¹⁰ *svigagrein vantar*; 129⁵ afteceo; 150¹⁰ Dufrazl s. (*sbr. spássíu* 506). 984 fylgir einnig 506 gagnvart nýjum lesháttum 385 nema: 5⁷ bocligar. Af þessu kemur fram, að nánar samsvaranir eru milli 506 og 984.

Nýjum lesháttum 506 fylgir 984 víðast hvar. Frá þessu eru hins vegar nokkrar grunsamlegar undantekningar. Í eftirtöldum dæmum fylgir 984 *B*¹ á móti 506: 3⁵, 5¹², 51¹⁰, 55¹⁰, 58¹⁶, 94¹⁸, 121¹⁰, 124⁷. Í sumum þessara dæma getur verið um leiðréttingar skrifara sjálfs að ræða, en

⁵⁷ *Katal. oldn.-isl.* 317.

önnur eru ólíklega þannig til komin. Og þá er tvennt til, annaðhvort hefur skrifari 984 haft annað handrit við höndina jafnhliða eða 506 og 984 eiga sér sameiginlegt forrit. Ef síðarnefndi kosturinn telst réttur, verður að gera ráð fyrir, að forritið hafi glatazt í Kaupmannahöfn, en heldur er það ósennilegt á þessum tíma. Aðrar samsvaranir 984 við 506 eru svo nánar, að ég hallast að því, að 984 sé skrifað beint eftir því. Meðal minni háttar frávika 984 frá 506 má nefna þessi: 69¹ vapna; 103²² kaupbrefi; 166¹⁷ syra (*eyðulaust*); 177¹⁸ Mat] Matth.

Nýir leshættir (*B*¹] 984):

3¹⁵ Sigmundssonar] Sigrdz sunar (*eðlil. misl. á 506*). 4⁵ Biarne] Beorn. 7¹³ borde] bodi. 8⁸ hvòriu] hverz. 10⁷ honum] ÷. 53⁵ midlunge] marlungi. 53⁸ sogdu] því. 126¹⁹ lund] leyd. 127¹⁷ ein herda] einharda.

Lbs. 4398, 4to

Þetta handrit hefur Þórarinn Pálsson á Skeggjastöðum í Fellum nýlega gefið Landsbókasafni. Fremst er Árna saga með fyrirsögninni: „Sagann af Arna biskupe Þorlaks syne“, þá Hungurvaka og loks Biskupaannálar sr. Jóns Egilssonar. Ritari er Jón Sigfússon prestur í Glæsibæ og Saurbæ (d. 1776), sem hefur skrifað nafn sitt á fremstu síðu. Við lok Árna sögu er þessi klausa:

Þesse AArna biskups Þorlakssonar saga, er skrifud epter eiginn hendi þess lærda mannz sera Eyulfs Jönss. ä Wóllumm i Suarfadar-dal, og seiger þetta epter filgiandi vante i sóguna, ad vitne Biórns Jönss. ä Skardsä.

Síðan fylgja sömu annálagreinar og í öðrum *C*-handritum.

4398 fylgir *L* gagnvart fyrrgreindum nýjum lesháttum *B*¹. Þá fylgir það 506 gagnvart nýjum lesháttum *L* og 385 með eftirtöldum undan-tekningum: *L*: 4¹ Liötssonar; 12⁹ *orðasamb. fellt brott*; 21²¹ skilldu hætta; 125¹⁰ *svigagrein felld brott*; 150¹⁰ Dufalss.; 158¹⁹ öfrid(!); 168⁵ fekk; 173¹⁷ kettuhriggur; 178⁸ vitinn; 180⁵ s. (?). 385: 37²¹ Hallberu; 62¹ formann; 132¹⁹ körprestur.

Þrír þessara leshátta koma heim við *B*¹, 168⁵, 173¹⁷ og 37²¹. Í hinum dæmunum er um sérleshætti 4398 að ræða.

Eins og fram kemur gagnvart hinum nýju lesháttum *L*, flokkast 506, 984 og 4398 víða saman gagnvart *L* og 385. Hins vegar fylgir 4398 aðeins fáum nýjum lesháttum 506, þ. e.: 27³, 42¹⁸, 51¹⁸ öskiemdt, 132¹⁹, 144¹⁷. Af þessu er ljóst, að 4398 getur ekki verið runnið frá 506, en

viða flokkast þau tvö handrit samt saman gagnvart öðrum handritum. Nú er 4398 eftirrit eiginhandarrits sr. Eyjólfssonar á Völlum (d. 1745). Það handrit (*V) og 506 hljóta að hafa átt sér sameiginlegt forrit. Óhugsandi er, að 506 sé runnið frá *V. Því til sönnunar verða hér loks birtir nokkrir nýir leshættir 4398, sem eru samhljóða spássfuorðamun í Lbs. 224, fol., en sá orðamunur er sagður þar úr ehdr. Eyjólfssonar (eða eftirriti þess). Leshætti þessa er ekki að finna í 506 né öðrum C-handritum. Framan við hornklofann er texti B¹, en aftan hans sameiginlegur texti 4398 og spássfugreinanna í 224:

3¹⁵ hans] Griz. 6² syne] ÷. 9¹⁶ samlag] samlagnad. 27³ bannade—seigia] kalladi leikmenn ei meiga seigia lóg. 43⁷ dreyra] dauda. 51¹⁴ ofsoktur] of settur. 88²² Katrynar] Skālahollts. 91⁴ senn ur] so upp. 92²⁰ brædra garde] kirkiugardi. 95²²⁻²³ til lógur] fyrertólur. 109¹⁹ ovande] umm vande. 110¹¹ valld] rād. 115¹⁶⁻¹⁷ omaklega] ömiuklega. 115²² maklegu] mikelegu. 116¹⁷ kongs gardenn] kongs fund i gardinn. 123³ bæturnar] betrun. 127¹⁷ ast semd] ä stand. 129⁷ Rafns] kongz. 130⁹ greyda] grida. 138¹⁻² fie penings] fepinds. 139¹⁶ þad far] þui fram. 141¹⁹ gieck j] giórdi. 151⁹⁻¹⁰ fyrer gangande] firirgāngs. 173³ Ekur eyum] Eyreks eyumm.

HANDRIT RUNNIN FRÁ B⁴

ÁM 384a, 4to

Handrit þetta hefur að geyma þrjú slitir úr Pálssögum, Þorláks sögu og Árna sögu með samhljóða fyrirsögn og er í B⁴. Sögur þessar eru sín úr hverri áttinni. Um Árna sögu skrifar Árni Magnússon á meðfylgjandi seðil:

Þesse Arna biskups Saga hefur til forna vered eign Biörns Sal. Magnussonar og er, ad eg hygg, hans eigen hönd ä henne. Eg hefi söguna feinged fra öðrum hverium þeirra Stefans sona dottur manna hans, inn saumada i eina bök, med öðru fleira hvadan eg þad ut tok.

Björn Magnússon (d. 1697) var sýslumaður á Munkaþverá. Dætur hans tvær giftust elztu sonum sr. Stefáns Ólafssonar í Vallanesi.⁵⁸

Allar styttingar í B⁴ (bls. xxvi) koma fram í 384a.

Dæmi nýrra leshátta (B⁴) 384a):

4¹⁷ Skäl] Skalh. 5⁴ allt saman] allt (Liet þad i rikia edur rækte) samann. 5¹⁸ mest] mestu. 6¹⁴ jofnu nämi] ö. r. 37¹⁹ tvo] ÷. 79²⁰ taldi] thalade.

⁵⁸ *Íslenzkar æviskrár* I 236.

Þar sem Björn kemur með orðskýringu á spássíu, tekur ritari 384a hana yfirleitt inn í textann, en setur það eða þau orð í sviga, sem vísað er til (t.d. 8¹¹, 9⁹).

British Museum Add. 4865

Sturlunga í tíu þáttum og Árna saga. Samkvæmt ársetningum í handritinu sjálfu er það skrifað 1696–7. Tvær hendur eru á bókinni, og tekur síðari höndin við á bl. 241, í níunda þætti Sturlungu. Rithandasamanburður leiðir í ljós, að ritari síðari hlutans er sr. Vigfús Guðbrandsson á Látrum, síðar á Helgafelli, d. 1707. Það er vafalítið þetta handrit, sem Árni Magnússon hefur látið bera saman við ÁM 120, fol.⁵⁹ Lýsingin kemur öldungis heim við 4865 og ennfremur sá orðamunur, sem ritaður hefur verið á spássíu 120.

Samkvæmt upplýsingum Árna Magnússonar á seðlum, sem fylgja 120, hefur viðkomandi handrit verið í eigu Vigfúsar Jónssonar á Leirá, en hann hefur fengið það frá Látrum. Á saurblað fremst í handritinu er skrifað:

Þessa bok a eg under skrifadur til merkis Hlidarenda dag 9 Novemb.
1750 ÞBrinjolfs Son Thorlacius.

Til Bretlands mun 4865 hafa borizt með Sir Joseph Banks á áttunda tug 18. aldar.⁶⁰

Fyrirsögn Árna sögu í 4865 er samhljóða *B*⁴. Aftast er viðbótarkafi *J* um ferðir sr. Þorvalds ásamt 80. kapitula annarra *J*-handrita. Í lokin eru svo annálagreinar *B*⁴ með fyrirsögninni: „Biörn Jönsson ä Skardsä skrifar ad þetta vante vid söguna.“ Styttingar *B*⁴ ganga hér allar aftur.

4865 fylgir *B*⁴ gagnvart nýjum lesháttum 384a. Dæmi nýrra leshátta 4865 (*B*⁴] 4865):

4¹⁰ þridia] fiörda. 5⁴ allt saman] ÷. 5^{6–7} og ä] ÷. 5⁷ klerklegar] merki-
legar. 5¹⁴ þesskins leik] þeim skinnsleik. 77³ arftöku] aftekiu. 134¹⁶ þeir—
biskupi] ÷.

Spássíugreinum *B*⁴ er haldið til haga framan til, en er á líður söguna er aðeins stöku grein skrifuð á spássíu.

⁵⁹ *Sturl.* I xlvii.

⁶⁰ Arkiv för nordisk filologi 8 1892 203–4.

HANDRIT RUNNIN FRÁ J

ÁM 115, fol

Skrifað af sr. Jóni Erlendssyni í Villingaholti (d. 1672). Handritið hefur að geyma Sturlungu í níu þáttum, og er Árna saga sá tíundi með sömu fyrirsögn og er í *J. Sr. Jón skrifaði mikið fyrir Brynjólf biskup*, en hann mun hafa verið fyrsti eigandi handritsins. Bókin mun rituð nærri miðri 17. öld. Ég tel víst, að 115 sé beint eftirrit *J. Eins og kunnugt er*, var Jón Gissurarson hálfbróðir Brynjólfs biskups Sveinssonar, og mun hann hafa sent biskupi bækur til eftirritunar.⁶¹

Á spássiú fyrstu blaðsíðu er skrifað með hendi Þormóðar Torfasonar: Nobilissimo Viro Arnæ Magnæo, Assessorij in Collegio Consistoriali et Archivi Regij Secretario, amico intimo, hunc librum in mei memoriam cum sincero omnimodæ felicitatis voto reliqui. Thormodus Torfæus Stangalandiæ insulæ Kormtis, Anno reparatæ salutis. 1712. die 17 Octobris.

Árni Magnússon skrifar þetta um handritið:

Sturlunga Saga, með hendi Sr. Jons i Villinga hollte, komin til Þormodar fra Sr. Þorde Jons syne. Mag. Bryniolfur hefr fyrrum átt bokina.⁶²

Á bls. 678 stendur: „Þor biorg Vygfus dotter a þessa bok.“ Þorbjörg Vigfúsdóttir var kona Gísla Sigurðssonar ráðsmanns í Skálholti, systir Jóns Vigfússonar Hólabiskups, en sonur hans var Þórður prestur á Staðastað.⁶³

Í bréfum Þormóðar og Árna Magnússonar er frekari upplýsingar að fá um þessa bók. Þar sést, að Jón biskup á Þormóði ógoldna 16 rixdala skuld, sem hann hefur stofnað til í utanför sinni 1673. Þegar Þórður Jónsson er við nám í Kaupmannahöfn, biður Þormóður Árna að krefja hann fjárins fyrir sína hönd. Sú málaleitan gekk treglega í fyrstu, og Þórður krafðist skjallegrar staðfestingar skuldarinnar, sem hann og fékk. Í bréfi Árna í janúar 1692 ritar hann tilboð Þórðar, að hann skuli afhenda Þormóði bók með Sturlungu og Árna biskups sögu gegn því,

⁶¹ Sbr. t. d. *Dinus saga drambláta*. Jónas Kristjánsson bjó til prentunar (Riddarasögur I, Reykjavík 1960) xlví–xlvii.

⁶² *Arne Magnussons i AM 435 a–b, 4to indeholdte Håndskriftfortegnelser* (København 1909) 71.

⁶³ Mörg handrit úr eigu Þorbjargar hafa borizt til Kaupmannahafnar um hendur Þórðar Jónssonar, sbr. *Membrana regia deperdita* ved Agnete Loth (Ed. arnam. A 5, København 1960) lxii–lxiii.

að hann falli frá fjárkröfum sínum.⁶⁴ Lyktir urðu þær, að Þormóður tók við bókinni, en þótti lítið til koma.⁶⁵ Síðar gaf hann Árna bókina, eins og fyrr er komið fram. Í 115 eru allmargar textaleiðréttingar með hendi Árna.

Árna saga er einum kapítula lengri í 115 en í *J*. Sá kapítuli fer hér á eftir.

80. CAPITULUM

Anno 1291 kom vt aptur vr Noreigi Arne Skálholts biskup, og voru þa skipader apttur prestum stader j Skálholtz biskups dæme flester. Þvi hann hafde forþienad þa näd hia konge, þar hann var j hanz höll og hofe j nockur ar, og iafnvel j herför med honumm, enn hefde herra Rafn til endzt, er ovýst ad suo hefde falled, hvur kiennemanna riettur til stadanna var nockru sýdar sem er 1295. med kongs brieve og riettar böt hingad j landit giefinne og sennre, vtskyrdur og stadfestur er suo hliödar. Eirekur med Gudz myskun Noregs kongr ect. Wier viliumm ad ýdr sie kunnugt ad wier hofumm sæst vid Arna biskup af Skálhollte og giaurt veg æ vid hann fullann vmm stade og kirkna eigner med ræde Jorundar erchibiskups, og samþyckt ad þeir stader j Skálholtz biskupsdæme sem kirkiur eiga alla, skulu vera vnder biskups forræde. Enn þeir sem leikmenn eiga halfa edr meir, skulu þeir hallda med þvilikum kiennemanns skýlldum sem sa hefr fyrer skiled er gaf, enn lvka af ecke framar ect. Þad sama är sem þesse riettar böt kom vt. 1295. sette Jorundur biskup klaustur ad Stad j Reýnisnese og æ Módruvøllum j Horgardal. Þetta ar andadist herra Þorvardur Þorarins(son). Ared hier epter 1296. söru xij bændur kirkna eigner æ stóduumm j Skálholtz biskups dæme. Og þetta sama är siglde Arne biskup ad nýu j Noreg, og andadist þar ärinu epter þa Datum skrifadist 1297 .xv. Kalend. Majj. Og þa hafde Arne prestur Helgason sýstur sonur hanz wmbod vmm allt Skálholts biskupsdæme. Og vard hann biskup sijdar epter hann. Þetta ar var vtann stefnt þeim bændumm sem söru kirkiu eigner. 1299. anndadist Eirikur Magnusson Noregs kongr VI. Idus Julij. Hakon hertuge bröder hanz tok þa kongdom j Noregi, og var koronadur a allra helgra messu dag. Hann fieck til eckta Evphemiam greyfa dottur. Þetta ar för vtann Arne prestur Helgason epter biskups-

⁶⁴ Arne Magnusson: *Brevveksling med Torfæus* .. udgivet af Kr. Kålund (København-Kristiania 1916) 153.

⁶⁵ *Brevv. Torf.* 160, 163, 176.

dæminu. Enn Runolfur äböte af Were vinur hinns fyrra biskups hafde wmmbod vmm allt Skalholltz biskups dæme. War Arne prestur Helgason vygdur til biskups, ecke fyrrer enn 1303: A hanns dögumm brann Skalholltz kirkia af lopt elde og hvsbunadur stadarins nær allur, var þa Datum 1309. Siglde hann ared sijdar, epter vid til kirkiunnar og kom vt æ arenu næstu epter med widenn, og margar giersemer adrar. Hann dö Anno Christi 1320.

Á spássiu við upphaf þessa kafla hefur Brynjólfur Sveinsson biskup skrifað:⁶⁶

Addita atq[ue] intersita s[unt] hæc et h[uius] generis o[mnia] nuper à Jona Ar[æsonio] præposit[o et] pastore V[atstior]dio.

Fyllt er í eyður skv. handritum, sem runnin eru frá 115.

Hugsanlegt er, að rétt sé, að 80. kafliinn sé saminn af Jóni Arasyni, en *adrar* textaviðbætur *J*-handritanna eru runnar frá Jóni Gissurarsyni. Eins og fyrr er getið (bls. xxvii) hefur *J* verið í láni hjá sr. Jóni í Vatnsfirði 1645–6, og hann hefur skrifað spássiuathugasemdir víða í handritið. Við það tækifæri kann hann að hafa látið bókinni fylgja til baka laust blað, þar sem rakið hefur verið það, sem honum hefur þótt vanta í Árna sögu skv. þeim heimildum öðrum, sem honum voru tiltækar, en Jón var annálaritari, eins og kunnugt er. Blað hans hefur þá fylgt *J*, er Jón Erlendsson skrifaði 115, en týnt síðar. Öll önnur handrit þessa flokks hafa að geyma 80. kapítulann, og öll eru þau runnin frá 115. Sr. Jón Arason kemur á annan hátt við sögu *J*-handritanna, þar sem vísur hans um efni Árna sögu, ársettar 1650, fylgja mörgum þeirra. Þær kunna að hafa fylgt 115 forðum, e. t. v. frá þeim tíma, er Sturlunga var skrifuð upp í Vatnsfirði eftir pappírskv. frá Brynjólfi biskupi í ung-dæmi Magnúsar í Vigur.⁶⁷

Dæmi nýrra leshátta í 115 (texti *J* framan við hornklofann):

3¹⁰ magnz] mægs. 7¹¹ veytslu] wygslu *en br. m. h. AM.* 12⁸ þui] ÷. 17⁷ a halld] halld. 18⁸ alþydu] alþijdumm. 20^{15–16} j satt] sattar. 48¹⁵ hugde] sagde. 52³ skylldu] villdu. 60^{12–13} Raudzuellj] Raudvelle. 69⁴ samde] sömde. 82⁹ Eýlýffur] Eiolfur. 82¹¹ sagde hann] ÷ *en kvad hann yfir linu m. h.*

⁶⁶ Rithöndin virðist koma heim við rithönd Brynjólfs biskups, enda er vitnisburður Árna Magnússonar fyrir því, bæði í 118 og 120, að um hans hönd sé að ræða, sbr. nm. 92. Í *Annállum 1400–1800* III (Reykjavík 1933–8), bls. 10, fer Hannes Þorsteinsson eftir Sturlunguhandriti Halldórs Hjálmarssonar konrektors og ætlar, að Þormóður Torfason hafi skrifað klausuna, en það stenz ekki.

⁶⁷ Sbr. ummæli Magnúsar, *AM priv. brevv.* 245.

ÁM. 83⁷ Fyrer—hans] ÷. 83²⁰ landsinz þeir] loptz|inz (*br. í lands- m. h. ÁM*) þeir. 85²¹ flotnudu] flosnudu. 86³ skapraunum] mannraunum. 97²² ercke-biskup] Eireke biskup. 98¹³ leýste] lijste. 98¹⁸ Magnus—Orkneyum] ÷. 105⁷⁻⁸ brefen leýste] briefe lyste. 106² munu þier] vitumm vier. 113¹³ vm festamäl] ÷. 119¹ huoru] hvorugu. 121¹⁷ Gudny] Gudrun. 122¹⁴ sekt] synd. 130²¹ fyrst] ÷. 134¹⁶ færður] særdur. 146¹⁵ ätt] ÷. 149²¹ profastar] prest-ar. 151²² valonir] valonis. 160¹⁴ standa] ÷. 167¹² frietenn] friette enn. 169¹⁸ honum] ÷. 172¹⁴⁻¹⁵ vr—viturenn] ÷. 183² þann vetur] ÷.

Að öðru leyti er 115 svo nákvæm uppskrift *J*, að yfirleitt má gera ráð fyrir, að texti þeirra sé samhljóða utan þeirra dæma, sem talin hafa verið.

ÁM 217a, fol.

17. aldar handrit, sem hefur að geyma Árna sögu eina, en hefur áður verið hluti af stærri bók, sbr. titilblað.⁶⁸ Árna saga hefur staðið fremst í bókinni. Fyrirsögn er: „Sagann af Arna biskupe Þörläkssyne.“ Skv. titilblaðinu hefur bókin verið upphaflega í eigu Sigurðar Jónssonar lögmans (d. 1677), en Sigurður var mikill vinur Brynjólfs biskups.⁶⁹ Úr sömu bók mun vera Landnáma í ÁM 111, fol., en þar hefur Árni Magnússon skrifað svohljóðandi upplýsingar:

Þesse Landnamabok er utteken ur blóðum fra Sigurde Biörnssyne lógmanne, hvar ä voru Arna biskups saga og fleire.⁷⁰

Sigurður Björnsson átti Ragnheiði, dóttur Sigurðar Jónssonar.⁷¹

Handritið er fúíð og texti víða skertur framan til. Aftast eru þrjár vísur um efni sögunnar eftir Jón Arason í Vatnsfirði með yfirskriftinni: „Anno Domini 1650.“ Við 80. kapítulann er spássiugrein Brynjólfs skrifuð orðrétt. 217a fylgir 115 í nýjum lesháttum þess gagnvart *J*. Minni háttar frávik: 31⁰ margs (*eðlil. villa skv. stafagerð* 115); 18⁸ alþijðunne; 83²⁰ Loptz med (*eðlil. villa skv. 115*) þeim.

Dæmi nýrra leshátta (115] 217a):

8¹ fyrer²—land] þar nordur. 10¹⁰ sende hann] för. 15¹³ hlyta] hlyda. 23²¹ Magnus] Haconar. 35¹⁷ kallad] ÷. 40¹ bæde—þann] fyrer allan þenna. 40²⁻³ er²—honum] ÷. 40¹¹⁻¹² þadann—wetur] ÷. 41⁵⁻⁶ Ma—ord²] ÷. 42¹¹ xv] umm x (*eðlil. misl. á* 115). 45¹²⁻¹⁵ hann—þar] ÷. 47⁴ og Svya] ÷. 72¹⁰ Þordur] Oddur. 88²⁴ orded] ÷. 99² ad taka] ÷. 110⁹ vtann sijna] undan sinne. 126¹⁶ symoniam] sinonimiam. 144¹⁸ bændumm] brædrum. 152¹⁷⁻¹⁸ ad²—skada] ÷. 164²⁵ hafa] ÷.

⁶⁸ *Katal. arnam.* I 175.

⁶⁹ *ÍÆ* IV 233.

⁷⁰ *Katal. arnam.* I 73.

⁷¹ *ÍÆ* IV 212.

ÁM 218, fol.

Hefur að geyma Árna sögu eina. Á meðfylgjandi seðli er skrifað með hendi Árna Magnússonar: „Arna biskups saga Þorlákssonar, feingen af Jone Dadasyne“. Hér mun vera um að ræða son Daða Jónssonar sýslumanns í Kjósarsýslu, sem nefndi sig Jonas Gam. Hann sigldi til Kaupmannahafnar 1694 og bjó síðan í Danmörku (d. 1734).⁷²

218 hefur að geyma alla þá nýju leshætti 217a, sem taldir hafa verið, og virðist vera beint eftirrit þess, á meðan það var óskert. Aftast er spássíugrein Brynjólfs biskups og vísur sr. Jóns Arasonar frá 1650.

Dæmi nýrra leshátta (217a] 218):

7⁹ þegar] ÷. 12⁶ sem] ÷. 13⁸ upphalldande] upp hallande. 151⁴ og²] ÷. 152¹⁵ ad górdar] ad góra. 152¹⁹ ödyrfd] ofdyrfd. 180⁴ öhreirna] ö herra.

Ny kgl. sml. 1162, fol.

Árna saga, skrifuð af Th. Adeldahl í Kaupmannahöfn á s. hl. 18. aldar.⁷³ Af fyrirsögn kemur fram, að handritið er beint eftirrit 217a. Þar segir: „Foran ved bogen Følgende:“ Síðan kemur texti titilblaðs 217a, þar sem raktar eru þær sögur, sem upphaflega voru í bókinni, en undir stendur: „NB: i Exscripto findes ikke uden Saga Arna biskups Þorlákssonar.“ 1162 hefur að geyma alla nýja leshætti 217a, sem taldir hafa verið. Þar sem texti handritsins er skertur, hefur ritari ekki fyllt eftir öðrum handritum, en hefur þess í stað punktalínur.

ÁM 438, 4to

Síðara bindi Sturlungu og Árna sögu með hendi Einars Eyjólfssonar sýslumanns (d. 1695).⁷⁴ Um þetta handrit eru talsverðar heimildir. Höndin á bókinni er sú sama og á ÁM 486, 4to. Um Bárðar sögu, sem þar er, segir Árni Magnússon m. a.:

sa sem þetta hefur ritad, hefr ætlad ad imitera Sr Þordar hönd, kannske Þorsteinn Þordarson hafe skrifad það i ungdæme sinu.

Þá hefur Árni dregið út setninguna *kannske—sinu* og skrifað undir:

⁷² Hannes Þorsteinsson: *Guðfræðingatal* (Sögurit V, Reykjavík 1907–10) 201–2.

⁷³ *Katal. oldn.-isl.* 126.

⁷⁴ *Sturl.* I xlix.

„Nota, það er hönd Einars Eyjolfssonar, þá hann var í Hítardal *cerum*.“ Einar Eyjolfsson var uppi c. 1641–95, varð stúdent úr Skálholts-skóla, en missti prestsskaparrétt vegna barneignar. Síðan bjó hann hjá föður sínum á Lundi í Lundarreykjadal, en er kominn í Rangárþing 1678.⁷⁵ Um veru hans í Hítardal hef ég ekki heimildir, en að líkindum hefur hann verið þar að loknu prófi, um eða eftir 1660. 437–8 er vafalaust skrifað fyrir sr. Þórð Jónsson í Hítardal (d. 1670), en um handrit Sturlungu í eigu hans eru heimildir í ÁM 122c, fol. 437–8 hefur verið forrit þeirrar Sturlungu, sem Páll Ketilsson móðurbróðir Árna Magnússonar skrifaði, en nú er glötuð. Eftir þeirri bók (*P) hefur ÁM 116, fol. verið skrifuð. Í ÁM 122c, fol. er eftirrit bréfs á latínu frá sr. Katli Jörundarsyni til sr. Þórðar í Hítardal, þar sem hann skilar honum Sturlunguhandriti. Það bréf er dagsett 3. desember 1667. Þá var Páll Ketilsson aðstoðarprestur föður síns í Hvammi.⁷⁶

Mjög sennilegt er, að 438 sé beint eftirrit 115. Fyrirsögn er samhljóða, og uppsetning textans er ennfremur mjög lík í þessum handritum, greinaskil á sömu stöðum o. s. frv. Aftast eru vísur Jóns Arasonar „Anno Domini 1650“. 438 fylgir nýjum lesháttum 115 með eftirtöldum undantekningum: 18⁸ alþijdu mönnum (*eðlil. misl. á texta* 115); 83²⁰ lands með (*eðlil. misl. 115, br. í landsins*) þeir; 97²² Erckeþiskup; 98¹³ lyste *br. í leyste*.

Dæmi nýrra leshátta (115] 438):

3⁵ sijnum] ÷. 7² siglde] skylld. 9³ svære] væri *en tilraun gerð til leiðr*. 9⁹ var] ver. 11⁹ þeiged] feingid. 13³ fölcke] flocke. 17⁴ hofdingiar—Austfiórdum] Austfyrdijnga höfdingiar. 18⁵ foru] voru. 22¹² Bøggul] Røggul. 45⁵ mikilmannlega] mykilega. 45¹⁵ kalla] hafa. 52^{2–3} bidstund] vidstund. 53¹¹ aburdar] atburdar. 53²⁰ þetta] hier um. 54⁴ hætta] sætta. 77⁵ karlmadur] *br. í kvenmadur*. 77¹⁷ a mællt] fyrr äqvedin. 79⁷ hugdu] hofdu. 80^{14–15} edur snua fornumm] sinna formanna. 86¹ wetrum] sinnum. 90^{10–11} hölsmun] hölms mun. 99⁶ sijnu] sijnum riettindum og. 99⁸ suyptinga] sviptijnge. 100¹¹ þrot-enn] + þott þeir þyrde ei ad veria lijf vors herra ä pijslar deige. 105¹⁰ sagdar] soddan. 115^{11–12} þionustu og lykfluttnings] flutnijngs og lijf þionustu. 124¹⁶ klakast vid vm] ÷. 126¹² rædumm] lærdumm. 140²⁰ vhæfum] æthæfum. 144¹⁰ wilmæle] vid mæle. 154² broder] frodur. 164¹⁷ skilde] siglde. 177²⁵ spurde] stefnde. 180²⁰ rauner banna] Runer bana.

⁷⁵ *ÍÆ* I 347.

⁷⁶ Sbr. *Sturl.* I xlv–xlvi; *AM priv. brevv.* 344; *ÍÆ* IV 129.

ÁM 116, fol.

Sturlunga og Árna saga í einu bindi. Handritið er að mestum hluta skrifað af sr. Jóni Ólafssyni á Lambavatni (d. 1703), en síðasta hlutann hefur Jón Sigurðsson frá Viðidalstungu skrifað upp að nýju og skeytt aftan við.⁷⁷ Greinilega er þar aðeins um endurgerð hinnar upphaflegu bókar að ræða; textinn flokkast ekki öðru vísi, eftir að síðari höndin tekur við, en hún nær allt frá 78² *herra abota* og til loka sögunnar. Fyrirsögn er þessi: „Sagan af Arna biskupi j Skalholti og hverninn þenþr urþo þreingþer fra sinum opulum med bannferingum og ijmislegum tilfellum hvad um þann tima hefr til borit her a Jslanþi eirninn j Noreigi.“ Fyrirsagnir eru við hvern kapitula. Hinar fyrstu eru svohljóðandi: I. „Ætt og uppruni Arna biskups“. II. „Uppvaxtr Arna biskups“. III. „Arni siglir med Branþi abota“. IV. „Arni prestzvigizt og skipazt Officialis Holastapar“. V. „Arni pr: vigizt til biskups“.

Heimildir eru um 116 í ÁM 122c, fol. Það hefur verið í eigu Guðrúnar Eggertsdóttur í Bæ á Rauðasandi, en Árni Magnússon hefur skrifað Ormi Daðasyni og beðið hann falast eftir bókinni. Fremst í 116 er miði með hendi Árna: „Sturlunga saga. Kom fra Monsr. Orme Dada syne 1724.“ Skv. upplýsingum Jóns Ólafssonar í bréfi til Árna er 116 skrifað eftir bók Páls Ketilssonar (sbr. bls. xlvii). 116 er því runnið frá 437–8, eins og reyndar sést af textasamanburði.

116 fylgir 438 gagnvart nýjum lesháttum 115 með þessum undantekningum: 83²⁰ landsins þess; 105^{7–8} lyzti hann brefi; 160¹⁴ stanþa; 167¹² fretti han.

Nýjum lesháttum 438 fylgir 116 með eftirtöldum undantekningum: 7² siglþi; 9³ þeri; 22¹² bæggul; 52^{2–3} bidstund; 54⁴ hætta; 90^{10–11} holz mun; 124¹⁶ klakazt vid; 126¹² reþum; 140²⁰ athæfum; 154² brodr; 177²⁵ nefnþi; 180²⁰ hiner bana. Ljóst er af þessu, að 116 er runnið frá 438. Hins vegar eru frávik svo mörg og þess háttar, að óhjákvæmilegt er, að 116 (eða handrit Páls Ketilssonar) hafi stuðzt við annað handrit jafnhliða. Vísur sr. Jóns Arasonar eru ekki í 116. Hugsanlegt er, að blað með þeim hafi týnzt aftan af bókinni, áður en hún barst til Kaupmannahafnar, þar sem vísurnar er að finna í Huseby nr. 35, sem runnið er frá 116.

⁷⁷ *Katal. arnam.* I 80.

Dæmi nýrra leshátta 116 (texti 438 framan hornklofans):

5¹⁸ mest] ÷. 6¹⁴ nöttum] nötum. 16³⁻⁴ intrans.] in transumtione. 18¹ fiöl-skyllða] + (vegna). 19⁸ borde, skipadi hann] hann bæpi skipaði. 25⁶ lete] leiti. 40¹² var²] ÷. 56¹⁵ äqvæde] atqvæpi. 57² rada] repi. 64⁸ athafst] a hafzt. 83²⁰ þeir] þess. 84²⁵ 4. vikum] fiorþu viku. 89⁵ hann hefði við bændur] við þenþr, at hann hefði. 91²¹ skatta þa] þa. 92¹⁶ ei fyrer jllvilia] fyrer illvilia einganneig-enn. 109²³ halld] hand. 132¹¹ kongs] biskupz. 136¹⁶ treistandi] freiztanþi. 138³ vokur] vólki. 148⁴ obrygdann] upreittann. 150¹⁰ Duffgalsson] Duffalzson. 155¹⁷ fleire] + harþinþi hans, ok þvi. 172⁵ hann] + (daudann).

Huseby nr. 35

Áður en 116 var flutt úr landi (1724), hefur það verið skrifað upp. Beint eftirrit þess er glatað, en varðveitt hafa þrjú dótturrit þess, öll runnin upp á Breiðafjarðarsvæðinu. Huseby nr. 35 er á Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi og hefur að geyma Sturlungu ásamt Árna sögu. Fremst á titilblaði Sturlungu stendur:

Skrifud A Nij A Hvallautrum A Breidafirde af Petre Ions syne Anno Domine 1723.⁷⁸

Samkvæmt upplýsingum í handritinu sjálfu hefur það verið í eigu Bjarna Péturssonar á Skarði (d. 1768). Síðan er ekki vitað um feril þess fyrr en um miðja 19. öld. George Stephens hefur skrifað á saurblað:

Bought of Mr Rodd, Bookseller, Great Newport Street, London. George Stephens London, 1848.

Í eigu Stephens var 35, þegar Guðbrandur Vigfússon gaf út Sturlungu sína,⁷⁹ en til Svíþjóðar hefur það borizt með öðrum handritum hans.

Fyrirsögn 35 er næstum alveg samhljóða 116. Það hefur að geyma kaflafyrirsagnir 116 og fylgir því gagnvart nýjum lesháttum 115 og 438 nema: 53¹¹ áburdar. Ennfremur fylgir 35 nýjum lesháttum 116 nema: 91²¹ þa] þat; 132¹¹ kongz á spássíu.

Dæmi nýrra leshátta 35 (116] 35):

3¹² lijt] + um. 3¹⁵ a lifi] á eftir 3¹⁶ Þorlaks. 8¹⁴ Oddi] Oddur. 8¹⁷⁻⁹ saman ganga] samganga. 9¹⁴ sinn] ÷. 29⁷ landzlaga] laga. 45⁵ mikillega] + druck-it og. 73⁶ Vigfus] Vigdisar. 123²¹ sina] ná. 124⁵ geck at] ät. 124²² siallþan] hvarki. 125¹⁴ apr] apr. þa peninga er] þann pening, þann. 126⁷ Hlid] Holli.

Aftan við söguna eru títtnefndar vísur sr. Jóns Arasonar frá 1650.

⁷⁸ Um Pétur Jónsson hefur einkum fjallað Annette Hasle í *Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar* (Ed. arnam. B 25, København 1967) xxxiii-xxxiv.

⁷⁹ *Sturlunga Saga* Edited ... by Dr. Gudbrand Vigfusson I (Oxford 1878) clxxvii.

UB Oslo 2, fol.

Sturlunga og Árna saga ásamt Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar. Sögurnar eru „Skryfadar Anno MDCCXCIIJ æ Flatey af Sveine Gudnasyne.“ Í lok Hrafns sögu er ártalið 1794. Ferill handritsins er annars ókunnur.

Fyrirsögn Árna sögu er þessi: „Sagann af Arna biskupe Þorlæks syne, sem bændur fyrði stada ræðum. Nefndur síjdann Stada Arne.“ Handrit þetta virðist runnið frá 35. Það fylgir texta 35 gagnvart nýjum lesháttum 438 með eftirtöldum minni háttar frávikum: 9⁹ vo (*ritarinn hefur að líkindum þekkt talsháttinn*); 13³ flokk; 17⁴ Austfiarda hófdingiar; 124¹⁶ klakast við um. Þá fylgir 2 35 gagnvart nýjum lesháttum 116, undant.: 40¹² var; 138³ volkur. Þá má nefna 132¹¹ kongs. Nýjum nefndum lesháttum 35 fylgir 2 flestum. Undant.: 123²¹ næ æðru] nú æðra. Kaflafyrirsagnir eru samhljóða 35, og aftast eru vísur Jóns Arasonar.

Dæmi nýrra leshátta 2 (35] 2):

3¹⁰ magz munar] afls muna. 4¹¹ dotter þeirra] ÷. 126¹¹ þetta] þui.

Handrit á Saltykov-Schedrinsafninu í Leningrad (S. S.)

Nýlega barst vitneskja um handrit Sturlungu og Árna sögu á Saltykov-Schedrin alþýðubókasafninu í Leningrad. Handritastofnunin hefur keypt filmur af handritinu, og jafnframt hefur henni borizt greinargóð lýsing á handritinu og ferli þess frá A. S. Liberman cand. phil., málvísindastofnuninni í Leningrad. Við lýsingu hans er mjög stuðzt í því, sem hér fer á eftir, enda þótt stikla verði á stóru. Samkvæmt titilblaði er bókin „Af Petre Ionssine skrifvd a Hvallatrvm a Breidafirde A^o 1724.“ Um feril handritsins kemur eftirfarandi fram: Handritið hefur Bogi Benediktsson á Stykkishólmi fengið að gjöf, en selt það manni að nafni Jørgen Hood 1811, en hann mun hafa flutt það til Noregs. Þar hefur S. S. komizt í eigu Jakob Aall, en 1814 gaf hann það P. K. Suchtelen greifa, sem var þá sendiherra Rússlands í Stokkhólmi. Við lát hans (1836) var handritasafn hans allt, sem var gríðarmikið að vöxtum, selt Almenningsbókasafninu í St. Pétursborg.

Handrit þetta er eina íslenska sagnahandritið, sem vitað er um í Sovétríkjunum.

Fyrirsögn Árna sögu er þessi:

Saga Arna biskups í Skalh: Inneheldur hverninn bændvr a Yslande vrdv þreingder frá sinvm kirkiveignvm og ödvlvv, firer ymsar ordsaker, item, hvad vm þann tyma i Noreg og a Yslande giørst hefvv.

Vísur Jóns Arasonar er hér ekki að finna né heldur fyrirsagnir einstakra kapitula.

S. S. fylgir 35 nákvæmlega gagnvart nýjum lesháttum 438 og enn fremur að mestu gagnvart nýjum lesháttum 116. Undantekningar: 138³ volcor; 148⁴ upreittum. Þá fylgir S. S. sérlesháttum 35, en með nokkrum undantekningum: Á eftirtöldum stöðum fylgir það lesh. 116 á móti 35: 81⁷⁻⁹, 73⁶, 124²². Ennfremur: 126⁷ Hvammi. Þessi tvö handrit með hendi Péturs Jónssonar virðast því eiga sameiginlegt forrit.

Nýir leshættir S. S.:

4¹ sonur—sonar] Loptz s. 4⁴ þeir keyptu] ö. r. 83¹⁰ mikils] mikit. 126⁸ sem] ÷. 126¹¹⁻¹² hann—rettlatæ] rettinþi hans.

L. 2. 10

Handritið L. 2. 9–10 í Trinity College í Dyflinni hefur að geyma Sturlungu í 11 þáttum, og er Árna saga skráð sem hinn 12., aftast í síðara bindi. Handritið er skrifað af Grími Thorkelin á síðara hluta 18. aldar. Hann hefur merkt sér bæði bindin á fyrstu síðu: „GThorkelin“. Í handritinu er laus tvíblöðungur með hendi Magnúsar Jónssonar í Vigur, 7 erindi sr. Jóns Arasonar í Vatnsfirði um efni Sturlungu og Árna sögu. Fyrir neðan vísurnar er ritað með hendi Árna Magnússonar: „frä Magnuse i Vigur 1698“. Tvíblöðungur þessi hefur að líkindum flæktzt inn í handritið úr frumriti þess, en það er án alls vafa 116.

Fyrirsögn Árna sögu og kaflafyrirsagnir eru samhljóða 116. L. 2. 10 er yfirleitt samhljóða 116 gagnvart nýjum lesháttum 438. Undantekningar: 3⁵ sinum; 53¹¹ áburdar; 115¹¹ fulltings; 124¹⁶ klakast vid um. Allt eru þetta léttvæg dæmi og sennilega leiðréttingar ritara sjálfs. Vísur Jóns Arasonar frá 1650 um efni Árna sögu er ekki að finna í þessu handriti.

Þá fylgir L. 2. 10 öllum nýjum lesháttum 116 nema einum: 91²¹ þa] þat. Það er enn til marks um, að L. 2. 10 er beint eftirrit 116, að allar textaleiðréttingar með hendi Árna Magnússonar í 116 eru teknar inn í texta L. 2. 10 og ennfremur tvær spássiugreinar Árna með yfirskriftinni: „A. Magnæus ita (*eða hæc*) in margine annotavit.“

Dæmi nýrra leshátta (116] L. 2. 10):

4¹⁹ elsku] + á. 5⁹ fra] til. 8⁶ at] oc. 11⁷ Sancti] ÷. 11¹²–12¹ Þorleifr] herra Arni. 82¹⁷ a] af. 83¹¹ ver] á eftir 83¹¹–¹² meingerþer. 125¹⁵ epter—honom] ÷. 127³ mun] vil.

ÁM 386, fol.

Sturlunga í 11 þáttum ásamt Árna sögu, skrifað af sr. Þorvaldi Böðvarssyni (d. 1836). Aftast er sams konar registur og í 385. Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir koma að mestu heim við 116. 386 fylgir víðast texta 116 gagnvart nýjum lesháttum 438. Í eftirtöldum dæmum geymir það hins vegar leshátt 115 á móti bæði 438 og 116: 80¹⁴–¹⁵, 99⁸, 177²⁵. Þá fylgir 386 nýjum lesháttum 116 víðast hvar, en í tveimur dæmum er þó fylgt leshætti 438: 40¹², 91²¹. Þessi frávik verða varla skýrð öðru vísi en að um blendingstexta sé að ræða. Ýmsir leshættir og spássiúorðamunur benda eindregið til þess, að Þorvaldur hafi jafnframt haft C-handrit við höndina.

386 flokkast með 116 gagnvart öllum tilgreindum nýjum lesháttum Breiðafjarðarhandritanna. Það mun því vera runnið frá enn einni glataðri uppskrift 116. Vísur Jóns Arasonar eru ekki í 386.

Dæmi nýrra leshátta (116] 386):

47^{–8} Þessar—þeirra] Dætr þeirra varo þessar. 82¹⁶–¹⁷ ordenn—skap] felldr félags—skapr. 82²⁰ riþit] ritat. 83²¹ starf] störf.

Lbs. 235, fol.

Sturlunga í tíu þáttum og Árna saga, skrifað af Jóni Þórðarsyni 1681–2. Sturlunga er skv. titilblaði

Epter þeim ellstu og rettustu originalum, sem til hafa feingest skiallega vppskrifut ad tilsioon og forlæge virdulegs hófðingia Magnusar Joons sonar ad Wigur ä Ysafiardar diwpe sub Anno Gratia M : DC : LXXXIII.

Í lok Árna sögu er ávarp til Magnúsar og annarra góðfúsra lesara, sem lýkur þannig: „Endud Anno 1682. þann 11 Marty. Joon Þördarson m. e. h.“

Fyrirsögn Árna sögu hljóðar svo: „Nu eptter fylger hinn sýdazte þættur af | Jslendingum sem er sagann af Arna biskupe | og huørninn bændur vrdu þreingder fra | sijnumm ödulum með bannfæringumm og | jmis legum (at burdum) til ferlumm, | huad vmm þann tijma hefur til borid | hier a lande og Noregi. Ra|fn Oddsson sygler og fleyre adrer | Hann andadist i Norege.“ Aftan við söguna eru annálagreinar samhljóða *B*⁴ með fyrirsögninni: „Biaurn Jonsson S. æ Scards ä skrifar ad þessa poosta vanti j sauguna.“ Þótt einkennilegt megi virðast, er vísur Jóns Arasonar hvorki að finna í 235 né eftirritum þess.

Samsvaranir við Papp. 4to nr. 3 í Stokkhólmi benda til þess, að þessi tvö handrit eigi sér sameiginlegt, glatað forrit, eins og síðar verður rakið (bls. lv). Í bréfi til Árna Magnússonar, sem útdráttur er úr í ÁM 122c, fol., segir Magnús Jónsson, að Sturlunga hafi verið skrifuð í ungdæmi hans heima í Vatnsfirði eftir pappírnbók, sem Brynjólfur biskup hafi léð þangað.⁸⁰ Hugsanlegt er, að þetta glataða handrit sr. Jóns Arasonar í Vatnsfirði sé einmitt móðurrit 235 og 3.

235 fylgir nýjum lesháttum 115 með þessum undantekningum: 3¹⁰ maags] + rykiss *b. v. yfir línu*; 83²⁰ Lopttz med honum *en dregið út*; 97²² Eirekur biskup; 167¹² frietti hann enn.

Dæmi nýrra leshátta (115] 235):

3⁷⁻⁸ sijdann—Enn] ÷. 4² Þoru] Þörunn. 6⁶ Þorsteirn Hafur biarnarson] Hafur Biarnarson. 7⁵⁻⁶ vmmrade] rædi. 7¹³ æ] vid. 9⁴⁻⁵ samlag] ÷ *en tiltæke b. v. á spássiu*. 10¹⁵ þad ræd] ÷. 15²⁻⁴ og—kirkiueign] ÷. 43² og þingade] ÷. 43³ ad läta] til adt. 45⁶ vtleislann] veitslann. 47⁶ Vmm—kongs] ÷. 48¹⁰⁻¹¹ skipade—hann] ÷. 49¹³ audga] ÷. 66⁹ Karelal] karlar. 73¹² Þorsteine—Hafurbiarnal] Hafur biarnar syni. 105¹⁷ (annad skilia)] ÷. 111² hermannda] hermtt. 111²⁰ styrke] ÷. frelse] + stadfeste. 112²¹ stadfesta] handfesta. 125¹⁰ fyrregreynn] sitt. 127² er—giaura] ÷. 146⁹ og—snemma] syra Oddi. 146¹²⁻¹³ Simon prestr] Snorre. 146¹³ Steynunn] Stejrn. 148¹⁴ samneytte] sektadi. 152³ riettu—og] ÷.

ÁM 120, fol.

Sturlunga og Árna saga frá lokum 17. aldar. Orðamunur er á spássiu úr handriti með ágripstexta Björns á Skarðsá (4865). Ekki hefur enn

⁸⁰ *AM priv. brevv.* 245.

tekizt að nafngreina skrifarann, en greinilega er hann í tengslum við þá feðga Jón Arason og Magnús í Vigur. Sama hönd er að hluta á Ny kgl. sml. 331, 8vo, en það handrit er tengt sr. Jóni Arasyni og hefur verið í eigu sr. Vigfúsar Guðbrandssonar, sonarsonar hans.⁸¹ Þá svipar 12. hendi Kvæðabókar í Vigur mjög til 120.⁸² Handritið mun Árni Magnússon hafa fengið frá Vigfúsi Guðbrandssyni.⁸³ Árni hefur sjálfur skrifað á spássíu athugasemd Brynjólfs biskups við 80. kaflann í 115.

120 er vafalaust runnið frá 235. Það fylgir öllum nýjum lesháttum þess handrits; eina minni háttar frávikið er: 4² Þorunnar. Fyrirsögn sögunnar er: „Arna Þattur“.

Dæmi nýrra leshátta (235] 120):

5¹⁵ merke] efne. 6¹⁸ er—vier] ÷. 7² Brand äböta] ÷. 43⁷ lykn] lyk. 43¹² monnum] málum. 48⁵ skyti—hug] bliese huörum j briost. 69¹ biskupa] presta. 105¹⁹ sem] + giör var. 106¹³ haff] fundid. 108²³ heiti] ryte. 109² mijns herra] þeirra. 113¹⁹ kong] hlut.

Lbs. 142, 4to

Árna saga ein frá fyrra hluta 18. aldar. Handritið er að mestu með einni hendi. Fyrirsögn er: „Saga af Arna biskupe Þorlákssyne í Skálhollte“. Spássíugreinar eru með hendi sr. Jóns Halldórssonar í Hítardal (d. 1736) og Vigfúsar sonar hans; hinn síðarnefndi hefur enn fremur bætt við söguna annálagreinum Björns á Skarðsá með fyrirsögninni: „Biörn Jonsson æ Skardsæ skrifar að þetta vante við söguna.“ Um þetta er vitnisburður Hannesar biskups Finnssonar aftast í bókinni. Hann hefur einnig borið allt handritið saman við handrit af C-flokki og skrifað textaleiðréttingar á spássíu og yfir línu. Í dæmatali hér á eftir verður þeim leiðréttingum ekki sinnt.

142 er runnið frá 235 og fylgir nýjum lesháttum þess. Eina undantekningin er 105¹⁷ ei] skie (*samhljóða leiðréttingu m. a h. í 235*). Ritað er 9⁴⁻⁵ tiltæke.

Dæmi nýrra leshátta (235] 142):

5⁴ Ryckte] Rycke(!). 5⁴⁻⁵ þa—ordinn] á eftir 5⁵ hans. 5⁶ fælätur] fätækur. 5¹⁰ hieilt] + büe. 116²³ skipe] skipte. 117⁵ fæstu (*óljós lesh.*)] þorra. 117¹¹ i syndinne] ÷. 117¹⁸ biskups og (*dregið undir ordin*)] ÷.

⁸¹ *Íslensk fornkvæði* . . . udgivet af Jón Helgason IV (Ed. arnam. B 13, København 1963) xxix–xxxiv.

⁸² Jón Helgason: *Kvæðabók úr Vigur B* (Kaupmannahöfn 1955) 19.

⁸³ *Sturl.* I xlvii.

Stockh. Papp. 4to nr. 3

Sturlunga og Árna saga. Skv. fyrirsögn er handritið „Skriffad med mesta flyter a Modruvøllum j Hørgardal Anno 1683.“ Það hefur borizt til Svíþjóðar með Jóni Eggertssyni eftir söfnunarferð hans 1682–3, og sjálfur hefur hann látið skrifa það, eins og sést á ferðareikningi hans:

Iislandinga Saga dend Store, Er skifft i = 12 parter, hvilcken Jeg har ladet udskrifue med stor bekaastning paa stacked Thiid, og maat fremb og tilbage skicke dend laante bog, koster 18 R:dr. er hos mig at finde.⁸⁴

3 er runnið frá 115. Nýir leshættir 115 ganga þar flestir aftur. Undantekningar: 83²⁰ loptz med þeir; 97²² Eyr⟨e⟩kur biskup. Þá á 3 eftirtalda leshætti sameiginlega með 235: 6⁶, 7¹³, 9^{4–5} samlag] ÷, 43³, 47⁶, 66⁹, 111²⁰, 125¹⁰, 127², 146^{12–13}. Í öðrum dæmum fylgir 3 texta 115 á móti 235. Þetta verður tæpast skýrt á annan veg en þann, að 235 og 3 hafi átt sameiginlegt forrit, en það forrit (*j¹) hefur verið tiltölulega nákvæm uppskrift 115; milli þess og umræddra handrita eru vel hugsanlegir einhverjir milliliðir.

Dæmi nýrra leshátta (115] 3):

3³ Orms] Magnusar. 4¹² Hogna] Helga. 4^{17–18} biuggu—bader] bio. 5¹⁴ kyns] skinz. 7¹² klerk] sterk(!). 15¹⁴ Ad—týma²] ÷. 45^{3–4} þesser—saman] ÷. 45¹² recki] verkium. 45¹⁹ ritare] vitrari. sem skipast] ÷. 67⁴ bra] bar. 69⁴ hallur—könginn] hollur konginum. 69^{4–5} minna—erchibiskupinn] ÷. 73¹⁸ sa—voru] ÷. 73¹⁹ tal] ÷. 74^{3–4} en—mälum] ÷. 82¹⁶ vpp] vppa þä. 83¹⁰ og skilde] ÷. 104¹⁶ nädum] rädum. 106¹⁰ skynsemdum] skilsemdum. 106¹² eigannde] eignande. 107⁵ starfs] straffz. 109¹² hallded] alltyd. 113¹⁷ eptter] ef. 149¹³ leingra lijs] longum lyf. 149¹⁵ lat] rät. 152⁵ framar] fyrermanne. 152⁹ pistlumm] prestunum.

Þess skal getið, að þessir leshættir koma ekki fram í 235 né sannanlegum eftirritum þess.

Aftast í 3 eru tvær vísur eftir Jón Arason, 2. vísa um efni Árna sögu ásamt einni Sturlunguvísu hans.

Í Papp. fol. no. 4 í Stokkhólmi eru Sturlunga og Árna saga, skrifaðar af Jóni Vigfússyni 1688–9. Handrit þetta er með vissu eftirrit 3⁸⁵ og hefur ekki verið athugað við undirbúning þessarar útgáfu.

⁸⁴ Gödel: *Katal.* 261.

⁸⁵ Gödel: *Katal.* 122–3.

ÁM 119, fol.

Sturlunga og Árna saga í útdrætti, ritað af Ásgeiri Jónssyni fyrir Þormóð Torfason í lok 17. aldar. Þormóður hefur gefið handritið Hermanní Mejer, en eftir dauða etatsráðsins föður hans (1701) keypti Árni Magnússon það á uppboði.⁸⁶ Af Sturlungu er hér ágripstexti Björns á Skarðsá, en í Árna sögu er farið eftir 115, eins og Árni Magnússon tekur fram í handritaskrá sinni í ÁM 435a, 4to:

Arna biskups sögu hefr Asgeir epitomerad, ur þeirri Sturlunga sögu er Þormodr feck af Sr. Þorde Jons syne.⁸⁷

Upphaf sögunnar í þessu ágripi Ásgeirs Jónssonar hljóðar þannig:

Her seger fra Arna biskupe oc Rafne Oddzs(yni).

Arni biskup var s(on) Þorlaks Gudmundar sonar Griss oc Halldoru d(ottr) Orms i Holltum, hann var fæddr a því ari er Magnus biskup Gizurar s(on) andadiz. Hann fæddiz up med fodr sinom er fyrst bio at Svinafelli oc síþan at Rauda læk, geck þar fe af hendi honum, undi hann þar litt oc for bygðum a Reynevelli i Kios til Jorundar Sigmundar sonar er atti d(ottr) hans. Þessi voro þa a life born Þorlaks, Magnus, Ormr, oc Arni hann var yngztr, dætr Asbiorg er Helgi s(on) Loptr Svartzsonar atti. Sa Loptr atti Gudrunu Hamra Fins d(ottr) systri Biarna f(odr) Finnz i Selvogi oc Þorw er atti Þormodr a Gufunesi f(ad-ir) Svartz. Þeir fedgar bioGu fyrst at Kalfafelli, adr þeir keiftu Skalar land at Sæmunde Ormz (*br. úr* Oddz) s(yni). Barna þeirra Asbiargar var Loptr ellztr, þar næst Biarne pre(str) þa Magnus pr(estr), þa Arne er síþan varþ biskup. Torfi pr(estr) var længetinn s(on) Helga, atti hann þann adr hann feck Asbiargar. Dætr þeirra Helga, Þora, Gudny, Halldora, Agatha er var abbadis. Gudrun Þorlaks d(ottir) atti eingi born. Þridiu d(ottr) Þorlaks Þoru, atti fyri Guttormr. Þeirra d(ottir) Halldora er atte Kolbeinn Hognas(on). Þoru atti síþan Klængr Teitzs(on). Þeirra d(ottir) Asta er atti Ivar Holmr.

Þorlacr var eirn vetr a Reinevollum, oc annann a Hofe a Kialarnese fyrir bue Olafs Ionss(onar) f(odr) Ions oc Styrkars. Þadann for hann a/str i Skal oc bioGu þeir magar þar badir þau misseri. Helgi b(ondi) lagði mikla elsku vid Arna klerk, þvíat hann sa hann mundi verþa

⁸⁶ *Sturl.* I lxvi; *Katal. arnam.* I 81.

⁸⁷ *AM Håndskriftfortegnelser* 53.

hofþinge sinna frænda sakir atgiorvi oc allrar framkvæmdar, honum mundi oc æþit verþa stærri tignar enn þa var framkomid. Arne var i fyrstu falätr, ydkæpe imisligar iþrottir hagleik, askurd, oc allt tresmið, rit, boknam oc allar klerkligar listir. Var hann af þessu ollu faskiftinn til almennings, enn er hann eldtiz gerþiz hann þydr vid alþidu, oc einu sinne for (*tvíritað á línunótum*) hann til skinnleiks i Kyrkio bæ. Þa rak hann nidr annat kne a arinhellu þar i stofunne oc sprack fyrir mioc. La hann nær viku, oc var þadann af alldri at þess kyns leikum, oc kendi sic i þessu hyrdtan fyrir oskynsamliga skemtan.

ÁM 118, fol.

ÁM 117–18, fol. hefur að geyma Sturlungu og Árna sögu og er að líkindum skrifað á síðara hluta 17. aldar. Fyrirsögn Árna sögu er samhljóða J og 115. Ritari er ókunnur og ferill handritsins einnig, en vel er hugsanlegt, að handritið sé beint eftirrit 115, sem Árni Magnússon hafi látið gera, áður en 115 komst í eigu hans. Í 118 eru margar spássíuathugasemdir með hendi Árna, m. a. vitnar hann til spássíugreinar Brynjólfs biskups við 80. kaflann. Kálund getur þess, að 117–18 hafi verið notkunareintak Árna af Sturlungu.⁸⁸ Hugsanlegt er, að Árni hafi látið eftirrita 115, áður en Þórður Jónsson sendi það Þormóði. Stefán Karlsson hefur reyndar bent mér á, að 117–18 á talsvert mörg skriftareinkenni sameiginleg með settaletursskrifum Árna sjálfs frá fyrstu Hafnarárunum.⁸⁹

118 fylgir nýjum lesháttum 115 með eftirfarandi undantekningum: 3¹⁰ marg; 83²⁰ landsins.

Dæmi nýrra leshátta (115] 118):

5⁴ ryktt] virde. 9⁹ var] um. 25¹⁵ först] tókst. 33⁵ vmbusta—og] ÷. 48⁵ misþykttar hārum] mysþycktum. 51¹⁰ heympta] heimt. 53²⁰ þetta] þecka. 54¹⁹ skypta] þiggia skipte (*Í 115 er skrifað þyggia skypta en dregið undir fyrra orðið*). 86⁴ voru] + þóttust ei skylia (*dregið undir samhljóða klausu 115*). 89⁴ sat] sá. 104¹² bref] brek. 105⁷ brefc] biskupe (*eðlil. misl. 115*). 110² möte] ÷. 118¹ æ] á. 145²² þier] sier. 147¹⁶ bved] ÷. 148⁶ vtlæga] ÷. 148¹³ liet] ÷. 157⁸ skiota] fararskióta. 176¹ flotanns] flotanna.

⁸⁸ *Sturl.* I xlvi. Skv. ábendingu Stefáns Karlssonar er 117–18 það Sturlunguhandrit, sem Árni hefur notað í ÁM 215, 8vo.

⁸⁹ Um skriftareinkenni Árna sjá Stefán Karlsson: „Um Vatnshyrnu“. *Opuscula IV* (Bibl. arnam. XXX, Hafnæ 1970) 288–91.

Ny kgl. sml. 1232, fol.

Síðara bindi Sturlungu og Árna sögu frá s.hl. 18. aldar. Handrit þetta er eftirrit ÁM 117–18, fol.⁹⁰ 1232 fylgir 118 gagnvart nýjum lesháttum 115; eina undantekningin er 97²² erkibiskup. Þá fylgir það öllum nýjum lesháttum 118.

Lbs. 224, fol.

Síðara bindi Sturlungu og Árna sögu; fyrra bindið mun vera glatað. Handritið er skrifað í Kaupmannahöfn um 1740 á vegum Jóns Ólafssonar frá Grunnavík. Á aftasta blaði bókarinnar, eins og hún er nú, eru þessar athugasemdir:

Þessi AArna biskups Þorlákss: saga er confererud med eiginhandar vöndudu transscripto S^{ra} Ejolfs pr. Jonss. á Wøllum i Svarfadar-dal | : sem hefur verid kalladur lærdaste prestr i þessare syslu á þessu seculo og adgiætenn antiquarius: | oc seger hann þetta epter-filgiande vante í söguna at vitni B. J. S. á Skardsæ.

Þá fylgja annálagreinar B⁴, en síðan segir:

Enn saga AArna biskups, ádur ummgetenn, sem eg hefe consulerad, er skrifud í 4to med mikid bundenne setta leturs hönd, af profaste sira Þorsteine Ketels syne, og tilheyrer ásamt vidheftre, sokalladre Hungurvöku velædla hr. lógmanne Sveine Sölvasyne. Testor Espehoole i Ejafyrde d. 24^{da} Jan: 1777 |

JJacobson

MPria.⁹¹

Þessi tilvitnun er tekin upp orðrétt í Lbs. 836, 4to (sbr. bls. xxxvi–xxxvii) með lítils háttar úrfellingum, svo að ljóst er, að 224 er síðara bindi þess handrits, sem Halldór Hjálmarsson kallar Codex B. Þegar Halldór hafði 224 undir höndum, fylgdi handritinu enn greinargerð Jóns Ólafssonar, sem tekin er upp í eftirmála 836. Þar stendur þetta m. a. (bls. 977):

Bókar þessarar (sem er hinn sídare helmíngur af Sturlunga sögu) sannr eigandi er gófigr valldsmadurinn í Þingeyarþíngi Jon Bene-

⁹⁰ *Katal. oldn.-isl.* 141.

⁹¹ Ekki er alveg ljóst, hvornig ber að túlka þessi ummæli, en samanburður orðamun- arins á spássíu við Lbs. 4398, 4to sýnir, að texti sögunnar er *V-texti, sbr. hér bls. xxxix–xl.

dictzson, hefe eg hana hans vegna látid uppskrifa af tveimur Is-
lenskum studentum, sem eg hefe til fengid, fyrer utan nóckr órk
med minne hende . . . Er þetta mest allt unnid á næstlidnum vetri
1739–40. Enn bókin sem þesse er epter skrifud, stendr i Biblioth.
Ass. Árna, er hann epter sig gaf og til eignar lét Academienu,
Num. 115. i foliantbókunum MScriptis, med hende Sr Jóns í
Villingaholtti, vída leidrett af Ass. Arna . . . Kæpmannahöfn
þann 4^{da} Junii, sem var la/gardagrinn næste fyrer hvítasunnu, A^o
Domini 1740. Joon Olafsson.

Allir tilgreindir nýir leshættir 115 koma fram í 224. Dæmi nýrra les-
háttá (115] 224):

20⁴ bera] berast. 23⁷ kyns] slags. 57¹⁶ þeir—biskup] þeirra mille Magnus kongs
og Arna biskups. 113²⁰ lyfe] hlíjdne *en leiðr. á spássíu m. a. h.*

Thott 1749, 4to

Árna saga ein. Fyrirsögn er samhljóða 115 í meginatriðum. Hand-
ritið er komið frá Langebek (d. 1775) og er sennilega skrifað í Kaup-
mannahöfn. Spássíugreinar eru teknar upp bæði úr 115 og 118; úr síð-
arnefndu handriti er t. d. tekin upp orðrétt tilvitnun Árna Magnússonar
í ummæli Brynjólfs biskups um 80. kaflann.⁹² 1749 flokkast hins vegar
ekki með 118 um sérleshætti né með öðrum handritum, sem runnin eru
frá 115. Hins vegar á 1749 það sameiginlegt með ungum, sannanlegum
eftirritum 115 (224, 4108), að leiðréttingar með hendi Árna Magnús-
sonar koma þar fram. 1749 fylgir nýjum lesháttum 115 með þessum
undantekningum: 7¹¹ veitslu; 18⁸ alþijðunne; 82¹¹ kuad hann; 83²⁰
lands med þeim; 105^{7–8} biskupe liyste.

Dæmi nýrra lesháttá (115] 1749):

3³ Gryss] Grijssonar. 3¹³ Øgmundar] Olafs. 4⁴ keyptu—lannd] biuggu ä Skäl-
arlandi sem þeir keyptu. 83⁵ lidsinniz] lidsens (*edlil. misl.* 115). 83⁹ mein-
giorder] meinsemder. 104²¹ biskope] briefe.

⁹² „Addita atque intersita sunt hæc et huius generis omnia nuper à Domino Jona
Aræsonio præposito et pastore Vatsfiordio, teste Bryniolfo Svenonio qvi ista in
sui codicis margine propria manu annotavit.“ Í 120 hljóðar tilvitnun Árna þannig:
„hoc caput de suo addidit Jonas Aræsonius pastor Vatsnsfiordinus teste Brynolfo
Svenonio episcopo Scalholtensi qvi istud in sui codicis margine annotavit.“

Lbs. 4108, 4to

Lbs. 4104–8, 4to hefur að geyma Sturlungu og Árna sögu, skrifaðar af Hans E. Wium í Kaupmannahöfn í upphafi 19. aldar. Fremst í 4104 er þessi klausa með hendi skrifarans:

Íslendingasaga, skrifut eptir pappírs afskrift N^o 115 í tvíblöðrúngs (sic!) formi sem Þormódr Torfason gaf Árna Magnússijni A^o 1712 þann 17 October.

Handritið var sent hingað að gjöf frá kirkju- og kennslumálaráðuneytinu í Kaupmannahöfn 1911.

Textinn fylgir 115 talsvert náíð, hefur t. d. að geyma alla tilgreinda nýja leshætti 115, nema þar sem breytingar hafa verið gerðar með yngri höndum. Nýir leshættir hafa ekki fundizt umtalsverðir að undanteknum fjölmörgum skýringum og athugasemdum ritara bæði á dönsku og íslenzku á spássíum og milli lína.

Ny kgl. sml. 1235 I–II, fol.

Latnesk þýðing Sturlungu og Árna sögu frá síðara hluta 18. aldar. Árna saga í þessu handriti tilheyrir *J*-flokknum, en vegna lítilla innbyrðis frávíka *J*-handritanna hefur ekki reynzt unnt að marka handritinu frekar stað í ættarskránni.

VIÐBÆTIR, SPÁSSÍUGREINAR

Einkenni *B*-handritanna eru m. a. talsvert margar spássíugreinar, sem rekja má aftur til Björns á Skarðsá. Mest kveður að þeim í *B*¹, en ennfremur hefur Björn sjálfur skrifað ýmsar greinar á spássíu *B*⁴, og í *B*³ eru nokkrar greinar einnig. Hér á eftir verða tíndar til allar spássíugreinar *B*¹ og *B*⁴ ásamt þeim spássíugreinum *B*³, sem eiga sér hliðstæður í fyrrnefndum tveimur handritum. Greinar þessar eru tvenns konar, annars vegar annálskenndar greinar um efni sögunnar, hins vegar skýringar einstakra orða. Vísað er til blaðsíðna og lína í prentuðum texta sögunnar.

3⁹ 1237 *B*^{1,3,4}. 5⁴ liet það jrykia edur rækte *B*^{1,4}. 5¹¹ skinnleikur *B*¹. 6^{16–20} [J]órundur [m]innugastur [R]unolfur kostgiæfenn (kostgiæfnastur *B*³) Arne skilnings

samastur $B^{1,3}$. 7 1262 Utann ferd Brands ab: enn vygdest 1263 til biskupz B^3 . 7⁷ 1263. vǫgður Brandur til Höla B^4 . 7²⁰ A^0 ($\div B^{3,4}$) 1264 do Brandur biskup a Holum (a Holum) $\div B^3$) $B^{1,3,4}$. 7² [1]262. [u]tannferd [Br]landz [ä]böta B^4 . 8¹¹ foryniu ($\div B^4$), fyrer renna edur fyrer fare $B^{1,4}$, forinia fyrer fare B^3 . 9⁹ vode fyrer augsyn brä hönum $B^{1,4}$. 9¹² hvorgi bar fram Gudz ord B^4 . 10⁵ 1267 vǫgður Jörundur biskup til Höla B^4 . 10¹¹ A^0 1268 do Sigurdur biskop i Skalh. B^1 , 1268 dö Sigvardur biskup B^4 . 11⁶ A^0 ($\div B^{3,4}$) 1269 vygður Arne biskop Þorlaks-son ($\div B^3$) $B^{1,3,4}$. 14⁶ Byriar Arne biskop ad tala umm stade ä J[s]llande og koma þeim fra leik monnum B^1 , hier bijriar Arne biskup at tala vmm stada mäl ä Jsl. B^4 . 15⁶ hafde vered klaustur j Hytardal B^1 . 15¹⁴ Olafur abote ä Helgafelle. 5. $B^{1,4}$. Runo[lfur] äböti j Veri (+ v^{ti} (?) *en dregið út*) 7 B^4 . 18¹³ anna seme edur annryke B^1 . 20¹⁰ sængarreckia sængurferd rögg er ferd B^1 . 20¹⁵ husl sacrament B^1 . 21²³ Runolfur abotj var hinn 7 j Vere B^1 . 22¹²⁻¹³ A^0 1271 [ut]koma Þor[v]jardar og Stur[lu] med logbok [Þ]orleifur [l]ögmadur B^1 , 1271 B^4 . 24-25 [A]⁰ ($\div B^4$) 1272 [l]aga-skipte [a] Jslande $B^{1,4}$. Sturla logmadur B^1 . 23⁴⁻⁵ Rafn Od[ds] son skipad halffit Jsland til stio<r>nar B^1 . 25⁷ A^0 1272 sigldu aller B^1 . 25¹⁴⁻¹⁵ 1272 ($\div B^4$) Sturla logmadur annad sinn $B^{1,4}$. Þorleifur hrejmur var adur B^1 . 29⁷ vaskaste af vits munum B^1 . 29¹¹ Odde var frægstur af stöðum $B^{1,3}$. 34-35 A^0 ($\div B^{3,4}$) 1273 ($\div B^3$) Urskurdur Jons ($\div B^3$) ercheb. $B^{1,3,4}$ umm kyrkiur $B^{1,3}$. 35¹⁹ Þorvardur ätti systur Sigh. B^4 . 37² 1273 ütoma Ärna biskups Rafns og Þorvardar B^4 . A^0 1273 ut koma Arna biskops, Rafns og Þorvard(!) liet Magnus kongur hvorn sveria odrum trunadar eyda og fieck þeim allt Jsland i hendur til stiörnar (*tvö síðustu orðin m. a. h.*) B^1 . 38³ skilenn hion leift frillulyfe B^1 , hier kenndi biskup rangan lærdom at skilia lögleg hion, en loffa frillo lijffe B^3 . 38¹¹ Þordur logmadur Eig[il]sson $B^{1,4}$. 40¹⁰ A^0 1273 utannferd Jörundar biskops B^1 , 1273 Sigldi Jörundur biskup B^4 , 1273 B^3 . 41²⁻³ christinn rettur Arna biskops $B^{1,3}$. 41¹¹ 1274 þing i Leonsis B^4 . 42¹⁰ A^0 ($\div B^{3,4}$) 1275 haglid mikla $B^{1,3,4}$ j Þrandheime B^1 . 46¹² 1276 dö Gregorius B^4 , A^0 1276 do Gregorius pave vygður [J]nnocentius B^1 . 47⁴ A^0 ($\div B^4$) 1275 ofrid[ur] millum (milli B^4) [D]ana og Svya $B^{1,4}$. 47⁶ 1276 $B^{1,4}$. 48⁷ A^0 ($\div B^4$) 1276 sendur Adalbrandur pr. ($\div B^4$) til Jslands $B^{1,4}$. 55¹⁶ Jnnan pickiss daga B^1 hvyta sunnu dagar $B^{1,4}$. 55¹⁸ A^0 ($\div B^4$) 1277 do Ask(atin) Biorgvinar ($\div B^4$) biskop $B^{1,4}$, 1277 B^3 . 56² A^0 1277 Gaf Magnus k. lendum mönnum barona nafn og herra B^1 , 1277 B^4 . 56¹⁶ kors smide j Skalhollte B^1 , körs smijd B^4 . 57¹ Rafn best fallenn ad rada Jslande B^1 . 57⁴ Jon logmadur vitur vel ad sier Minna gagn ad Sturl. B^1 . 57⁶ yfer menn osamþycker enn aller truer konge B^1 . 57²² Skipar (hier skipar B^3) Jon e(rche) b(iskop) epter pavans bode biskopenum (biskupum ä Jsl. B^3) ad leysa bein Odds ur banne sem hofdu (þa B^3) i jordu leiged (+ höfdu B^3) 23 är $B^{1,3}$. 58²⁰ A^0 ($\div B^4$) 1278 vygder biskopar ($\div B^4$) Narfe og Þorfinnur $B^{1,4}$. 62¹ hafskip j Skalh(ollte) $B^{1,3}$, haf skip Skälholtz B^4 . 62⁴ maske sam-ka (*br. úr san-ka*) B^1 . 64²² A^0 ($\div B^4$) 1278 leyst bein Odds lau j jord 23 är $B^{1,4}$. 65⁸ Vermundur aboti hinn 9 ad þing eyrum do are sydar 1279 B^1 , Vermundur 9undi ä þing eyrum dö 1279 B^4 . 66⁸⁻⁹ A^0 1279 utkoma herra Rafns, og Þorv. Rafn ordenn merkissmadur B^1 , 1279 B^4 . 68-70 1280 B^4 . 70-71 A^0 1280 do Magnus kongur kryndur Eyrik[ur] do Nich(olas) pave Olafur Gre[nl] utkoma Arna og Jörundar biskop[a]. Jtem kom ut Lodinn leppur og h(erra) Jon med nya logbok B^1 , 1290(!)

*B*⁴. 71⁵ Sama ártal *B*⁴. 73¹⁷ Eingenn madu[r] j Seltiarnarnese (*þessi tvö orð færð aftur fyrir* ma) ma jafnast við Hafurbiorn j bvtu(?) *B*¹. 82³ A⁰ (÷ *B*⁴) 1281 lögtekinn Jons bok a Alp. (Íslandi *B*⁴) *B*^{1,4}, 1281 *B*³. 85¹⁵ A⁰ (÷ *B*⁴) 1281 gipting Eyreks kongs *B*^{1,4}, 1281 *B*³. 89¹⁰ utanfór Rafns *B*⁴. 93¹³ A⁰ (÷ *B*⁴) 1282 do Jon erchebiskop *B*^{1,4} a Skolum(!) j Vestra Gautlande *B*¹. 98¹⁷ 1284 *B*³. 101¹⁸ A⁰ (÷ *B*^{3,4}) 1284 Biskopar svip[t]er stadaforræde (-rade *B*³) *B*^{1,3,4} ä Jslande *B*^{3,4}. 107²¹ hafskip Ska[l]hollts eige frygang *B*¹. 111¹⁵ tveir logmenn. 114¹⁰ 1284 dö herra Sturla Þórdar son log madur. Skalld *B*⁴, 1284 *B*³. 115⁷ 1283 dö Margret drottning og Erlingur *B*⁴. 115¹⁰ 1282 fljidi Jón erckibiskup, og dö *B*⁴. 117⁹⁻¹⁰ 1283 *B*⁴. 117¹²⁻¹³ 1284 *B*⁴. 121¹¹ 1285 dö herra Äsgrimur *B*⁴. 126⁶ Gefur [Jor.] biskop fie fy[rer] fyrer (*sic*) Modruv[elli] j Horgärd[al] *B*¹. 127⁷ Ar(ne) biskop er(?) (*hardur* *B*³) sem bior[n] Jor. biskop slægur sem refur *B*^{1,3}. 128¹¹ 1283 Erlendur logmadur *B*^{1,4} first *B*⁴. 129¹⁷ hafskip Skalh. *B*¹. 129²¹ 1285 vyg[dur] Honoriu[s] pave *B*¹, 1285 *B*⁴. 130¹ fall Phi[lippi](?) *B*¹. 131¹⁶ Jon lögmadur *B*¹. 134²⁰ givur gia giömenne *B*¹. 136⁵ 1285 ut kom[a] s(yra) Gud[m] *B*¹. 136⁸ utan stef[nur] *B*¹. 1286 (÷ *B*¹) fyrst (fyrsta *B*¹) ütbod i leidängur (til leid[angurs] *B*¹) af Íslandi *B*^{4,1}. 145¹⁹ Hier leijder blindur blindan *B*⁴. 150⁵ A⁰ 1287 [do] Honor(ius) p(ave) And(res) biskop [J]ngibiorg d(rottning) [ultan for Jor. biskops *B*¹, 1287 *B*⁴. 150²⁰ 1287 *B*⁴. 153²¹ suckan kemur af söun *B*¹, Sugkad /: sogid üt *B*⁴. 154¹⁵ [stæ]rd og [vir]de Na[hva]lls tannar *B*¹. 156⁵ 1288 *B*⁴. 162⁷ 1288 *B*⁴. 163⁹ Ber ar[um] rett sam[an] *B*¹. 166⁷ A⁰ 1288 for A[rna] og Rafns vygdur Þ[ordur] b(iskop) til Gr[æn]lands *B*¹. 166¹³ 1288 üt fór Ärna biskups og Rafns *B*⁴. 166²⁰ 1288 *B*⁴. 171¹⁶ Týunder og landz ley[ur] i] Skalah. *B*⁴. 173¹⁶ 1289 *B*⁴. 175¹³ [m]usinn [m]otenn legg[ia]nna edur midur [han]dleggurenn (*handleggur* *B*³) *B*^{1,3,4}. 181⁹ 1289 dö Rafn *B*⁴.

HEIMILDABÁLKUR

I. ÁRNA SAGA OG ANNÁLAR

Rannsóknir annála eru enn mjög skammt á veg komnar. Hæst ber að sjálfsgöðu undirstöðurannsókn Storms í annálaútgáfu hans.¹ Ennfremur hefur Finnur Jónsson fjallað um forna annála í bókmenntasögu sinni, en skoðanir hans eru að mestu í samræmi við niðurstöður Storms.² Þá er skylt að geta merks framlags Natanaels Beckmans.³ Sven Axelson hefur rannsakað sænskt efni í islenskum annálum, og

¹ *Islandske Annaler indtil 1578*. Udgivne ... ved Dr. Gustav Storm (Christiania 1888).

² *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie* af Finnur Jónsson, II. 2 787–9, III 71–80 (København 1901–2).

³ „Annalstudier“. Studier i nordisk filologi 3 1912; „Quellen und Quellenwert der isländischen Annalen“. Xenia Lideniana 16–39 (Stockholm 1912).

styðst hann mjög við niðurstöður Storms og Finns Jónssonar.⁴ Loks hafa tveir höfundar nýlega tekið annála til meðferðar, Ólafía Einarsdóttir og Hermann Pálsson.⁵ Við rannsóknir þessar er stuðzt í því, sem hér fer á eftir.

Fræðimönnum ber saman um, að allar varðveittar annálagarðir séu runnar frá sameiginlegum stofni, sem sumir hafa nefnt „frumannál“. Jafnframt hefur því verið haldið fram, að sú glataða annálsgerð, sem yfirleitt er talin rituð um 1280, hafi verið upphaf íslenzkrar annálaritunar. Upphafsmáður þeirrar kenningar er að öllum líkindum Storm,⁶ en Finnur Jónsson heldur því enn fremur afdráttarlaust fram, að annálar hafi verið skrifaðir á Íslandi *fyrsta sinni* um 1279.⁷

Gegn þessari skoðun ganga kenningar Beckmans. Með athugunum á frásögnum annála um sólmyrkva, sem hafa verið að mestu eða öllu leyti takmarkaðir við Ísland, hefur hann leitt rök að því, að upphaf annálaritunar megi rekja allt aftur til 12. aldar, jafnvel þeirrar 11. Samkvæmt kenningum hans hefur fyrsti vísir að annálaritun verið stuttar greinar á spássíum páskataflna, sem síðari annálaritarar hafa unnið úr og aukið.⁸ Þær hafi verið eins konar lykilorð frásagnar, í knöppu formi, en ómetanleg hjálpargögn síðari annála- og söguriturum. Rannsóknir Beckmans gefa óneitanlega eindregna vísbendingu um sjálfstætt heimildagildi elztu annála.

Í ritum sínum hefur Ólafía Einarsdóttir leitazt við að sanna hið gagnstæða, þ. e. að annálar sæki efni sitt að mestu eða öllu leyti til sagna.⁹ Í þessu efni gengur hún lengra en þeir Storm og Finnur Jónsson. Þeir telja báðir, að frumannáll hafi sótt efni til ritaðra sagna, þ. e. þeirra, sem skrifaðar voru fram að 1280. Í nýjstu grein Ólafíu, sem ég hef undir höndum, heldur hún því fram, að elztu annálar sæki efni til frumgerðar Sturlungusafnsins og gefur þar með þeirri hugmynd undir fót-

⁴ *Sverige i utländsk annalistik 900–1400* með sárskiöld hánsyn till de isländska annalerna (Stockholm 1955).

⁵ Ólafía Einarsdóttir: *Studier i kronologisk metode i tidlig islandsk historieskrivning* (Lund 1964); „Sverige i islandsk annalistik 1190–1270“. *Scandia* 31 1965 331–44 (andmælt af Sven Axelson: *Historisk tidsskrift* (Oslo) 2 1968 133–43); „Hvornår forfattedes sagaen om Magnus lagabøter“. *Historisk tidsskrift* (Oslo) 1 1967 59–67; „Om de to håndskrifter af Sturlunga saga“. *Arkiv för nordisk filologi* 83 1968 44–80. Hermann Pálsson: *Eftir þjóðveldið*. Heimildir annála um íslenska sögu 1263–98 (Reykjavík 1965); *Tólfta öldin* (Reykjavík 1970). Hér verður eingöngu vitnað til fyrrnefndrar bókar Hermanns.

⁶ Storm lxxxiii.

⁷ Finnur Jónsson II.2 788.

⁸ Xenia Lideniana 16–39.

⁹ *Studier* . . . 317–26; *Scandia* 331–44; *Arkiv* 46.

inn, að annálar hafi ekki verið skrifaðir á Íslandi fyrr en eftir aldamótin 1300. Enda þótt stuðzt sé öðrum þræði við niðurstöður Storms (ekki Finns, sem þó er vitnað til), er öldungis óleyfilegt að ársetja Resensannál 1310, eins og Ólafía gerir.¹⁰ Samkvæmt ummælum Árna Magnússonar hefur ný hönd tekið við í annál Resensbókar 1283 og skrifað til loka (1295),¹¹ en einmitt frá árinu 1283 breytist staða hans í ættartölu annála (sbr. bls. lxx). Ef Resensannáll hinn forni telst frá því skömmu eftir 1283, er loku fyrir það skotið, að hann hafi getað þegið frá Sturlungu, og reyndar eru engin dæmi í fyrrnefndri grein Ólafíu, sem sanna slíkt samband þessara tveggja rita.

Ein af helztu röksemdum Ólafíu styðst við athugun hennar á annálsefni í Prestssögu Guðmundar góða.¹² Öllum ber saman um, að sagan sé sam-in á fyrra hluta 13. aldar, enda þótt menn greini á um, hve snemma það hafi verið.¹³ Þar er að finna margar annálagreinar, óháðar söguþræði, sem flestar finnast einnig orðréttar eða líkar í annálum, enda þótt nokkrar séu ýtarlegri í Prestssögunni. Greinar þessar telur Ólafía upphaflegar í Prestssögunni og þaðan komnar í varðveitta annála, en aðrir hafa haldið því fram, að höfundur sögunnar hafi notað sérstakan annál.¹⁴ Ef þannig væri gert ráð fyrir annál frá fyrra hluta 13. aldar, hlytu kenningar þeirra Storms, Finns og Ólafíu um upphaf annálaritunar á Íslandi að falla úr gildi og ennfremur kenningar Ólafíu um takmarkað sjálfstætt heimildagildi annála. Ólafía dregur fram mörg samanburðardæmi úr Prestssögunni og annálum máli sínu til stuðnings. Í engu þeirra felast þó óyggjandi röksemdir. Dæmin gætu eins komið heim við það, að höfundur Prestssögunnar hafi notað orðfáan annál sem beinagrind frá-sagnar sinnar og tímatala, en aukið við skv. eigin vitneskju. Höfundur hefur staðið Guðmundi svo nærri, að hann hefur hlotið að þekkja vel til atburða, nákominna honum. Annálagreinar eins og „Lögréttubardagi“ eða „Týndist Stangarfoli“¹⁵ hefðu vel getað nægt til að hressa upp á minni höfundar. Ennfremur er vel hugsanlegt, að einstakir varðveittir annálar hafi tekið upp viðbótargreinar úr Prestssögunni.

Í þessu efni er þörf mikilla frekari rannsókna. Unnið er nú að texta-

¹⁰ Arkiv 47.

¹¹ Storm ii.

¹² *Studier* 293–317.

¹³ Guðbrandur Vigfússon: *Biskupa sögur* I (Kaupmannahöfn 1858) lxi; Björn M. Ólsen: *Safn til sögu Íslands* 3 225; Jón Jóhannesson: *Sturlunga saga* II (Reykjavík 1946) xxviii–xxix, *Skírnir* CXXVI 1952 92–3.

¹⁴ *Sturl.* II (1946) xxviii.

¹⁵ *Studier* 301, 310–11.

athugun Guðmundarsagna á vegum Árnastofnunar í Kaupmannahöfn, en brýnt er einnig að taka innra samband allra annála að nýju til gaumgæfilegrar rannsóknar.

Í Árna sögu ber talsvert á annálagreinum, en með annálagreinum á ég við sögulegar fróðleiksgreinar, sem eru sjálfum söguþræðinum óviðkomandi. Greinar þessar taka yfir árin 1271–89. Hér á eftir verður gerð tilraun til að marka sögunni stað innan hinnar gróskumiklu annálaritunar 13. og 14. aldar. Það sem ritað hefur verið um innra samband annála verður skoðað í ljósi annálagreina þessara tveggja áratuga. Rakið verður það efni, sem hugsanlegt er, að sagan hafi þegið frá annálum og hver einstakur annáll frá sögunni, og vikið að hinni glötuðu sögu Magnúsar lagabætis. Við athugunina verður stuðzt við þá leiðsögutilgátu, að allir varðveittir annálar séu komnir frá sama annálastofni, sem nefndur verður „frumannáll“ samkvæmt áunninni hefð. Sú nafngift er reyndar villandi; í henni þarf engan veginn að felast, að um sé að ræða fyrsta annál, sem ritaður var á Íslandi, heldur aðeins sameiginlega formóður allra varðveittra annála. Aftast eru töflur, þar sem tíndar eru til annálagreinar Árna sögu og nokkur önnur efnisatriði, sem koma á einhvern hátt heim við annála, ásamt hliðstæðum greinum í varðveittum annálum. Annálar IX og X, Flateyjarannáll og Oddverjaannáll, eru ekki með á töflunum, þar sem greinar þeirra hafa ekki sjálfstætt gildi gagnvart sögunni, eins og rakið verður.

Resensannáll (I) · Forniannáll (II) · Høyersannáll (III)

Þessa þrjá annála flokka þeir saman Storm, Finnur Jónsson og Beckman¹⁶ og telja náskylda. Almennt er talið, að þeir sæki til sameiginlegs móðurrits, og verður það haft að leiðsögutilgátu hér. Athugun leiðir í ljós, að annálarnir þrír hafa sameiginlegar greinar öll árin 1271–89. Margar þessara greina eru mjög líkar innbyrðis, en eiga sér langflestar efnislegar samsvaranir í öðrum annálagreindum, einkum Konungsannál (IV). Aðeins ein sameiginleg grein í I–III á sér ekki hliðstæðu í IV, þ. e. víg Eilífs í Naustdal 1277. Grein þessi er hins vegar í Lögmansannál (VII). Rétt er að nefna eina annálagrein, þar sem I–III hafa efni fram yfir IV, frásögn af flutningi Jóns erkibiskups á helgum dómum til Noregs (*T.* 1274). Samsvarandi grein í Gottskálksannál

¹⁶ Storm lxxxi–lxxxii, Finnur Jónsson III 72–3, Xenia Lideniana 20, sbr. Axelson 11.

(VIII) mun vera sótt til Magnús sögu lagabætis.¹⁷ Hér virðist frummannáll hafa þegið efni frá Magnús sögu, eins og margar aðrar greinar bera vitni um.¹⁸ Grein frummannáls virðist hafa verið tekin upp með svipuðu orðalagi í móðurriti I–III (latínan þó e. t. v. þýdd, sbr. VII), en stytt í IV, enda hefur IV þegar sagt frá heimkomu erkibiskups, þegar hér er komið.

Þar sem gert er ráð fyrir sameiginlegu móðurriti I–III, er ástæða til að kanna greinar, sem eru sameiginlegar tveimur þessara annála, en er ekki að finna í hinum þriðja. Að öðru jöfnu má gera ráð fyrir, að þar sé um að ræða upphaflegt annálsefni móðurritsins. Samanburðurinn nær aðeins fram að 1283, þar sem I er samhljóða IV frá 1284–95 (sbr. bls. lxx).

1. I, II og Árna saga hafa aðeins eina grein sameiginlega, 1273 (sbr. T.: IV, VIII). Samsvaranir I og II utan annálsefnis sögunnar:

1277 Þá drápu Tatarar soldán af Babilon(!) og xxx manna með(÷ II) honum (sbr. IV, V, VII).

1279 *Útkoma Loðins af Bakka* (sbr. V).

1280 *Útkoma Loðins lepps, Ásgrims, Jóns lögmans* (sbr. V) T.

1281 *Utanför Loðins lepps* (sbr. V) T.

2. Sameiginlegar greinar í I, III og Árna sögu, sem ekki er að finna í II, eru við eftirtalin ártöl (T):

1273 Að greininni um *vígslu Gregoriusar páfa* verður síðar vikið. Greinin „Konungafundur í Borg“ á hliðstæður í IV, en orðalag er frábrugðið IV og Árna sögu. 1274 Þ Jakob erkibiskup (sbr. IV, VII, VIII). Orðalag I, III, VII er frábrugðið IV og Árna sögu.

Ennfremur: 1277 (sbr. IV, V, VII, VIII), 1278 (sbr. IV, V), 1283 (sbr. V).

Utan annálsefnis Árna sögu eru eftirfarandi hliðstæður í I og III:

1271 Striddu þeir Bela konungur af Ungaria og konungur af Bæheim um ríki það, er Austria heitir (sbr. IV, VII). Konungur af Bæheim fékk sigur (sigraðist I). Sbr. VII, lesh. I.

Aths. Síðari málsgreinina vantar í IV. Annaðhvort sækir VII hér til I eða III breytir orðalagi frummannáls (sbr. bls. lxxv).

Drápu synir Símonar Múforts Heinrek son Ríkarðar konungs af Alimannia í kirkju (sbr. IV, VII).

1273 Þ Heinreks Englakonungs (sbr. VII).

Vígður Gregorius páfi (sbr. VII).

Aths. Ársetning beggja þessara atburða er röng í annálum I, III, VII. Heinrekur Englakonungur deyr í nóvember 1272, og við það ár er andláts hans getið í II, IV, VIII. Vígsla Gregoriusar páfa mun hafa verið síðla árs 1271, en annálar II, IV, VIII ársetja hana 1272 (sbr. bls. lxxi). Þess má geta, að við árið 1272 stendur jafnframt í III: „Gregorius papa“, sem sýnir notkun tveggja heimilda.

Eiríkur Danakonungur sigraði þýðverska menn (sbr. IV).

1278 Drepinn Ingimar í Gautlandi (sbr. IV, V).

¹⁷ Storm lxxxii, Finnur Jónsson III 77.

¹⁸ Storm lxxx; Ólafía Einarsdóttir: Historisk tidsskrift 59, *Studier* 320.

3. Í II, III og Árna sögu eru sameiginlegar greinar fram yfir I við þessi ártöl (*T*):

1272 (Gregorius páfi).

1277 Sætt Magnúss konungs og Jóns erkibiskups. Grein þessi er ekki í Árna sögu, en til sættargerðarinnar er víða vitnað í sögunni (sbr. IV og V, VII).

1278 *Biskupavígslur*. Orðalag III, V, VII og Árna sögu fylgist að á móti IV og VIII. Annars eru frávikin svo lítil, að varla er mark að.

Ennfremur: 1273 (sbr. IV), 1274 (sbr. IV, V, VIII), 1276 (sbr. IV, V, VIII), 1279 (sbr. IV, V, VIII), 1280 (sbr. IV, V, VIII), 1281 (sbr. IV, V, VII, VIII).

Samsvörun utan annálsefnis sögunnar:

1276 Braut knör hinn mikla við Vestmannaeyjar (÷ hinn mikla III). Sérefni, sbr. þó Árna sögu, bls. 50.

Hefur nú verið tíundað það efni, sem rekja mætti aftur til sameiginlegs móðurrrits I–III, og ekkert hefur komið fram, sem mælt geti á móti tilvist þess. En auk þess efnis, sem talið hefur verið, hefur hver þessara annála sérefni gagnvart hinum tveimur. Í töflunum má finna eftirfarandi fram til 1283:

I: 1281 (sbr. IV, V, VII, VIII).

II: 1271 (sbr. IV). 1272 (Tvær greinar, önnur jafnframt í IV, hin í IV og VIII).

1273 (Tvær greinar, önnur einnig í IV, hin í IV og VIII). 1275 (sbr. IV, V).

1282 *útleð Jóns erkibiskups* (sbr. Árna sögu, V, VII).

III: 1275 Þrjár greinar, ein á hliðst. í IV, önnur í IV, V, sú þriðja í IV, V, VII, VIII. 1276 (sbr. IV). 1277 Tvær greinar (sbr. Árna sögu, IV, VII). 1279 Fjórar greinar (1–sbr. IV, V; 2–sbr. IV, V, VIII (lesh. kemur heim við Árna sögu); 3–sbr. IV (lesh. fylgir V og Árna sögu); 4–sbr. IV, V, VII).

Sérefni utan annálagreina sögunnar:

I: 1277 Eiríkur Danakonungur og Valdimar Sviakonungur fóru í Vestra-Gautland og herjuðu Svíaríki (sbr. IV).

1278 Heituðust Svíar að herja í Noreg af áeggjan Dana (sbr. IV, V).

II: 1275 Þ Guðmundar Böðvarssonar (sbr. IV).

Loks verður rakið það efni, sem II og III hafa hvor fram yfir annan eftir 1283, m. a. með tilliti til þess, hvort þeir hafi þegið frá Árna sögu. Í töflunum er þetta að finna:

II: 1284 Þ Magnúsjarl í Orkneyjum (sbr. I, IV, V, VIII). Sótt mikil (sbr. VIII, Árna sögu).

1285 Þ *Þorfinnur* (sbr. I, IV). Sótt mikil um Vestfjörðu (sbr. Árna sögu).

1286 *Álfur jarl* (sbr. V, VII), *Auðunn jarl* (sbr. V, VII). *Útkoma Guðmundar* (sbr. Árna sögu).

1288 *Útkoma Þorvarðar* (sbr. I, IV, V, VIII).

III: 1284 *Kirkjur teknar* (sbr. V, VII, VIII, Árna sögu).

1285 *Andrés biskup kom* . . . (sbr. I, IV, V). Þ Bjarnar Sæmundarsonar (sbr. I, IV, V, VIII).

1286 *Vígsla Dólg-Finns* (sbr. I, IV, V).

1287 *Bæjarbruni* (sbr. I, IV, V, VIII).

1288 *Útkoma Ólafs stallara* (sbr. V, VIII).

1289 *Víg Gauta og Hallvarðar* (sbr. Árna sögu). Þ *Rafns* (sbr. I, IV, V, VII, VIII).

Utan annálsefnis Árna sögu er aðeins um eina grein að ræða, í II:

1283 Erlendur legifer (sbr. V, VIII).

Þess skal getið, að aðeins hefur verið talið það sérefni, sem sameiginlegt er með öðrum annálum.

Ekki verður vart náins skyldleika í orðalagi með annálagreinum Árna sögu og því efni, sem I–III eða tveimur þeirra er sameiginlegt. Sagan hefur ekki sótt efni til þeirra. Á hinn bóginn virðist sumt sérefni II vera þegið frá sögunni.

Við árið 1281 standa aðeins í II og eftirriti hans, Flateyjarannál (IX, sbr. bls. lxxvii) þessar klausur:

Rafn varð afturreki . . . Herra Árni biskup fór um Vestfjörðu og gerði vígslur í Holti á hvítadögum.

Um þessa grein hefur Hermann Pálsson fjallað,¹⁹ og telur hann hér vera um að ræða misskilning ritara II á frásögn Árna sögu (bls. 138, 140, 143) og ranga ársetningu af þeim sökum. Þessi tilgáta er óneitanlega freistandi, enda þótt erfitt sé að skýra, hvernig slíkur misskilningur hafi getað átt sér stað. Grein í II um útkomu Eindriða bögguls 1279 kann einnig að stafa af misskilningi á Árna sögu.²⁰ Misskilningurinn stafar þó sennilega af öðru en Hermann álitur. Á bls. 74–5 er forsaga atburðanna rakin til þess tíma, er Eindriði böggull fór með konungsboðskap. Ritari II kann vel að hafa misskilið frásögn Árna sögu svo, að sú forsaga hafi verið nærri samtímis því, að Loðinn kom út með Jónsbók. Í sögunni er ekkert sem bendir til, að Eindriði hafi farið utan aftur 1279; vísast hefur hann farið fyrir.

Grein um útkomu Guðmundar Hallssonar 1286 getur vel verið komin frá sögunni (*T.*). Nokkrar aðrar greinar í II telur Hermann þegnar frá Árna sögu.²¹ Hann nefnir til grein 1276: „Braut knör hinn mikla við Vestmannaeyjar,“ sbr. Árna sögu, bls. 50, og grein um vígslu Þórðar biskups til Grænlands 1288. Í sambandi við greinina um knarrarbrotið er þess að gæta, að hliðstæð grein er í III og gæti því verið komin frá móðurríti I–III, og eru tengsl við söguna þá ósennileg, m. a. tímans vegna. Munur á frásögn af biskupsvígslu 1288 í II annars vegar og öðrum annálum hins vegar er svo lítill, að hann gæti vel stafað frá örlitilli orðalagsbreytingu ritara II án tengsla við texta sögunnar (*T.*).

¹⁹ Hermann Pálsson 71–3.

²⁰ Hermann Pálsson 70–71, sbr. *T.*

²¹ *op. cit.* 70–75, sbr. *T.*

Við árið 1289 stendur í III:

Víg herra Gauta úr Tólgu. Víg Hallvarðar.

Aðrir annálar geta ekki um þessa atburði, Árna saga hins vegar í lengra máli (*T.*). III hefur e.t.v. þegið þetta frá sögunni, en eins kynni ritarinn að hafa sótt það til glataðrar annálsheimildar. Árna saga er að líkindum meðal heimilda II, en ekkert bendir eindregið til þess, að III hafi þegið efni frá henni, þótt það sé hugsanlegt.

Enda þótt I–III hafi næstum ekkert efni fram yfir aðra annála á þessu tímabili, flokkast þeir víða saman eftir orðalagi gagnvart öðrum annálag-erðum, og ekkert hefur komið fram, sem mælir á móti því, að þeir sæki til sameiginlegs frumstofns. Texti þeirra allra, einkum II og III, er aukinn efni úr öðrum áttum, og hefur mest verið sótt til annála af flokki IV. Ef gert er ráð fyrir sameiginlegum móðurannál að baki I–III, virðist hann ekkert hafa sótt til Árna sögu, enda væri líkast til rétt að ætla honum hærri aldur en sögunni. Bein áhrif hans á annálagreinar sögunnar eru ennfremur ólíkleg. Þar sem I–III, IV og Árna saga hafa sameiginleg efnisatriði, fylgir sagan ævinlega texta IV á móti I–III. Þá hefur sagan ekki þegið efni frá neinum einstökum annál af þessum flokki.

Konungsannáll (IV)

Finnur Jónsson hefur fjallað manna mest um samband IV við aðrar annálagarðir, og segir hann svo m. a. um vinnubrögð ritarans:

Ind i den latinske tekst har han skudt islandske notitser, første gang ved år 47, 58, 60; nogle gange har der ikke været efterladt plads nok til den isl. notits, hvorfor endel af den da måtte tilføjes i randen. Disse notitser stemmer omtrent ganske med Ann. Resen.[I] og tildels vetust.[II]. Heraf er det tydeligt, at skriveren* har haft for sig bægge disse annalværker og kombineret dem, men særlig er det Resen.[I], der er benyttet; jfr. nedenfor. Dette grundlag er benyttet helt ned til 1279, idet skriveren dog udvider det ved en stærk benyttelse af islandske sagaer, Kristnisaga, Ares og rimeligvis også Sæmunds værker, samt den hele række af kongesagaer lige ned til Magnus lagabøter; også Knytlinga, Sturlunga og biskop Gudmunds saga er benyttede. De isl. lovsigemænd anføres nøjagtig. Dette kan siges at være det første større selvstændige annalværk, hvor de hjemlige kilder er så systematisk ekscerperede.

Forfatteren tager ligeledes gennemgående hensyn til den engelske og franske historie (hvad der i så henseende anføres stod dog måske i den latinske original?). Efter år 1279 begynder skriveren at sætte åbne pladser ved de enkelte år – naturligvis fordi han nu ikke havde flere eksisterende sagaer at benytte –; disse er tildels udfyldte med senere hænder. Årene 1280–82 synes at være selvstændige, derimod er 1283–95 (slutn. af Resen.[I]) ordret som Resen.²²

*Eller den oprindelige forfatter, ti skriveren er næppe identisk med denne.

Um þetta segir Axelson:

Däremot är det föga troligt, att AReg[IV], som Finnur Jónsson gjort gällande, direkt skulle ha byggt på ARes[I] och AV[II] till 1279 och därefter för åren 1283–1295 på ARes. Före 1280 men även under sistnämnda tidsavsnitt visa nämligen de äldre isländska annalernas notiser en så stor överensstämmelse, att de efter allt att döma gå tillbaka till en gemensam redaktion. Härtill kommer att det är osäkert, om ARes och AV tillkommit före AReg.²³

Það er óneitanlega athyglisvert, eins og Finnur Jónsson bendir á, að IV er næstum orðrétt samhljóða I á tímabili. Nánar samsvaranir koma fyrst fram 1283, og frá 1284–95 er textinn nær samhljóða. Athyglisvert er, að útkomu Rafns Oddssonar 1283 er tvívegis getið í I með mismunandi orðalagi (*T.*), sem bendir til þess, að stuðzt sé við tvær annálaheimildir. Hins vegar er það vafasamt, sem Finnur heldur fram, að IV sé eftirrit I á þessu tímabili. Stefán Karlsson hefur bent mér á breytingu orðalags í I í átt til IV frá 1283. Ennfremur verður stafsetning I nauðalík stafsetningu IV upp frá því ártali. Eins og kunnugt er, er Resensannáll (I) stafrétt uppskrift Árna Magnússonar eftir annálum Resensbókar, en samkvæmt ummælum hans sjálfs hefur síðasta rithönd í forriti tekið við frá árinu 1283.²⁴ Líklegasta skýring á hinum nánú samsvörnum I við IV er sú, að ritari IV hafi sjálfur skrifað síðasta hlutann af forriti I (annálum Resensbókar), bætt greinum við ártalið 1283 og skrifað síðan annálinn áfram allt til loka 1295 – og e. t. v. annál nokkurra næstu ára, ef blað hefur verið týnt úr bókinni, þegar hún var skrifuð upp á 17. öld.²⁵

²² Finnur Jónsson III 74.

²³ *op. cit.* 12.

²⁴ Storm ii.

²⁵ Sbr. ummæli Árna Magnússonar, Storm ii.

IV sker sig frá I–III að því leyti, að hann er miklu orðfleiri og ýtarlegri (a. m. k. framan af); stíll hans er víða líkari sögustíl en annálastíl. Miklar efnissamsvaranir eru við I–III, og ekkert mælir á móti því, að aðalstofn hvors tveggja sé sóttur til sameiginlegs „frumannáls“. Ég hef tekið saman lista yfir efnisatriði í IV, sem ekki er að finna í I–III (nema þá sem viðbótargreinar í einstökum annálum). Þar kemur í ljós, að umframgreinar í IV varða langflestar norska sögu eða Norðurlanda-sögu og eru einkum tengdar Magnúsi konungi. Undantekningar eru aðeins: Lögsögumannagreinar 1271–2, andlátsgreinar 1273 (Vilhjálmur Sæmundarson, Þorsteinn Halldórsson, Brandur Andrés�son, Ketill Loftsson – *T.*), 1275 (Guðmundur Böðvarsson, hirðmaður Magnúsar konungs), 1279 (Vermundur ábóti–*T.*), páfavígsla 1281(*T.*), utanfarargrein 1274 (Guðmundur Böðvarsson) og frásögn af lausn Odds Þórarinssonar 1279 (*T.*). Einsætt virðist, að efni þetta sé mestallt þegið frá Magnús sögu lagabætis. Nú hefur frumannáll stuðzt m. a. við Magnús sögu, svo sem sést af samanburði varðveitts hluta hennar við annála. Og þá er tvennt til, annaðhvort hefur ritari IV (eða forrits IV) aukið við efni frumannáls með efni úr Magnús sögu eða það efni hefur verið í frumannál og verið stýtt í móðurriti I–III. Við samanburð hefur reyndar ekkert komið í ljós því til sönnunar, að I–III geymi stýttan texta frumannáls.

Tvö brot eru varðveitt af Magnús sögu, og kemur síðara brotið við það tímabil, sem hér um ræðir, fjallar um árin 1271–3 að hluta. Til samanburðar við annála verður hér tekið upp samsvarandi efni í síðara broti Magnús sögu.²⁶

1. (1271) Þenna vetur í jólum setti Magnús konungur prófast að Postulakirkju og kórsbræður í Björgvin með ráði Askatíns biskups og lagði þar til próvendur og mikið fé (bls. 364).

Þessi grein á sér aðeins hliðstæður í IV, en þar er eitt atriði Magnús sögu misskilið: Setti Magnús konungur á öndverðum jólum prófast og kórsbróður að Postulakirkju í Björgvin (IV).

2. (1271) Á þessu sama ári var vígður Gregorius páfi. (1272) Á þessu ári önduðust margir ágætir höfðingjar: Heinrekur Engla-konungur . . . (bls. 364).

Enda þótt þessar greinar séu samhangandi, má vel skilja þær svo, að ársæting atburða sé rétt í Magnús sögu. Út frá texta sögunnar er hins vegar skiljanlegt, að annálar IV, VIII, II spyrði saman þessa tvo atburði (sbr. bls. lxvi).

3. (1273) Valdimar konungur sendi þá orð norður til Túnsbergs Magnúsi konungi og vildi fyrir hvern mun hitta hann, þar sem Magnúsi konungi líkaði að koma til móts við hann. En Magnús konungur vildi eigi fara lengra en í Borg, og þar var fundurinn lagður (bls. 365).

²⁶ Vitnað er til brota úr Magnús sögu í *Icelandic Sagas II*, edited by Gudbrand Vigfusson, M.A. (London 1887) 364–8.

Sjá *T.* Að þessum atburðum er vikið í I, III, IV auk Árna sögu. En hér hafa IV og Arna saga sérstöðu gagnvart Magnús sögu, I, III. Fundarstaður er þar nefndur fullu nafni, *Sarpsborg* (*Borg* I, III), og fundurinn er tímasettur „um miðföstuskeið“. Axelson gerir ráð fyrir, að texti hins varðveitta brots Magnús sögu sé hér stytur.²⁷

4. Þenna vetur var ófriður mikill í Danmörk með Eiríki Danakonungi og þýðeskum mönnum . . . Eiríkur Danakonungur fékk þá hærra hlut í skiptum við þýðeska menn á þeim vetri (bls. 366). Sbr.: Eiríkur Danakonungur sigraði þýðverska menn I, III, IV. Frumannáll?

5. Eftir það talaði konungurinn fagra tölu, og lauk með því, að hann gaf Eiríki syni sínum konungsnafn, en Hákon hertoganafn (bls. 368).

Sjá *T.* Frá þessu er sagt í II, III, IV auk Árna sögu. Óvist er um uppruna greinarinnar, þar sem II fylgir IV nákvæmlega. Hér hafa III og Arna saga texta, líkastan Magnús sögu.

Hermann Pálsson fullyrðir margsinnis í bók sinni, að Magnús saga sé heimild annála um lagaskiptin 1271–3 (*T.*).²⁸ Nú vill svo til, að varðveittur er einmitt sá hluti sögunnar, sem nær yfir árin 1271–3, að vísu svolítið skertur, en þess sjást engin merki, að þar hafi verið fjallað um samþykkt laganna.

Greinar IV bera vitni nánnum skyldleika við annálsefni Árna sögu. Um þær verður fjallað í kaflanum um annálanotkun söguhöfundar hér á eftir.

Skálholtsannáll (V) · Lögmansannáll (VII)

Um samband V við aðra annála hafa fræðimenn þetta að segja:

Et Mellemstandpunkt mellem KBO[I–III] og C[IV] indtager Skálholts-annalerne²⁹

Teksten, der så at sige helt er islandsk, slutter sig meget nær til Ann. reg.[IV], idet den største del af de her stående latinske bestanddele er ordret oversatte, og stykkevis, f. ex. 1206–26, er hele teksten omtrent ordret stemmende dermed. På den anden side er der ingen tvivl om, at forfatteren også har benyttet et håndskrift, der omtrent var identisk med Resen.[I]. Atter her finder vi således en samarbejdelse af to kilder.³⁰

Samkvæmt ættaskrá Beckmans telur hann tiltölulega náinn skyldleika við I–III, en hins vegar ekki við IV.³¹

SA[IV] synas gå tillbaka på en med AReg[IV] beslätad handskrift, vilken i likhet med de andra isländska årsböckerna för sina äldre delar bygger på den nämnda gemensamma annalredaktionen.³²

²⁷ op. cit. 101–2.

²⁸ Hermann Pálsson 53, 69, 95.

²⁹ Storm lxxii.

³⁰ Finnur Jónsson III 75.

³¹ Xenia Lideniana 20.

³² Axelson 13.

Hermann Pálsson telur nán tengsl milli IV og V, og jafnframt sæki V nokkurt efni til Árna sögu.³³

Eyða er í V fram í greinar ársins 1273. Við athugun annálagreina 1273–89 koma glögg í ljós nán tengsl við IV, víða virðist V aðeins geyma stytta texta IV (1273, 1274 að mestu, 1275, 1278, sbr. *T.*). Tengsl þessi minnka upp úr 1280. Ýmislegt bendir til þess, að ritara hafi jafnframt verið önnur heimild tiltæk (sbr. tvöfalda frásögn af kirkjuþingi í Lyon 1274, *T.*). Um hugsanlega aðra aðalheimild V verður fjallað síðar, en vikið um sinn að Lögmannsannál (VII).

Um stöðu VII hafa skoðanir verið nokkuð skiptar, en eins og kunnugt er, er um að ræða eiginhandarrit Einars Hafliðasonar. Milli VII og annálsefnis Lárentíussögu eru greinileg rittengsl, og taka verður tillit til hins síðarnefnda. Storm telur VII stytta uppskrift IV með viðaukum um kirkjulega viðburði.³⁴ Forrit að annálsefni Lárentíussögu telur hann annars vegar VII, hins vegar annálasafn af flokki IV með viðbótarefni úr ýmsum annálum (II, IX, X).³⁵ Sigurður Nordal fullyrðir, að VII hafi verið bein heimild Flateyjarannáls (IX) fram til 1388.³⁶ Síðan hefur Hermann Pálsson leitt rök að því, að IX styðjist við Lárentíussögu, og rekur hann, hvað Magnús Þórhallsson hafi tekið úr VII og hvað úr sögunni.³⁷ Hermann getur ekki þess möguleika, sem virðist liggja beint við, að bæði þessi rit sæki til sameiginlegs forrits. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að ætla, að Einar Hafliðason hafi fyrst ritað ýtarlegan annál og notað hann síðan bæði við samningu Lárentíussögu og samantekt ágrípskennds annálsafrits (VII). Lauslegur samburður VII og Lárentíussögu virðist fremur styðja þessa tilgátu, en frekari rannsókn er þörf. Í kaflanum um IX (bls. lxxvii–lxxviii) er haft fyrir satt, að tilgátan sé rétt, enda skiptir litlu máli, hvort gert er ráð fyrir, að Magnús Þórhallsson hafi sótt efni sitt í tvö rit eða eitt eftir Einar Hafliðason. Í því, sem hér fer næst á eftir, verður hins vegar VII notaður nær eingöngu við samanburðinn.

Hvað heimildum VII viðvíkur, telja þeir Finnur Jónsson, Axelson og Hermann Pálsson, að skyldleiki sé við IV, en Hermann telur V einnig meðal helztu heimilda.³⁸ Gagnstætt viðhorf kemur fram í ætta-

³³ Hermann Pálsson 84–9.

³⁴ Storm lxxxii.

³⁵ Storm lxxi–lxxii.

³⁶ *Flateyjarbók IV* (Akranesi 1945) xiv.

³⁷ Hermann Pálsson 41–5.

³⁸ Finnur Jónsson III 76, Axelson 15, Hermann Pálsson 45–7.

skrá Beckmans.³⁹ Hann skipar VII niður viðs fjarri IV, en í nánara skyldleika við annála V og I–III.

Ef frá er tekið það efni, sem V hefur þegið frá IV, kemur fram, að víða er svipaður texti í V og VII. Á töflunum kemur þetta fram við eftirtalin ár:

- 1276 *Ummæli um Adrianus páfa*. Greinin er stutt eins og í I, II, en viðbótarfróðleikur í V og einkum VII kemur heim við I auk IV, þar sem greinin er miklu ýtarlegri. Aths. Þetta dæmi ásamt fyrrgreindum leshætti við árið 1271 (bls. lxxvi) gætu bent til, að I eða annáll frá honum runninn hefði verið meðal forrita VII og þá sennilega einnig meðal forrita V.
- 1277 Svipuð frásögn af *sættargerð konungs og erkibiskups*, en lengri í V.
- 1279 *Andlát Vermundar ábóta*. Greinina vantar í I og II; Árna saga, V og VII hafa viðbótina „að Þingeyrum“ fram yfir III, IV.
- 1280 *Biskupaþing* (VII: 1281).
- 1281 „og var hún kórónuð“. *Svarið land og þegnar*. Hið fyrra er ekki í IV, hvortveggja vantar í I–III, VIII.
- 1282 Samhljóða frásögn af *landflótta Jóns erkibiskups*. Vestra-Gautlandi IV, VIII, Árna saga; Gautlandi V, VII, ÷ I–III.
- 1283 *Konungsbréf um staðamál*, sérefni V, VII. Útkoma þeirra kemur einnig fram í Árna sögu (bls. 93, 96).
- 1284 *Staðir teknir*.
- 1285 *Jarlstign Álfs*; 1286 skv. II og Árna sögu.
- 1286 *Jarlstign Auðunar* (1285 Lárentiussaga). *Útbod af Íslandi*.
- 1287 *Útlegð Álfs*, sbr. VIII. Vantar í I–IV. Nákvæmari frásögn í VII.
- 1289 *Herferð Hákonar hertoga* með Eiríki konungi.
- 1290 *Endurheimtar kirkjur*.

Eins og fyrr er getið, telur Hermann Pálsson ástæður til þessara samsvarana vera þær, að VII hafi þegið frá V. Í ljósi erlendra annála-greina þessa tímabils virðist sennilegra, að V og VII eigi sér að hluta sameiginlegt móðurrit. Verða nú þessu til styrktar rakin dæmi, sem benda til sjálfstæðs gildis hvorstveggja annálsins.

Nokkur dæmi má taka til sönnunar sjálfstæðs gildis V, þar sem hann hefur efni fram yfir IV. Að sjálfsögðu er ekkert mark takandi á efni, sem V á sameiginlegt við IV, en vantar í I–III, þar sem V er öðrum þræði styttr uppskrift IV eða náskylds annáls. Því verða tekin dæmi, þar sem V hefur sameiginlegt efni með I–III eða tveimur þeirra á móti IV. Að vísu er elzta dæmið frá 1280, en við það ár verða skil í IV, efni minnkar, og ritarinn skilur eftir eyður við hvert ártal. Þá mundi vera ástæða til fyrir eftirritarann að nýta betur aðrar tiltækar heimildir sínar.

- 1280 Útkoma herra Loðins lepps (sbr. I, II) . . . Jóns lögmanns (sbr. I, II, VII, VIII) . . . með nýja lögbók (sbr. VII, VIII). *T*.
- 1281 Utanferð Loðins lepps (sbr. I, II, Lár.). Lögtekin Jónsbók (sbr. II, III, VIII). *T*.

³⁹ Xenia Lideniana 20.

1283 Þ Erlings Álfssonar (sbr. I, III). *T.* Þ Þórðar prests Sturlusonar (sbr. I, VIII), Þórarins kagga (sbr. I).
1285 Þ Þuríð príor (sbr. II).

Þá verða tekin dæmi, sem renna stoðum undir sjálfstætt gildi VII á móti öðrum annálum, þ. e. flokki I–III annars vegar, IV hins vegar.

1271 Striddu þeir Bela kóngur af Ungaria og kóngur af Bethleem (Bæheim I, III, IV) of ríki það er Austurá (Austria I, III, IV) heitir, það liggur á meðal þeirra (það —þeirra) það liggur milli landa þeirra IV, ÷ I, III). Kóngur af Bethleem (Bæheim I, III) sigraðist (fékk sigur III). (Kóngur—sigraðist] ÷ IV).

Aths. Þetta dæmi mælir með sjálfstæðu gildi frumrits VII. Ef ekki er gert ráð fyrir því, er hugsanlegt, að VII sé blendingur úr annál af flokki I–III, náskyldum I, og annál af flokki V eða IV (V hefur ekki varðveitt við þetta ár).

1273 Þ Heinrekur Englakóngur. Varð Gregorius páfi vjus.

VII fylgir hér rangri árssetningu I, III á móti II, IV, VIII, sbr. bls. lxvi, lxxi, *T.*

1274 Frásögn VII af *heimflutningi 'gjafar Filippi Frakkakonungs* er líkust VIII (Magnús sögu), latínuskotin eins og í VIII og gæti geymt leshátt frummannáls; greinin um *þingid í Lyon* er svipuð og í I–III, VIII. V er hér fyrst til samanburðar, en styttr texta sinn eins og oft endranær. *T.*

1275 Frásögn VII af *höfðingjaerjum* kemur heim við I–III, V fylgir hins vegar IV. Í frásögninni af *haglinu mikla* þetta ár er villa í V, sem kemur ekki fram í VII, og mælir það gegn því, að VII sé eftirrit V. *T.*

1277 Sérefni I–III, *víg Eilífs í Naustdal*, er einnig í VII, en ekki fleiri annálum (nema IX). Grein um *nafnbætur* í Noregi kemur betur heim við IV og V en við I og II a. m. k.

Eftirtaldar greinar gætu verið komnar úr Árna sögu í V. *T.*

1276 *Lögtaka kristindómsbálks*.

1280 Biskupaþing í Björgvin (sbr. VII 1281).

1283 *Útkoma konungsbréfa um stadamál* (sbr. VII).

1284 *Staðir teknir* (sbr. III, VII, VIII).

Aths. Frásögnin af *jarlsnafnbót Álfs*, sem er í annálagreinum sögunnar, er mjög lík í V (sbr. VII), en er ósennilega þaðan fengin vegna annarrar tímasetningar annálanna.

1286 Útboð Eiríks konungs . . . (sbr. VII).

1289 *Hákon hertogi í fylgd með konungi í herför* (sbr. VII).

1290 *Endurheimt kirkna* (sbr. VII).

Tvær þessara greina eru sérefni V, aðrar eiga sér hliðstæður í VII. Aðeins ein þeirra, andlát Eiríks Dufgalssonar, er úr eiginlegum annálagreinum sögunnar, hinar eru allar í samfelldri frásögn í sögunni. Frásögn af vígslum 1288 í V ber þess greinileg merki að vera þegin frá Árna sögu.

Ekki er unnt að komast að öruggum niðurstöðum um afstöðu V og VII innbyrðis og gagnvart öðrum annálum með athugun annálagreina þessa tímabils. V er áreiðanlega að hluta eftirrit handrits af flokki IV. Jafnframt virðast V og VII sækja efni til sérstaks annáls, sem kann að hafa stuðzt við Árna sögu öðrum þræði. Aðalstofn þess annáls hefur annaðhvort verið annáll af flokki I–III eða sjálfstæð uppskrift frumannáls.

Gottskálksannáll (VIII)

Um Gottskálksannál hafa fræðimenn þetta að segja:

Gottskalks Annal (eller dens Original) begynder ligesom B[II] med Christi Fødsel, men hører dog i det hele taget til samme Klasse som C[IV], skjønt den som E[VII] foretager stærke Forkortelser; dog findes der hist og her Tillæg, navnlig korte Karakteristiker af Paver, som er laante fra en kortere Pa<ve>krønike, af hvilken findes Brudstykker i Codex Resenianus . . . Disse Annaler har ogsaa faaet en betydelig og interessant Forøgelse ved Benyttelsen af Sturla Thordssøns Magnussaga Lagabøtis⁴⁰

Det er klart, at Gottskalk har haft en gammel og god annalbearbejdelse, der er gået ned til 1394, hvor begyndelsen var på latin, omtrent identisk med Ann. reg.[IV]. Stoffet er i øvrigt omtrent det samme som i de andre annaler; indtil c. 1340 synes denne annal at være nærmest beslægtet med Skalh. ann.[V].⁴¹

Séu athuguð þau atriði í Gottskálksannál, sem hafa takmarkaða útbreiðslu, kemur glögglega í ljós skyldleiki hans við Þingeyraannál[IV] fram á áttunda tug aldarinnar.⁴²

VIII er svo fáorður nema þau ár, þar sem stuðzt er við Magnús sögu, að erfitt er að ákvarða stöðu hans með athugun annálagreina þessara tveggja áratuga, en reyndar er skyldleiki hans og Árna sögu ekki náinn. Ef litið er á annálsefni 1271–89, getur vel komið heim, að ritarinn hafi auk Magnús sögu stuðzt við IV eða náskylda annálsgerð fram til um 1280. Þess má geta, að VIII fylgir II og IV um dánarár Heinreks konungs 1272 á móti I, III, VII, sem telja það 1273. Eftir 1281 koma fyrir örfáar greinar, einkum andlátsgreinar, sem ekki er að finna í IV, en hins vegar yfirleitt í V. Þá gæti eftirtalið bent til þess, að VIII hafi stuðzt við Árna sögu⁴³ T.:

1284 Sótt mikil fyrir sunnan land.

1288 Ólafur Ragneiðarson (villa f. Ragnriðarson) kom út fyrir þing. Útkoma Sighvats.

1289 Frásögn af andláti Rafns. Erlendur lögmaður fór utan (sbr. Árna sögu, bls. 170, 175, 179, 181).

⁴⁰ Storm lxxxii, sbr. Xenia Lideniana 20.

⁴¹ Finnur Jónsson III 77, sbr. Axelson 16–17.

⁴² Hermann Pálsson 82.

⁴³ Sbr. Hermann Pálsson 79–80.

Flateyjarannáll (IX)

Storm telur, að IX sé bein samsteypa tveggja skyldra handrita af flokki IV og beri aðeins örsjaldan vitni um notkun annarra heimilda.⁴⁴ Meðal þeirra telur hann þó annál Einars Hafliðasonar.⁴⁵ Í annálaættaskrá sinni fylgir Beckman ættfærslu Storms í meginatriðum.⁴⁶ Axelson telur forritið náskýlt bæði IV og V, en aukið af einni gerð VII.⁴⁷ Um þetta efni segir Finnur Jónsson:

Til grund ligger et hdskr., nærbeslægtet med Ann.reg.[IV], vetust. [II] og Skalh. ann.[V]; det latinske stof er her oversat på islandsk; desuden er Einar Hafliðasons annal[VII] benyttet og udskreven.⁴⁸ Hér er fyrsta sinni minnzt á, að IX sé eftirrit II, sem Hermann Pálsson hefur síðan sýnt fram á með dæmum.⁴⁹

Ef draga má ályktanir af annálagreinum 1271–89, virðist samband IX við gamlar, varðveittar annálagreiðir tiltölulega ljóst. Helzta forrit virðist vera nákvæm uppskrift IV.⁵⁰ Texta hennar er fylgt eingöngu fram til 1275 og er meginstofn síðan.

Frá og með 1276 koma inn í texta IX viðbætur úr II og eru við eftirtalin ártöl: 1276, 1279, 1281, 1282, 1286, 1290. Hluti efnis þessara ára er sérefni II og IX. IX fylgir II mjög náíð, og til marks um það, að um dótturrit II er að ræða, má taka þessar greinar:

II

1286 ... Drap* Eiriks Dana konvngs. Gerver jarlar i Noregi Alfr ok Avövn. sét spíót i lopti a fvndi i Borgarfirði. Gvðmvndr prestr Hallz svn kom út með vtan stefninga brefvm.⁵¹

* + oc myrdör b.v. yfir línu með sömu hendi.

IX

Drepinn ok myrdr Eirekr Dana konungr. Gerfir jarlar i Noregi Alfr ok Audunn. Seet spíot a fundi einum standanda i lofti i Borgarfirdi. Gudmundur Hallzson kom vt med vtan-stefningha brefum.⁵²

Með samanburði við VII og annálfni Lárentíussögu sést, að annáll Einars Hafliðasonar eða eftirrit hans hefur verið þriðja heimild IX.

⁴⁴ Storm lxxxiii.

⁴⁵ Storm xxxviii.

⁴⁶ Xenia Lideniana 20.

⁴⁷ Axelson 18.

⁴⁸ Finnur Jónsson III 77–8.

⁴⁹ Hermann Pálsson 70–75.

⁵⁰ Annálsritarinn hefur tæpast notað IV sjálfan, sbr. Storm xxxvii. Þess skal getið, að viðbætur fjórðu handar í IV ganga aftur í IX.

⁵¹ *Isl. Ann.* (Storm) 51.

⁵² *Flateyjarbók* III (Christiania 1868) 541.

Greinar í IX 1270 taka af öll tvímæli. Að vísu er ártalið 1271 í VII eins og í öðrum annálum við umrædda atburði (deilur um Austria, dráp Heinreks), en allar villur VII koma fram í IX: *Bethleem* í stað *Bæheim*, *Austræ* í stað *Austria*, *Aqui(n)tania* í stað *Alimannia*. Ennfremur orðmyndin *sigradist*, en ekki *fékk sigur*.⁵³ Annars verður annálsefnis, sem á sér nánar hliðstæður í VII eða Lárentíussögu, einkum vart við eftirgreind ártöl: 1279, 1280, 1283, 1284, 1287, 1289.

Þar með er gerð grein fyrir uppruna alls meginefnis IX þessa tvo áratugi. Undantekningar eru þessar: 1283 er getið andláts þriggja manna, sem ekki er að finna í þeim þremur annálaheimildum, sem nefndar hafa verið. Andlátsgreinar þessar eru allar þrjár í tveimur annálum, I og V, sumar þeirra auk þess í öðrum annálum. Andlátsgreinarnar eru í sömu röð og með skyldustu orðalagi í I. Loks er sérefni í IX 1286 og 1287, ein andlátsgrein og ein utanfarargrein.

IX hefur ekkert þegið frá Árna sögu, a. m. k. ekki frá varðveittum hluta sögunnar. Þar sem IX og IV ber á milli, stendur texti sögunnar ævinlega nær IV.

Oddverjaannáll (X)

Um annál þennan verður ekki fjallað hér, þar sem hann hefur ekki sjálfstætt gildi gagnvart öðrum annálum þetta tímabil, ef marka má útgáfu Storms, a. m. k. ekki að því er Árna sögu varðar í þann máta, að hún sæki til hans efni.⁵⁴ Hér verða aðeins taldir upp staðir, þar sem sennilegt er, að annállinn hafi þegið frá sögunni.

1273 Úrskurðaði Jón erkibiskup staði undir biskups forsjó.

1284 Kirkjueignir undir leikmanna valdi af aðgöngu herra Hrafns.

1289 Árni biskup Þorkelsson (sic!) fór til Danmerkur með Eiríki kóngi. Andlát Hrafns Oddssonar. Höfðu þeir biskup Árni og hann haft miklar deilur um staðamál og ýmsir á unnið.

ANNÁLANOTKUN SÖGUHÖFUNDAR

Storm heldur því fram, að höfundur Árna sögu hafi stuðzt við annál af flokki IV, sem fengið hafi viðbætur af flokki V eftir 1280.⁵⁵ Finnur Jónsson minnst aðeins á, að höfundur hafi notað systurhandrit IV.⁵⁶

⁵³ Sbr. hér bls. lxxv.

⁵⁴ *Isl. Ann.* 483–5.

⁵⁵ Storm lxxi.

⁵⁶ Finnur Jónsson III 67.

Vafalaust hefur höfundur sögunnar stuðzt við annál. Af samanburði taflnanna kemur fram, að I–III standa sögunni ekki nærri. Skyldast er sérefni einstakra annála af þessum flokki, sem sótt er til IV, en víða standa sagan og IV saman um sérleshætti gagnvart þeim greinum einnig (*T.*: 1275–6, 1279–80, 1282).

Í samanburði við það efni, sem V hefur fram yfir IV, er rétt í upphafi að einangra annálagreinar sögunnar. Þar kemur í ljós, að einu samsvaranirnar eru tvær andlátsgreinar, θ Eiríks Dufgalssonar 1287, sem er sérefni V og Árna sögu, og θ Erlings Álfssonar 1283, sem jafnframt er sameiginlegt með I og III. Allt annað efni, sem sagan og V eiga sameiginlegt, er í samfelldri frásögn í sögunni og sennilega þaðan komið inn í V (og VII). Nánustu forrit VII og VIII geta hvergi verið heimildir sögunnar.

Þar sem Árna saga og varðveittur hluti Magnús sögu fjalla um sömu atburði, fylgir Árna saga nær undantekningarlaust IV. Um frásögn af konungafundi í Sarpsborg er áður rætt (bls. lxxi–lxxii). Eitt atriði bendir eindregið til þess, að höfundur Árna sögu hafi ekki stuðzt við Magnús sögu í frásögn þessa fundar. Í sögubrotinu er sagt frá því, er Magnús konungur sendi Árna biskup móti Valdimar konungi.⁵⁷ Höfundur Árna sögu hefði varla látið hjá líða að geta slíkrar vegsemdar, ef hann hefði haft Magnús sögu í höndum. Í frásögninni fylgir hann IV, en hefur haft vitneskju um, að Árni biskup hafi verið í föruneyti Magnúsar konungs og verið sýndur mikill sómi.

Ein villa er í annálagreinum sögunnar, sem ekki kemur fram í neinum annál. Þar sem segir í I–IV, VII, VIII, að Eðvarður konungur hafi verið kórónaður 1274, segir sagan, að hann hafi verið krossaður til Jórsalaferðar.

Athyglisvert er, að annálsefni sögunnar dregst mjög saman upp úr 1280. Meginefni hennar verða upp frá því flóknar innanlandserjur um staðamál, en annálsefni rýrnar að sama skapi. Það er reyndar 1280, sem eyðurnar byrja í IV, og upp frá því sker hann sig ekki eins úr gagnvart öðrum annálum. En sums staðar eftir 1280 hefur sagan að geyma annálaefni, sem ekki er í IV, V né öðrum varðveittum annálum. Nefna má völd Auðunar hestakorns 1281 (bls. 85), stríðið milli Filippusar Frakkakonungs og Péturs af Aragon 1285 (*T.*), víg Gauta í Tólgu og Hallvarðar af Hörðu 1289 (*T.*), drukkun Kolbeins kettuhryggjar sama ár (bls. 173). Það má gera sér í hugarlund, að höfundur hafi haft

⁵⁷ *Icelandic Sagas* II (1887) 366.

í höndum forrit, systurhandrit eða eftirrit IV, sem hlotið hafi viðbætur frá ókunnu annálshandriti. Sum þessara atriða geta reyndar stafað af kunnleika höfundar sjálfs.

Að lokum er rétt að geta þess möguleika, að IV sæki efni í annálsgreinar Árna sögu. Samsvaranir eru óneitanlega afar miklar milli þessara rita, og sums staðar er efni, sem er að finna í IV, sett fram í samfelldri frásögn í sögunni. Þetta á við um lagaskiptin 1271–3, stefnu til þingsins í Lyon 1272, konungafund í Sarpsborg 1273, útkomu páfa-bréfa með bréfum erkibiskups 1275, lausn Odds Þórarinssonar 1279 (sbr. *T*).⁵⁸ Það mælir hins vegar mjög í móti þessari tilgátu, að eftir 1280 sjást engin merki þess, að ritari annálsins hafi sótt efni til sögunnar. Villan í sögunni, krossun Eðvarðar Englakonungs, gengur ekki aftur í IV. Dæmin, sem tekin voru hér að ofan, mætti vel kenna haglegrri aðlögun þessa annálsefnis að söguþræði. Fyrrgreindur möguleiki er því nánast óhugsandi. Árna saga sækir áreiðanlega til annáls, og eðlilegra er að hugsa sér, að IV sæki til þess annáls eða náskylds handrits en að Árna saga sé milliliður tveggja annála.

⁵⁸ Síðasta dæmið hefur reyndar sérstöðu, en það getur verið komið inn í annálinn úr öðrum heimildum en Árna sögu.

ANNÁLATÖFLUR

ÁRNA SAGA

Var þá síra Árni kosinn og confirmatus . . . til Skálaholtsbiskups og vígður . . . Á því ári var vígður Erlendur biskup til Færeyja (11).

Á þessu sumri sendi virðulegur herra Magnús kóngur til Íslands Þorvarð Þórarinsson og Eindriða böggul, hirðmann sinn, þar með Sturlu Þórðarson með lögbók norræna, og var þá eftir um sumarið játað þingfararbálki og 2 kapitulum úr erfðabálki, um festarkonu börn og um arfleiðing og þegngildi um allt land, en ei fleira (22).

Var og á þessu þingi lögtekin öll bók sú, er kóngurinn hafði utan sent, nema erfðabálkur var ei lögtekin nema ij kapitular, er hið fyrra sumarið var játað. *Utanferð Árna biskups.* Fóru þá af Íslandi margir hinir ríkari menn, Rafn Oddsson, Þorvarður Þórarinsson . . . Það sumar tók og Sturla Þórðarson við lögsögn, en áður hafði Þorleifur hreimur . . . Á þessu ári var vígður Gregorius páfi x., en áður hafði páfalaust verið nær v vetur . . . Kom þessi sami síra Sighvatur á þessu ári aftur í Noreg með þeim tíðindum, að þessi páfi Gregorius hefði eftir ij ár stefnt öllum erkibiskupum og ljóðbiskupum . . . í þann stað, sem Leontium heitir, til almennilegs þings (24–26).

og hann reið þann vetur með honum um miðföstuskeið úr Björgvin og austur í Sarpsborg til móts við Valdimar Svíakonung og bræður hans. Á þessum vetri gaf Magnús konungur Eiríki syni sínum konungsnafn í Björgvin, en Hákonni hertoganafn(-dóm *R) (28). Þessir menn önduðust ís-

I–III

1269 Vígður Árni biskup til Íslands, Erlendur (+ biskup III) til Færeyja (I, III).

1271 Sturla kom út með lögbók Járnsíðu (I). Útkoma Sturlu Þórðarsonar með lögbók. Lögtekið þegngildi (III). Útkoma Þorvarðar Þórarinssonar og Sturlu Þórðarsonar með lögbók, og þá var játað þegngildi og lögtekin þingskapanarbálkur og ij capitularii úr erfðabælki, um festarkonubörn og arfleiðing (II). Þorleifur legifer tertio (II).

1272 Árni biskup fór utan, Rafn og Þorvarður (I, III). Utanferð Árna biskups, Rafns Oddssonar, Þorvarðar Þórarinssonar (II). Vígður Gregorius papa (II). Gregorius papa (III). Tekin Járnsíða í lög (I). Járnsíða lögtekin (III). Þá var lögtekin lögbók sú, er Magnús konungur hafði sent til Íslands, öll nema erfðabálkur utan þá kapitula, er áður voru lögteknir. Sturla legifer (II).

1273 Vígður Gregorius páfi (I, III). Konungafundur í Borg (I, III). Árni biskup kom út (utan III), Rafn og Þorvarður (I, III) með honum (III). Útkoma Árna biskups, Rafns og Þorvarðar í Austfjörðum (II). Jörundur biskup fór utan (I, III). Utanferð Jörundar biskups (II). Þ Ketill prest-

IV

Vígður Árni biskup til Skálaholts og Erlendur biskup til Færeyja.

Magnús konungur sendi til Íslands Þorvarð Þórarinsson og Sturlu Þórðarson lögmenn og Eindriða böngul með lögbók, og var þá játað konungi þegngildi á Íslandi. Þá var og lögtekin þingskapanarbálkur í lögbókinni og ij capitular í erfðabælki, um festarkonu börn og um arfleiðing. Þorleifur legifer tertio.

Vígður Gregorius xus papa. Stefnt eftir ij ár generale concilium. Þá var lögtekin lögbók sú, er Magnús konungur hafði sent til Íslands, öll nema erfðabálkur, utan þá ij capitula, er áður voru lögteknir. Utanferð Árna biskups og Rafns Oddssonar og Þorvarðar Þórarinssonar. Sturla legifer iterum.

Fundur Magnúss konungs og Valdimars Svíakonungs í Sarpsborg um miðföstuskeið, og hélt Magnús konungur þeim allan kost. Magnús konungur gaf konungsnafn Eiríki syni sínum, en hertogadóm Hákonni syni sínum. Þ Vilhjálmur prestur Sæmundarson, Ketill prestur Þorláksson,

INNGANGUR

lxxxiii

V

VII

VIII

Vígður Árni biskup Þorláksson til Skálholts, Erlendur til Færeyja.

Vígður Árni biskup og út kominn.

Komu norræn lög á Ísland.

Útkoma Þorvarðar Þórarinssonar og Sturlu Þórðarsonar með lögbók. Þorleifur legifer.

páfalaust iiij ár.

Lagaskipti á Íslandi. Utanferð Árna biskups og Hrafns Oddssonar og Þorvarðs Þórarinssonar. Sturla legifer. Gregorius papa x. vígður.

... Oddssonar og Þorvarðar Þórarinssonar. Utanferð Jörundar biskups. Þetta haust var játað á Íslandi að Marteinsmessu erfðabælki í lögbók þeirri, er Magnús konungur hafði sent til Íslands með flutningi Rafns Oddssonar og Sturlu lögmanns.

Varð Gregorius páfi vjus.

Þ Ketill biskup Þorleifsson(!), Vilhjálmur prestur Sæmundarson, Þorsteinn Halldórsson, Ketill Loptsson. Útkoma Árna biskups og Rafns Oddssonar, Þorvarðar Þórarinssonar. Utanferð Jörundar biskups.

ÁRNA SAGA

lenzkir þennan vetur: Þorsteinn Halldórsson, Brandur Andrés-son, Ketill Loftsson, en á Íslandi Vilhjálmur prestur Sæmundarson og Ketill prestur Þorláksson. Þetta sumar fór herra Árni biskup til Íslands . . . Þetta sumar komu þeir til Íslands Rafn Oddsson, Þorvarður Þórarinnsson, og með flutningi herra biskups og þeirra fyrrnefndra valdsmanna var um þetta haust játað norrænum erfðabálki að Marteinsmessu (36–37). Þetta haust sigldi herra biskup Jörundur (40).

Um vorið eftir þennan vetur fór af Noregi ad curiam virðulegur herra Jón erkibiskup og Askatin Björgvinarbiskup, Andrés biskup af Osló og sóttu það generale concilium, sem um vorið var haldið í Leone iij Kal. maímánaðar og komu aftur á sama ári með þeim boðskap páfans Gregorii og skipan þessa þings, að allir klerkar skyldu um næstu vj ár leggja tíundir af öllum rentum sínum. En það sama statutum kom hingað að um sumarið eftir með bréfum virðulegs herra Jóns erkibiskups. Á þessu sama ári urðu þau tíðindi á fyrrgreindu þingi in Leontia, að Græci hurfu aftur til almennilegrar kristni af þeirri þrætu, sem þeir höfðu haldið um stundar sakir, með ráðum og röksemdum Gregorii páfa. Þá sendi og Philippus Frakkakóngur Magnúsi kóngi part af krúnu vors herra Jesu Christi. Þá var og Eðvarður Englakóngur krossaður til Jór-salaferðar og margir aðrir dýrlegir höfðingjar. Þá andaðist Jakob erkibiskup í Danmörk. *Útkoma Jörundar biskups* (41–42).

I–III

ur(÷ II) Þorláksson (Þorleiksson I) (I, II). Þ Vilhjálmur Sæmundarson, Þorsteinn Halldórsson (II). Magnús konungur gaf konungsnafn Eiríki syni sínum, en hertogadóm Hákonu syni sínum (en—sínum) en Hákonu hertoganafn III) (II, III). Þetta haust var játað á Íslandi að Marteinsmessu erfðabætti í lögbók þeirri, er Magnús konungur hafði sent til Íslands (II).

1274 Gregorius páfi hafði þing í Leons (+ borg II) og bætti trú Grikkja. Játvarður Englakonungur var kórónaður. Jón erkibiskup kom í land með hlut af krúnu (þornkórónu II) vors herra (+ Jesu Christi II), er Philippus konungur af Frans gaf (sendi II III) Magnúsi konungi (I–III). Þ Jakob erkibiskup í Lund (I, III). Útkoma Jörundar biskups (II, III).

IV

Þorsteinn Halldórsson, Brandur Andrés-son, Ketill Loftsson. Útkoma Árna biskups og Rafns Oddssonar og Þorvarðar Þórarinnssonar. Utanferð Jörundar biskups. Þetta haust var játað á Íslandi að Marteinsmessu erfðabælki í lögbók þeirri, er Magnús konungur hafði sent til Íslands með flutningi Rafns Oddssonar og Sturlu lögmans.

Concilium generale celebratum est apud Leonciam. Þar var Jón erkibiskup af Niðarósi og Andrés biskup af Osló og Askatin biskup af Björgvin og komu á sama ári aftur með þeim boðskap Gregorii pape og statuto concilij generalis, að klerkar skyldu til Jór-salaferðar. Þá og snerust Grikkir aftur til kristni almennilegrar með guðs miskunn og ráðum Gregorii pape. Philippus Frakkakonungur sendi Magnúsi Noregskonungi part af þornkrúnu vors herra Jesu Christi. Kórónaður Eðvarður Englakonungur. Þ Jakob erkibiskup í Danmörku. Útkoma Jörundar biskups.

Útkoma Jörundar biskups. Þing í Leonis borg. Concilium generale celebratum est apud Leonciam. Þar var Jón erkibiskup að Niðarósi og Andrés biskup af Osló, Askatin biskup af Björgvin og komu á sama sumri aftur með þeim boðskap Gregorii páfa og statuto concilii generalis að klerkar skyldu leggja tífund til Jórsalaferðar af öllum rentum sínum vj ár, og gefnar remissiones generales þeim, er krossaðist til Jórsalaferðar. Þá snerust og Grikkir aftur til almennilegrar kristni með guðs miskunn og ráðum Gregorii páfa.

Gregorius páfi hafði concilium í Leons og bætti trú Grikkja. Þ Jacobus erkibiskup af Lund. Játvarður Englakóngur var coronatus. Jón erkibiskup kom í land cum parte spinee corone domini nostri Jesu Christi, er Magnúsi kóngi var send af Filippo kóngi af Frans.

Þ Jakob erkibiskup af Lund í Danmörk. Síra Játvarður, son Heinreks kóns af Englandi, kórónaður. Gregorius páfi hafði þing í Leonis. Micael Grikkjakóngur og Androvicus kóngur son hans og allt stórmenni þeirra samþykktust um kristnihald og hlýðni við páfann og sendu sína sendiboða á þingið til hans. Jón erkibiskup kom heim af curia og braut skip sitt næsta dag drottins eftir allra heilagra messu í Eiðsvogi fyrir norðan Björgvin. Hann hafði með að fara part de spinea corona domini, er Filippus Frakkakóngur sendi Magnúsi kóngi, og á frjádaginn eftir in festo Theodori lét Magnús kóngur gjöra processionem af Postolakirkju í móti helgum dómum, og söng Jón erkibiskup messu háttíðlega. Jörundur biskup út kominn.

ÁRNA SAGA

Magnús kóngur lét efna til kirkju-gjörðar í grasgarði sínum í Björgvin. Valdimar Svíakóngur flýði í Noreg fyrir bræðrum sínum, hertoga Magnúsi og júngherra Eiríki, og þá er hann kom aftur í Svíaríki, varð hann fanginn og gaf upp krúnuna og komst eftir það á flótta í Kóngahellu. Þá varð í Þrándheimi svo stórt hagl, að hinir stærstu haglsteinar stóðu xv aura. Þá brann bær í Túnsbergi. Þetta sumar reið virðulegur herra Árni biskup til alþingis, og með hans flutningi var lögtekin hinn nýi kristins dóms bálkur utan fá kapitula . . . Á þessu sumri kom út Jörundur Hólabiskup og svo statutum concilij generalis, það sem fyrr var af sagt (42–43).

I–III

1275 Eiríkur son Birgis hertoga (jarls III) kom af Danmörk með nokkurn styrk Danakonungs og stríddi við Valdimar bróður sinn með styrk Magnúss hertoga bróður þeirra. (+ Þá III) Flýði Valdimar til Noregs (I, III) ríki sitt, og svo sem hann kom aftur, var hann fanginn og gaf upp kórónuna bræðrum sínum og kom eftir það með flótta til Konungahellu (III). Valdimar konungur og Eiríkur bræður börðust 4 N. Julii. Valdimar stökk norður í Noreg (II). Magnús konungur lét setja kirkju-grundvöll í grasgarði sínum (II). Bæjarbruni í Túnsbergi. Á Lár-entiusvökudag kom það hagl í Þrándheimi, að hinir stærstu haglsteinar stóðu 15 aura (III).

IV

Lét Magnús konungur setja kirkjugrundvöll í grasgarði sínum í Björgvin. Varð Valdimar Svíakonungur forflótti fyrir bræðrum sínum hertoga Magnúsi og júngherra Eiríki til Noregs. Og svo sem hann aftur kom í Svíaríki, var hann fanginn og gaf upp krúnuna bræðrum sínum og komst eftir það með flótta til Konungahellu. Á Laurenzmessudag kom það hagl í Þrándheimi, að stærstu haglsteinar stóðu xv aura. Bæjarbruni í Túnsbergi. Komu transscripta páfalegra bréfa til Íslands pro subsidio terræ sanctæ með bréfum herra Jóns erkibiskups.

Þann vetur urðu þau tíðindi, að Gregorius páfi andaðist íiiij Idus Januarij, og kallar alþýða hann helgan. Þá var kosinn Innocentius vus in festo sanctæ Agnetis og litlu síðar vígður. Hann var fyrstur páfi af predikarahúsi og lifði eigi allt til Jónsvöku. Þá var tekinn til páfa Octinbonus cardinalis, rómverskur og ágætur og kallaður Adrianus íiiijus. Hann söng enga messu, því að hann varð eigi vígður til prests, en hann andaðist fyrir vígsludaga, milli Maríumessna. Þá var tekinn til páfa meistari Petrus hispanus cardinalis á drottinsdag fyrir krossmessu og kallaður Johannes xxius. Þenna vetur var ófriður milli Danakonungs og Svía. Valdimar Birgisson Svíakonungur kom til Björgvinar á fund Magnúss

1276 θ Gregorius (+ xus II) páfi. Innocentius (+ vus II) páfi. Adrianus (+ vus II) páfi (I, II) hann var eigi prestur og hét Otto bonus (I). Vígður Johannes vius papa (II). θ Gregorius papa 4 Id. Januar., og kallar alþýða hann helgan, et in festo Agnetis var kosinn Innocentius og vígður litlu síðar, fyrstur papa af predikara húsi, og lifði eigi allt út til Jónsvöku. Þá var tekinn til papa Ottobonus cardinalis, rómverskur og ágætur, og kallaður Adrianus. Hann söng enga messu, því að hann var eigi vígður til prests, en hann andaðist fyrir vígsludaga í milli Maríumessna. Eftir það var tekinn til papa meistari Petrus hispanus cardinalis drottinsdag fyrir krossmessu og kallaður Johannes 21. Þá kom Valdimar Svíakon-

θ Gregorius xus papa íiiij Idus Januarij, og kallar alþýða hann helgan, og in festo Agnetis var kosinn Innocentius vus og vígður litlu síðar, fyrstur af predikarahúsi og lifði eigi allt út til Jónsvöku. Þá var tekinn til páfa Octobonus cardinalis, rómverskur og ágætur, og kallaður Adrianus íiiijus. Hann söng enga messu, því að hann varð eigi vígður til prests, en hann andaðist fyrir vígsludaga millum Maríumessna. Eftir það var tekinn til papa meistari Petrus hispanus cardinalis á dróttinsdag fyrir krossmessu og kallaður Johannes xxius. Ófriður milli Dana og Svía. Kom Valdimar Birgisson Svíakonungur til Björgvinar á fund Magnúss konungs. Um sumarið var fundur þeirra og palliment Magnúss Noregs-

V

Magnús konungur lét setja kirkju-
grundvöll í grasgarði sínum í
Björgvin. Valdimar Svíakonungur
varð forflótti fyrir bræðrum sín-
um til Noregs og gaf upp kon-
ungsnafn. Á Laurentiusmessudag
kom það hagl í Þrándheimi, að
stærstu haglsteinar stóðu xvijj
aura. Bæjarbruni í Túnbergi.
Komu transscripta páfalegra
bréfa til Íslands.

VII

Eiríkur son Birgis hertoga kom
af Danmörk með liði af landinu
og stríddi viður Valdimar bróður
sinn með styrk Magnúss hertoga
bræður þeirra, og flýði Valdimar
kóngur í Norveg. Þá kom svo
mikið hagl úr skjújum á Lauren-
tiusmessudag, að einu stenu(!)
haglsteinar stóðu xv aura í
Þrándalögum.

VIII

Á Laurentiusmessudag kom hagl
í Skauni, milli Orkadals og
Gaulardals, að sumir haglsteinar
stóðu xv aura vegna, það hagl
kom víðara í Þrándalögum. Á
þessu ári um miðsumarskeið
stríddu upp á Valdimar Svía-
kóng bræður hans, hertogi Magn-
ús og jungherra Eiríkur við nokk-
urn styrk Eiríks Danakóns. En
sem Valdimar kóngur hafði feng-
ið slag á sínum mönnum af
bræðrum sínum, flýði hann til
Noregs . . . og kom í Borgarsýslu
til Erlings Álfssonar og fór litlu
síðar austur til Svíaríkis . . . Varð
þá Valdimar kóngur fanginn og
Sofía drottning. Gekk þá Svíaríki
undir bræður hans, hertoga Magn-
ús og jungherra Eirík. Nokkru
síðar andaðist jungherra Eiríkur
Birgisson, en Valdimar kóngur og
Sofía drottning komust til(!) flótta
af Svíaríki í Ragnhildarhólma við
Kóngahellu.

θ Gregorii páfa x. Vígður Inno-
centius páfi v. θ Innocentii páfa.
Vígður Adrianus páfi, hann var
eigi prestur. θ Adrianus páfi.
Vígður Johannes páfi xxi. θ Þor-
gils biskup af Stafangri. Lögtek-
inn kristinsdómsbáلكur hinn nýi.
Var ófriður milli Dana og Svía.
Magnús konungur gaf jarlsnafn
í Túnbergi Magnúsi syni Magn-
úss jarls í Orkneyjum.

θ Gregorius páfi og Innocentius
páfi. Adrianus páfi, hann var eigi
prestur og hét Octovianus og var
hinn frægsti cardinalis.

θ Gregorius papa x in festo Pauli
primi heremiti. Eftir hann varð
páfi Innocentius v af predikara-
húsi. θ Innocentius, eftir hann
var Adrianus. θ Adrianus. Þar
eftir Johannes. θ Þorgils biskup í
Stafangri. Á þórsdaginn eftir
Jónsmessu baptista sigldi Magn-
ús kóngur með her sinn af Kónga-
hellu til Horsabergs . . . Var þá
talað um sætt þeirra bræðra í
landtjöldum Valdimars kóns og
hertoga Magnúsar . . . Varð af
því ei sætt gjör að sinni þeirra í
millum og skildust við svo búið
. . . Á Ólafsmessudag gaf Magn-
ús kóngur jarlsnafn Magnúsi syni
Magnúss jarls og jarldóm . . . Um
haustið eftir og um veturinn var
ófriður milli Svía og Dana.

ÁRNA SAGA

konungs. Um sumarið eftir var fundur þeirra Magnúss Noregskonungs og Magnúss Birgissonar, er Svíar höfðu þá til konungs tekið. Sá fundur var í Gautelfi við Hörsaberg og leitað um sættir milli þeirra bræðra Valdimars og Magnúss, og vannst ekki að í því sinni. Magnús konungur gaf í Túnsbergi jarlsnafn Magnúsi jarlssyni af Orkneyjum. Þá andaðist Þorgils Stafangursbiskup (46–47).

Þennan vetur voru kyrr ein tíðindi. Um vorið andaðist Jón páfi innan pikkisdaga. Í hans stað var kosinn Gagitanus, rómverskur cardinal, og vígður nær Katrínarmessu og kallaður Nicholas iijus. Á þessu sama ári andaðist Askatin Björgvinarbiskup. Þá sættust þeir við Magnús kóng um þær klausur í lögbókum, er hann hafði skipaðar, en þeir höfðu ei haldið þar til. Á þessu ári gaf Magnús kóngur lendum mönnum baróna nöfn og herra, en skutilsveinum riddara nöfn og herra (55–56). Á þessu sama sumri sigldi Rafn Oddsson og Þorvarður Þórarinsson og Sturla lögmaður (58).

I–III

ungur á fund Magnúss konungs í Noregi. Um sumarið var fundur þeirra og parlament Magnúss konungs og Magnúss Birgissonar jarls, er Svíar höfðu þá til konungs tekinn. Sá fundur var í Gautlandi við Hörsaberg. Þar var og Valdimar konungur, og var talað um sættir þeirra bræðra. Ófriður milli Dana og Svía. Gaf Magnús Noregskonungur jarlsnafn Magnúsi, syni Magnúss jarls af Orkneyjum (III). Þ Þorgils biskup í Stafangri (II, III).

1277 Þ Johannes papa (I–III) innan pikkisdaga (III). Vígður Nicholas (+ iijus II) páfi (I, II). Nicholas papa vígður við Katrínarmessu, hann hét áður Johannes Gaetanus, rómverskur cardinalis (III). Þ Askatin biskup (I, III) af Björgvin (III). Fóru utan Rafn, Þorvarður og Sturla lögmaður (I). Utanferð Rafns og Þorvarðar og Sturlu Þórðarsonar (II). Utanför Rafns Oddssonar og Þorvarðar Þórarinssonar og Sturlu Þórðarsonar lögmanns (III). Magnús konungur gaf barónanafn lendum mönnum, herranafn riddurum (I). Magnús konungur gaf lendum mönnum og skutilsveinum herranöfn (II). Magnús konungur gaf lendum mönnum barónanafn og herra, en skutilsveinum riddaranafn og herra (III). Sætt Magnúss konungs og Jóns erkibiskups (II, III).

IV

konungs og Magnúss Birgissonar, er Svíar höfðu þá tekið til konungs. Sá fundur var í Gautelfi við Hörsaberg, og var talað um sættir þeirra bræðra Valdimars og Magnúss og sættust ekki að því sinni. Gaf Magnús Noregskonungur í Túnsbergi jarlsnafn Magnúsi, syni Magnúss jarls af Orkneyjum. Þ Þorgils biskup í Stafangri.

Þ Johannes papa innan pikkisdaga. Nicholas iijus papa var vígður nær Katrínarmessu. Hann hét áður Johannes Gagitanus vel Gaitanus, rómverskur cardalis. Þ Askatin biskup í Björgvin. Sætt Magnúss konungs og Jóns erkibiskups. Magnús Noregskonungur gaf lendum mönnum barónanafn og herra, en skutilsveinum riddaranafn og herra. Utanferð Rafns Oddssonar og Þorvarðar Þórarinssonar og Sturlu lögmanns.

Þ Johannes páfi. Nicholas páfi
 iiij ár. Greinir og nokkuð sund-
 urþykki var millum Magnúss
 konungs og Jóns erkibiskups um
 þá skipan, sem þeir vildu stað-
 festa milli konungdómsins og
 biskupsdóms í Noregs konungs
 konungsríki, og áttu þeir að
 nokkurar stefnur að semja þetta
 mál. Á Laurentiusmessuafтан að
 berfættu bræðra í Túnsbergi
 sömdu þeir Magnús konungur og
 Jón erkibiskup öll sín mál og
 gerðu ævinlega skipan milli kon-
 ungdómsins og biskupsdóma í
 Noregs konungs ríki og settu fyr-
 ir sterk bréf með sjálfra sinna
 innsiglum og allra annarra höfð-
 ingja innsiglum þeirra, sem þar
 voru við staddir. Magnús kon-
 ungur gaf lendum mönnum bar-
 ónanöfn og herra, en skutilsvein-
 um riddaranöfn og herra. Þ Ask-
 atin Björgvinarbiskup. Utanferð
 Rafns Oddssonar og Þorvarðs
 Þórarinssonar og Sturlu lög-
 manns.

Þ Ascatin biskup, Innocentius
 páfi og Adrianus páfi. Vigður
 Johannes páfi xxius. Ófriður mill-
 im Dana og Svía. Andaðist Jo-
 hannes páfi innan pikisdaga. Varð
 Nicholas páfi Katrínarmessu, hét
 hann áður Johannes Gaiantus vel
 Gagitanus, rómverskur cardinalis.
 Gerðu þeir Magnús kóngur og
 Jón erkibiskup ævinlega skipan
 milli kirkjunnar og krúnunnar, og
 staðfest með bréfum og innsiglum
 annarra lendra og ólendra í land-
 inu. Actum í Túnsbergi. Þá gaf og
 Magnús kóngur lendum mönn-
 um sínum, stöllum og öðrum
 skutilsveinum, að þeir væri kall-
 aðir herrar af öllum mönnum.
 Skyldu og lendir menn þaðan af
 heita barónar, en skutilsveinar
 riddarar.

Þ Johannes páfi. Vigður Nicholas
 til páfa, hann hét áður Johannes.
 Þ Askatin biskup.

ÁRNA SAGA

I-III

IV

Á þessum vetri, er Þorvarður hafði siglt um haustið, var vígður Narfi til Björgvinar, en Þorfinnur til Hamars. Þetta sumar fór kóngurinn Magnús með miklu liði suður til Elfar (58).

1278 Hafði Magnús konungur leiðangur til Elfar (I). Leiðangur Magnúss konungs til Elfar (III). Vígður Narfi biskup (+ til Björgvinar III) og Þorfinnur biskup (+ til Hamars III) (II, III). Sturla fór út (I). Útkoma herra Sturlu (II). Útkoma Sturlu lögmans (III).

Vígður Narfi Björgvinarbiskup og Þorfinnur biskup til Hamars. Leiðangur Magnúss konungs til Elfar. Útkoma herra Sturlu lögmans.

Lausn Odds og flutningur beinanna í Skálholt (64–66). Á þessu sumri kom út herra Rafn Oddsson og var þá gjör merkismaður, og þá kom út Þorvarður Þórarinsson. Þenna vetur höfðu Karelar tekið Þorbjörn skæni, sýslumann Magnúss konungs, og drepið af honum xxxv manna. Var hann stundu síðar leystur út með fé (66). Eftir þetta reið Árne biskup á Eyrar, og létu þeir út in festo sancti Bartholomei apostoli ... og á þessu ári andaðist Vermundur ábóti að Þingeyrum viij Kal. Januarij (67).

1279 Árni biskup og Jörundur biskup leystu Odd Þórarinsson, og voru færð bein hans í Skálholt til legurstaðar (III). Árni biskup og Jörundur biskup fóru utan (I). Utanferð Árna biskups og Jörundar biskups (II, III). Herra Rafn ger merkismaður (III). Rafn kom út (I). Útkoma Rafns og Þorvarðar (II, III), Eindriða bögguls (II). Karelar tóku á fjalli Þorbjörn skæni, sýslumann Magnúss konungs og drápu fyrir honum hálfan fjórða tug manna. Þ Vermundar ábóta (III).

Kereljar tóku Þorbjörn skæni sýslumann Magnúss konungs og drápu á fjalli fyrir honum xxxv menn. Útkoma Þorvarðar Þórarinssonar. Útkoma herra Rafns Oddssonar. Þá hafði Magnús konungur gert hann merkismann sinn. Jörundur biskup og Árni biskup leystu Odd Þórarinsson, og fóru bein hans í Skálholt til legstaðar. Utanferð Jörundar biskups og Árna biskups. Þ Vermundur ábóti.

hinn himneski faðir Jesus Christus kallaði til sín virðulegan herra Magnús kóng in adventu beati Nicholai í Barin ... þá kom virðulegur herra Jón erkibiskup in festo trinitatis að halda það biskupþing, sem fyrr var getið (68–69). herra Eiríkur var coronatus af fyrrnefndum Jóni erkibiskupi að hjáveröndum þessum biskupum: Andrésí af Osló og Jörundi af Hólum, Erlendi af Færeyjum, Árna af Skálholti, Árna af Stafangri, Narfa af Björgvin, Þorfinni af Hamri, Markúsi af Suðureyjum in festo Suithuni episcopi ... *Útkoma biskupa* ... Á þessu sama ári hafði andazt herra Nicholas páfi, í hans stað kom Marteinn páfi. Þá andaðist Ólafur Grænland-

1280 Þ Magnúss konungs (I). Þ Magnús konungur (+ góði II) Hákonarson (II, III) 7 Idus Maii (II). Eiríkur konungur (+ son hans I) kórónaður (I, II). Eiríkur, son Magnúss, kórónaður (III). Útkoma Árna biskups og Jörundar biskups (I–III), Loðins lepps, Jóns lögmans (I, II). Þ Nicholas páfi (I–III). Þ Ólafur Grænlandabiskup (Grænlandsbiskup III) (II, III).

Þ Nicholas iijus papa og Magnús konungur Hákonarson. Eiríkur konungur sonur hans kórónaður af Jóni erkibiskupi og vij öðrum biskupum. Þ Ólafur Grænlandabiskup. Útkoma Jörundar biskups og Árna biskups.

V

Vígður Narfi biskup til Björgvinar og Þorfinnur biskup til Hamars. Leiðangur Magnúss konungs til Elfar. Útkoma herra Sturlu lögmans.

VII

Vígður Narfi biskup til Björgvinar og Þorfinnur biskup til Hamars.

VIII

Vígður Narfi Björgvinarbiskup og Þorfinnur biskup til Hamars.

Jörundur biskup og Árni biskup leystu bein Odds Þórarinssonar, og fóru bein hans í Skálholt til legstaðar. Utanferð Árna biskups og Jörundar biskups. Herra Rafn gjör merkismaður og fór til Íslands. Þ Vermundar ábóta að Þingeyrum. Útkoma Þorvarðar Þórarinssonar.

Þ Vermundur ábóti að Þingeyrum. Biskupslaust á Íslandi.

Útkoma herra Þorvarðar og herra Rafns. Þá hafði Magnús kóngur gjört hann merkismann sinn.

Þ virðuligs herra Magnúss konungs hins kórónaða. Eiríkur son hans kórónaður. Biskupaþing í Björgvin. Útkoma herra Árna biskups og herra Jörundar biskups, herra Loðins lepps . . . og Jóns lögmans, og kom hann út með nýja lögbók. Þ Nicholas páfi og Ólafur Grænlandingabiskup.

Þ Magnús kóngur Hákonarson. Coronatus Eiríkur kóngur vj N. Julii. Komu af(!) Íslandi biskupar og Jón lögmaður með nýja bók. Vígður Nicholas páfi(!).

Þ Magnús kóngur. Eiríkur son hans kórónaður af Jóni erkibiskupi og vij lýðbiskupum. Þ Nicholas páfi, Ólafur Grænlandingabiskup. Útkoma Árna biskups og Jörundar biskups. Jón kom út með hina nýju bók.

ÁRNA SAGA

I-III

IV

ingabiskup. Það sama sumar kom út Loðinn leppur í Vestmannaeyjar með boðskap hins unga kóns og með honum herra Jón. Þeir höfðu meðferðar nýja lögbók til landsins, þá sem kóngurinn bauð að lögleiða (70–71). fóru þeir herra Jón lögmaður þingum yfir landið með boðskap herra Eiríks kóns og herra Hákonar hertoga og létu sverja þeim land og þegna, hvar sem þeir fóru (75–76).

þó kom þar um síðir, að lögbók var öll lögtekin utan þá kapitula, sem handgengnir menn vildu, að stæði til úrskurðar kóns og erkibiskups (82). Sigldi Loðinn nokkru síðar og herra Þorvarður. Á þessu ári varð það tíðinda í Noregi, að Eiríkur kóngur fékk Margrétar, dóttur Alexandri Skotakóns í Björgvin. Voru að þeirri veizlu herra Jón erkibiskup og aðrir innlenzkir biskupar (85).

Á þessu sumri sigldi af Íslandi Rafn Oddsson (89). Á þessu sumri fluttust út hingað til Íslands þau hin hörmulegu tíðindi, sem í Noregi höfðu gjörzt, er . . . synir myrkranna ráku frá sér með valdi . . . Jón erkibiskup, gjörandi hann útlægan og með honum Andrés biskup af Osló, Þorfinn biskup af Hamri og menn þeirra (93). Sá móttburður varð og, að Jón erkibiskup dauður og í jörð grafinn í Skörum í Vestra-Gautlandi < . . . > Neytti hann þess þjónustu og líkflutnings aftur til stóls síns, sem áður gjörðist formaður að flæma hann frá stóli lifanda (115).

1281 Utanfór Loðins lepps (I, II) og Þorvarðar (I-III). Vigður Marteininn páfi (I). Eiríkur konungur fékk frú Margrétar dóttur Alexandri Skotakonungs (III, II). Lögbók öktuð á alþingi (II). Lögtekin Jónsbók (III).

1282 Utanferð herra Rafns Oddssonar (÷ II, III) (I-III). Jón erkibiskup gjör útlægur og fór úr landi (II). Þ Jón erkibiskup (I-III) hinn staðfasti 12 Kal. Janu-arij (II).

Vigður Martinus papa. Svarið Eiríki Noregskonungi og Hákonni hertoga land og þagnar á Íslandi. Eiríkur Noregskonungur fékk Margrétar dóttur Alexandri Skotakonungs. Utanferð herra Þorvarðar Þórarinssonar.

Utanferð herra Rafns. Jón erkibiskup fór úr landi og Andrés biskup af Osló og Þorfinnur biskup af Hamri. Þ Jón erkibiskup í Skörum í Vestra-Gautlandi.

Eiríkur Noregskonungur fékk frú Margrétar dóttur Alexandri Skotakonungs, og var hún kórónuð. Svarið Eiríki konungi og Hákonu hertoga land og þegnar á Íslandi. Vigður Martinus páfi, hann var páfi iij ár. Utanferð herra Þorvarðar Þórarinssonar og Loðins lepps. Lögtekin Jónsbók.

Þ Nicholas páfi og Ólafur Græn- lendingabiskup. Biskupaþing í Björgvin. Vigður Martinus páfi. Eiríkur kóngur fékk Margrétar dóttur Alexandri Skotakóns, og hún var kórónuð. Svarið Eiríki kóngi land og þegnar á Íslandi og svo hertoga Hákonu.

Eiríkur kóngur fékk Margrétar dóttur Alexandri Skotakóns. Utanferð Þorvarðar Þórarinssonar. Lögtekin Jónsbók á Íslandi á alþingi. Vigður Martinus páfi.

Herra Jón erkibiskup varð landflótti úr Noregi fyrir konungsvaldi og með honum Andrés biskup af Osló og Þorfinnur biskup af Hamri. Á því ári andaðist Jón erkibiskup í Skörum á Gautlandi. Utanferð herra Rafns.

Herra Jón erkibiskup varð landflótti úr Noregi fyrir kóngsvaldi og með honum Andrés biskup úr Osló og Þorfinnur biskup af Hamri. Þ Jón erkibiskup í Skörum í Gautlandi, hyggja menn hann helgan.

Utanferð Rafns Oddssonar. Þ Jón erkibiskup í Skörum í Vestra-Gautlandi. Jón erkibiskup fór úr landi og Andrés biskup af Osló og Þorfinnur biskup af Hamri.

ÁRNA SAGA

I-III

IV

Í þessum tíma andaðist Margrét drottning ... Þá andaðist og Erlingur Álfsson og margir aðrir ágætir menn (115).

1283 Þ Erlings Álfssonar (I, III). Þ Margrét drottning (I-III). Rafn kom út (I). Útkoma herra Rafns Oddssonar (I). Útkoma herra Rafns (II, III). Lík Jóns erkebiskups flutt heim til Niðaróss og þar jarðað (I).

Lík Jóns erkibiskups flutt heim til Niðaróss og þar jarðað. Þ Margrét drottning dóttir Alexandri Skotakonungs. Útkoma herra Rafns Oddssonar.

Á þessu ári andaðist Martinus páfi og Karl kóngur á Póli, Pétur biskup í Orkneyjum og Magnús jarl Magnússon þar enn í Orkneyjum (98). Þetta haust andaðist herra Sturla lögmaður (114). *Teknir staðir* (100-102). Þennan vetur, sem Rafn kom áður um haustið, kom mikið hallæri fyrir norðan land, sem var í Noregi ... Þetta toræri kom og vetri síðar suður um land (117).

II, III

1284 Þ Martinus papa, Karl konungur á Púli, Pétur biskup í Orkneyjum (II, III) Magnús jarl í Orkneyjum (II), herra Sturla lögmaður (III), herra Sturla Þórðarson 3 Kal. Augusti (II). Sótt mikil (II). Leikmenn tóku kirkjur í móti biskupa ráði (III).

IV, I

Þ Martinus papa, Karl konungur á Púli og Pétur biskup í Orkneyjum, Magnús jarl í Orkneyjum og herra Sturla (+ Þórðarson I) lögmaður (IV, I). Teknar nokkrar kirkjueignir á Íslandi undir leikmanna valdi (IV₄).

Ásgrímur andaðist in festo Brigidae virginis (121). Þá fréttust þau tíðindi af Roma, að páfi var vígður Honorius iiijus, og hefði hann senda til Noregs biskupana Andrés og Þorfinn með bréfum til kóns og drottingar, en Þorfinnur komst ei lengra en í Flandur og andaðist þar. Þetta ár var og stríð millum Péturs af Aragon og Philippum Frakkakóns. Þar féll Petrus, en Philippus fékk skot í annan armlegg, af því sama sári fékk hann bana ... Í Noregi hafði andazt síra Ólafur prestur Magnússon, en hér á Íslandi andaðist Björn Sæmundarson (129-130).

1285 Vígður Honorius (+ iiius II) papa. Fall Philippi Frakkakonungs. Þ Ásgríms Þorsteinsonar (÷ II) (II, III) Kal. Februarí (II), Bjarnar Sæmundarsonar (III). Þ Þorfinnur biskup af Hamri (II). Andrés biskup af Osló kom í land með papabréfum (III). Sótt mikil um Vestfjörðu (II).

Vígður Honorius iiijus (÷ I) papa. Fall Philippi Frakkakonungs. Þ Þorfinnur biskup af Hamri í Flandur. Andrés biskup af Osló kom heim (÷ I) í land með páfabréfum. Þ herra Ásgrímur Þorsteinsson, Björn Sæmundarson (IV, I).

Þetta sumar kom út síra Guðmundur, sonur Halls úr Skriðu með þeim tíðindum, að Svíar heituðust að ráða á Noreg og brenna Víkina, en Eiríkur kóngur hafði stefnt af Íslandi xl manna úr hverjum fjórðungi, og var öllum handgengnum þegar samsum-

1286 Þ Alexander Skotakonungur. Vígður Jörundur biskup til Hamars (II, III), Dólg-Finnur biskup til Orkneyja (III). Komu sendiboðar Tattarakonungs (frá Tattarakonungi II) til Eiríks (+ Noregs III) konungs. Dráp Eiríks Danakonungs (+ Christoforus-

Þ Alexander Skotakonungur Dráp Eiríks Christoforussonar Danakonungs. Andrés biskup í Osló vígði Jörund biskup til Hamars, en Dólg-Finn biskup til Orkneyja. Komu sendiboðar Tartarakonungs til Eiríks Noregskonungs (IV, I). Utan stefnt nær

V

Þ Margrétar drottningar í Túnsbergi og Erlings Álfssonar. Líkamur virðuligs herra Jóns erkibiskups var fluttur heim til Niðaróss til legstaðar. Útkoma herra Rafns og herra Erlendar með konungs bréf þau er í stóð um staðamál á Íslandi.

VII

Þ Margareta drottning. Heim fluttur líkami Jóns erkibiskups til Niðaróss. Herra Rafn kom út með kónsbréfum, er vottuðu, að erfðastaðir skyldu snúast aftur undir leikmenn.

VIII

Þ Margrét drottning. Útkoma Rafns Oddssonar og Erlends lögmanns.

Þ Martinus páfi, Karl konungur á Púli, Pétur biskup í Orkneyjum, Magnús jarl í Orkneyjum og Sturla lögmaður. Leikmenn tóku staði og kirkjueignir þær, sem þeir kölluðust að erfðum til komnir á Íslandi móti vilja biskupanna og gengu í mörgu öðru hér með á kristinn rétt.

Leikmenn tóku staði á Íslandi og kirkjueignir. Þ Sturla lögmaður.

Þ Martinus páfi, Karl kóngur á Púli, Pétur biskup í Orkneyjum, Magnús jarl í Orkneyjum, Sturla lögmaður. Sótt mikil fyrir sunnan land. Biskupar ræntir staðforræði á Íslandi.

Vígður Honorius páfi, hann var páfi iij ár. Fall Philippi Frakkakonungs. Þ Þorfinnur biskup af Hamri og herra Ásgrímur Þorsteinsson og Björn Sæmundarson. Herra Andrés biskup af Osló kom heim í land með bréfum páfans. Eiríkur konungur gaf herra Álfi jarlsnafn.

Þ Filippus Frakkakóngur. Herra Álfur gjör jarl.

Vígður Honorius páfi. Fall Philippi Frakkakóns. Þ Ásgrímur Þórisson(!) ... Björn Sæmundarson.

Dráp Eiríks Danakonungs. Þ Alexander Skotakonungur. Vígður Jörundur biskup til Hamars, Dólg-Finnur biskup til Orkneyja. Útboð Eiríks konungs af Íslandi. Herra Auðunn gjör jarl yfir Íslandi. Komu sendiboðar Tattarakonungs til Eiríks Noregskonungs.

Herra Auðunn hestakorn gjör jarl. Útboð Eiríks kóns af Íslandi.

Þ Alexander Skotakóngur. Utan stefningar miklar. Komu Tartarar í Noreg.

ÁRNA SAGA

II, III

IV, I

ars stefnt. Þá fréttist andlát Alexandri Skotakóns og það, að Eiríkur Danakóngur var myrður, svo og að Andrés biskup hefði Jörund kórsbróður af Hamri kosið þar til biskups, en Dólg-Finn til Orkneyja. Þá voru og komnir í Noreg sendimenn Tartarakóns á fund Eiríks kóns. Þá hafði herra Eiríkur kóngur gefið Álf Erlingssyni jarlsnafn til að hann verði Noregs ríki (136).

sonar III (II, III). Gervir jarlar í Noregi Álfur og Auðunn. Guðmundur prestur Hallsson kom út með utanstefningabréfum (II).

öllum handgengnum mönnum á Íslandi og cc af bóndalýð (IVy).

Þetta sumar kom sú frétt af Noregi, að páfi Honorius var allur og svo herra Andrés biskup af Osló, og var andlátsdagur hans næsta fyrir inventio crucis. Sigurður ábóti af Hausnu var og allur. Ingibjörg drottning hafði og andazt næsta dag annuntiationem beatæ virginis. Herra Hallkell var svikinn af herra Álf, svo var allur herra Eiríkur Dufgalsson . . . Á þessum vetri brann bær í Túnsbergi . . . Á þessu sumri sigldi herra Jörundur Hólabiskup (150).

1287 Þ Honorius papa (+ iiius II), Andreas biskup í (af III) Osló, Ingibjörg drottning (+ Eiríksdóttir II). Dráp herra Hallkels. Ógmundarsonar. Bæjarbruni í Utanferð Jörundar biskups (II, III). Bæjarbruni í Túnsbergi (III).

Þ Honorius iiijus papa, Andrés biskup í Osló, Ingibjörg Eiríksdóttir drottning. Dráp Hallkels Ógmundarsonar. Bæjarbruni í Túnsbergi. Utanferð Jörundar biskups (IV, I).

Litlu fyrir þing kom skip af hafi í Borgarfjörð, og var þar á kóns sendiboði, sá sem Ólafur hét og kallaður Ragnríðarson, en hann var af kónginum sendur og með honum Sighvatur Hálfðanarson (156). Nokkru síðar spurðust þau tíðindi, að herra Jörundur Hólabiskup og herra Þorvarður voru við land komnir . . . Nicholas páfi, sá er hinn fjórði var með því nafni . . . var vígður á þessu vori, sem þá stóð yfir (162). Þetta sumar bjuggust þeir til siglingar hvorutveggju fyrir norðan land . . . herra Árni biskup og herra Ólafur, herra Rafn . . . Þessu nær kom síra Sighvatur af Roma með pallium, og lögðu þeir það á herra Jörund erkibiskup Árni

1288 Vígsla Nicholas papa iiius (÷ III). Útkoma Jörundar biskups (II, III) og herra Ólafs stallara (III). Utanferð Árna biskups og herra Rafns (II, III). Útkoma herra Þorvarðar (II). Jörundur biskup af (úr II) Hamri tók pallium. Vígður Þórður (og vígði Þórð II) biskup til Grænlands (II, III).

Vígður Nicholas iiijus papa. Útkoma Jörundar biskups og herra Þorvarðar Þórarinssonar. Utanferð Árna biskups og herra Rafns Oddssonar. Jörundur biskup af Hamri tók pallium (IV, I) og erkibiskupstign í Niðarósi (IV). Vígður Þórður biskup til Grænlands (IV, I).

Þ Honorii páfa, Andrés biskups í Osló, Ingilborgar drottningar, Eiríks Dufgalssonar. Dráp herra Hallkels. Álfur jarl gjör útlagi af ríki Noregskonungs. Utanferð herra Jörundar biskups. Bæjarbruni í Túnsbergi.

Þ Honorius páfi á páskaaftan. Þ Engilborg drottning. Þ Andrés biskup af Osló. Herra Hallkell fanginn af Álfí jarli og inn kastaður og síðan drepinn og Álfur útlægur gjör og allir þeir er honum fylgdu, og síðan drepnir hans sveitungar, cc og xx menn. Álfur komst í klaustur í Svíaríki.

Þ Honoratus páfi, Andrés biskup í Osló, Ingilbjörg drottning. Dráp Eiríks Danakóns og Áskels(!) Ögmundarsonar í Ísgrana. Álfur landflótti. Býjarbruni í Túnsbergi. Utanferð Jörundar biskups.

Vígður Nicholas páfi, hann var páfi iij ár. Útkoma herra Jörundar biskups og herra Ólafs Ragneiðarsonar og herra Þorvarðar. Utanferð herra Árna biskups og herra Ólafs og herra Rafns. Vígður Þórður biskup til Grænlands á sama degi og herra Jörundur erkibiskup tók pallium, og voru þar við fjórir biskupar, Árni biskup af Skálaholti, Árni biskup af Stafangri, Eyvindur biskup af Osló, Þorsteinn biskup af Hamri.

Pallium var lagt á Jörund erkibiskup. Vígður herra Þórður biskup til Grænlands.

Útkoma Jörundar biskups. Utanferð Árna biskups og Rafns Oddssonar. Vígsla Nicholas páfa. Jörundur biskup af Hamri tók pallium. Vígður Þórður til Grænlands. Ólafur Ragneiðarson kom út fyrir þing. Útkoma herra Þorvarðar og Sighvats og herra Christophorus.

ÁRNA SAGA

II, III

IV, I

Stafangursbiskup og Eyvindur Oslóarbiskup in dominica xx. þetta haust, og í þeirri sömu messu vígði Jörundur erkibiskup ... Þórð biskup til Grænlands og með honum Árni Skálholtsbiskup og Þorsteinn biskup af Hamri. Þessi var hinn næsti drottinsdagur eftir festum beati Dionysii (166–167). Þetta haust var Gauti í Tólgu lagður með knífi til bana. Það vann herra Hallvarður af Hörðu og vildi hafa lagið annan mann. Nokkru síðar tók Ísakur, son Gauta, Hallvarð úr Svithunskirkju og lét hálshöggva. Fyrir það varð hann útlægur (167).

Hafði Eiríkur kóngur látið þetta vor út bjóða leiðangri (168). In octava apostolorum Petri et Pauli sigldi kóngurinn öllum hernum í Eyrarsund (173). Þá gekk upp Noregsher og brenndi eyrna Falstur (174). *Andlát Rafns Oddssonar* (181).

1289 Hernaður Eiríks (+ Noregs III) konungs til Danmarkar. Þórður biskup fór til Grænlands (II, III). Þ herra Rafns Oddssonar. Vig herra Gauta úr Tólgu. Vig Hallvarðar (III).

Herferð Eiríks Noregskonungs til Danmerkur. Þórður biskup fór til Grænlands. Þ herra Rafn Oddsson (IV, I).

Herferð herra Eiríks Noregskonungs og herra Hákonar hertoga til Danmerkur. Brennt Langeland. Þ herra Hrafns. Þórður biskup fór til Grænlands.

Ferð Eiríks kóns og Hákonar hertoga til Danmarkar. Þ herra Rafn.

Hernaður Eiríks kóns til Danmerkur. Þar var herra Árne biskup og Rafn, andaðist herra Hrafn þar úr sárum. Þórður biskup fór til Grænlands. Erlendur lögmaður fór utan.

1290 Kirkjur gengu aftur undir biskups vald í Skálaholts biskupsdæmi.

Kirkjur gengu aftur undir biskups vald í Skálholtsbiskupsdæmi.

II. AÐRAR HEIMILDIR

HEIMILDASKRÁR · RITUNARSTAÐUR

Árna sögu er einkum talið það til ágætis, að höfundur hafi þekkt og stuðzt við fjölda ritaðra heimilda. Hér á eftir verður leitast við að rekja þær heimildir, sem sagan virðist sækja til. Skráin er þrískipt. Í fyrstu skrá eru talin þau dæmi, þar sem víst þykir, að höfundur hafi haft ákveðin bréf eða skjöl undir höndum eða aðgengileg. Í annarri skrá eru talin dæmi þess, að getið sé um bréf, án þess að gerður sé efnisútdráttur þeirra í sögunni. Í þriðju skrá eru tilteknir samningar, svaðagar, málfutningur o. fl. þess háttar, þar sem sennilegt má teljast, að höfundur hafi stuðzt við ritaðar heimildir, án þess getið sé um, að viðkomandi gögn hafi verið skráð og tiltæk höfundi.

I. Bréf og skjöl sem vitnað er beint til

Bls.

- 11–12 Víglubríf Árna biskups.
- 12 Bréf Magnúsar konungs, sent með Árna biskupi.
- 13–14 Boðskapur erkibiskups til almennings á Íslandi.
- 23 Bréf biskups til erkibiskups.
- 23–24 Bréf biskups til Magnúsar konungs og svarbréf hans.
- 25–26 Páfabréf um forréttindi Árna biskups.
- 27–28 Bréf Nicholai af Tracia.
- 30–35 Úrskurður erkibiskups um forræði Odda og Vatnsfjarðar (sbr. *DI II* 95–8).
- 41 o. áfr. Skipan páfa og kirkjuþings og bréf erkibiskups.
- 43–44 Nánari skipan Árna biskups af þessu tilefni?
- 47 Bréf biskupa, höfðingja og almennings til konungs (sbr. *DI II* 125).
- 48–50 Svarbréf konungs.
- 50 Boðskapur erkibiskups.
Svarbréf Árna biskups til konungs.
- 53–54 Bréf biskups til Þorvarðar Þórarinssonar.
- 54–55 Bréf Þorvarðar Þórarinssonar til konungs (sent biskupi í afriti með konungsbréfum?).
- 56–57 Svarbréf biskups til Magnúsar konungs.
- 57–58 Tvö bréf til beggja biskupa frá Jóni erkibiskupi.
- 59 Bréfastipti biskupa um Oddsmál.
- 61–62 Bréf biskups til konungs.
- 62–63 Bréf Árna biskups til Jörundar biskups.

- 66 Bréf Magnúsar konungs til Árna biskups með afriti páfabréfs.
 66–67 Bréf erkibiskups til Árna biskups.
 70 Krýningarbréf Eiríks konungs (sbr. *DI* II 190–91).
 75 Eiðstafur Lofts og Björns.
 76–79 Athugasemdir biskups, handgenginna manna og bænda við Jónsbók.
 [80 Sættargerð Magnúsar konungs og Jóns erkibiskups (sbr. *DI* II 100–106), sbr. III. skrá].
 83 Bréf höfðingja til biskups og Loðins.
 90–91 Bréfaskipti biskups og Runólfs ábóta um mál Ásgríms.
 92 Bréf biskups til Eiríks konungs, sent með Lofti Helgasyni.
 93–95 Tvö bréf Lofts til biskups, þar með vitnað til bréfa leikmanna til konungs og bréfs Jörundar biskups til konungs.
 95 Bréf biskups til Runólfs ábóta með afritum bréfa af Noregi. Svarbréf ábóta.
 93, 96, 99 Bréf Eiríks konungs og drottningar um staðamál (sbr. *DI* II 240–41).
 97–98 Samningur Rafns og biskups í Brautarholti.
 100–101 Bréf biskupa og Runólfs ábóta.
 101 Bréf biskups til presta.
 104 Bréf af þingi til biskups, svarbréf biskups.
 111 Samningur Rafns og biskups á alþingi.
 111–12 Bréf biskups og höfðingja til konungs.
 112–13 Hirðisbréf biskups.
 114 Bréf biskups til Hítðæla.
 122 Bréf Rafns til biskups. Viðvaranarbréf biskups til staðamanna.
 123 Bréf biskups til Klængs Teitssonar.
 125–26 Bréfaskipti Rafns og biskups.
 128–29 Sáttmáli í Skálholti.
 130–31 Bréf Rafns til biskups.
 131 Leynibréf þingmanna til biskups.
 134 Bréf lögréttumanna til biskups.
 134–35 Bréf Árna biskups til alþingis.
 136–37 Bréf konungs til biskups.
 143–44 Eiðstafur Rafns.
 147 Viðvaranarbréf biskups til staðamanna?
 148–49 Umburðarbréf Rafns um Vestfirði.
 149–50 Utanfararbréf Jörundar biskups.
 151 Bréf Rafns til biskups.
 155 Bréf biskups til Rafns.
 157–58 Bréf konungs til Árna biskups.
 159–60 Samningur biskups og höfðingja.
 160 Eiðstafur hinna bannsettu.
 161 Bréf til sökudólga biskups.

- 162–63 Bréf erkibiskupsefnis til almennings á Íslandi.
 163 Bréf erkibiskupsefnis til Árna biskups.
 164 Bréf Ólafs Ragnríðarsonar til biskups, svarbréf biskups.
 165 Bréf biskups til kaupmanna í Hvítá.
 168 Stefnumbréf Jörundar erkibiskups og Árna biskups til Rafns.
 169–71 Bréf erkibiskups og Árna biskups til Runólfs ábóta.
 171 Bréf erkibiskups til Jörundar biskups.
 174 Bréf Eiríks Danakonungs til Árna biskups.
 181–82 Bréf biskups til Runólfs ábóta.

II. Bréf sem getið er

- 10–11 Utanfararbréf Árna biskups.
 13 Bréf erkibiskups til Jörundar biskups.
 43 Afgiftarbréf krossfara.
 45 Erfðaskrá Árna biskups.
 50 Svarbréf biskupa til erkibiskups.
 56 Bréf Magnúsar konungs með Eindriða böggli.
 58 Páfabréf um lausn Odds Þórarinssonar.
 70 Skipanir biskupaþings.
 76 Boðskapur Eiríks konungs og Hákonar hertoga.
 79 Bréf biskupaþings um bönn (sbr. *DI* II 174–88, 212–16), sbr. I. skrá.
 88–89 Tvö utanstefningarbréf til Lofts Helgasonar.
 Bréf Lofts til Árna biskups, svarbréf biskups.
 92, 96 Konungsbréf um vali o. fl.
 95 Bréfaskipti biskupa.
 105 Leynilegar bréfaskriftir Rafns og biskups.
 114 Bréf Rafns til biskups.
 118 Konungsbréf til Ásgríms.
 132 Bréf Rafns til biskups.
 136 Leynibréf Rafns til biskups.
 Stefnumbréf Eiríks konungs af Íslandi.
 140 Vestfjarðabréf Rafns.
 143 Leynibréf Tómasar Snartarsonar til biskups.
 152 „Bréf og sendipistlar“ vegna staðamála.
 168 Bréf Árna biskups og erkibiskups til Narfa biskups.
 174 Bréf Eiríks Danakonungs til Noregskonungs og hertogans.

III. Aðrar hugsanlegar heimildir

- 15 Dómur um Oddastað.
 19–20 Nýskipan Árna biskups (sbr. *DI* II 28–33).
 21 Samningur biskups og Ketils um Hítardal.
 21–22 Samningur biskups og Steinvararsona um Oddastað.

- 35–36 Úrskurður um skuldamál Sæmundar Jónssonar og arfa hans.
 79–82 Skjöl um lögtöku Jónsbókar og málf lutning á þingi.
 84–85 Gögn um sætt biskups og Loðins.
 [96–97 Mótbáru r biskups gegn konungsbréfum, sbr. I. skrá, bls. 100–101]
 98 Samningur biskups og Ásgríms um skatta og þingfararkaup.
 105 o. áfr. Skjöl um málf lutning á alþingi.
 123 Vottfest ummæli Klængs um gjöf til kirkju og fjártöku.
 130 Svardagi Sturlu Sæmundarsonar.
 132 Skjöl um fund biskups og Jóns lögmanns í Skálholti.
 158–59 Skjöl um málf lutning Rafns og biskups fyrir Ólafi Ragnríðarsyni.
 Sáttaboðskapur konungs.
 173 Vottfest viðganga Rafns.
 182 Samningur Erlendar og Runólfs ábóta í Stafholti.

Sumt af því, sem hér hefur verið tínt til, orkar auðvitað tvímælis; sum þessara gagna gætu t. d. verið frumsmíðir höfundar sjálfs. Ef hins vegar er litið á þær heimildir, sem höfundur hefur víslega stuðzt við, kemur í ljós, að þær eru mjög tengdar biskupsstólnum í Skálholti og nánasta umhverfi Árna biskups. Óhjákvæmilegt er að gera ráð fyrir, að sagan styðjist við ýmis frumgögn, sem varðveitt hafa verið í Skálholti, og af efnisútdrætti í sögunni úr bréfum, sem biskup hefur ritað, má draga þá ályktun, að bréfabók Skálholtsstóls hafi verið rituð á tímum Árna biskups og verið tiltæk höfundu sögu hans. Nákvæmar frásagnir af málaflutningi, einkum deilum um Jónsbók og ýmsum deilum um staðamál, benda til, að málf lutningur aðila hafi verið skrifaður upp jafnóðum, vottfestur og geymdur í Skálholti eða jafnvel sendur erkibiskupi, til þess að auðveldara yrði að leggja á ráðin um framhaldandi baráttu. Örfá gögn eru varðveitt utan sögunnar. Dómur erkibiskups um Odda og Vatnsfjörð er prentaður í Fornbréfasafni (*DI* II 95–8).⁵⁹ Handritaathugun þess texta hefur ekki verið gerð að þessu sinni, en augljóst er, að höfundur sögunnar hefur stuðzt við texta skjalanna, bætir aðeins við hann og vikur við, þar sem þörf er á. Skýrsla erkibiskups um málf lutning er t. d. í 1. persónu; því er að sjálfsgöðu breytt í sögunni. Eftir að erkibiskup hefur rakið málf lutning, sem fram fór tiltekinn dag, kveður hann upp dóminn. Þetta hefur leitt til þess, að söguhöfundur virðist álíta, að erkibiskup hafi kveðið upp dóm samdægurs. Hins vegar fljóta með bæði dagsetning stefnunnar og dómsuppkvaðningarinnar í frásögn sögunnar af málf lutningi og dómi. Sú villa, að Þórður hafi verið föður-

⁵⁹ Uppskrift er einnig í Bréfabók Guðbrands biskups (*DI* XII 16–18).

faðir Einars í Vatnsfirði er bæði í gerðinni í Fornbréfasafni og í Árna sögu (hér bls. 32, *DI* II 96).

Konungsbréf um staðamál er varðveitt að hluta í uppskrift og prentað í Fornbréfasafni (*DI* II 240–41), og er öldungis efalaust, að höfundur hefur stuðzt við frumheimild. Auk þess sem efnið er rakið (bls. 96), tekur höfundur upp kafla úr bréfinu í vandlættingarsömum hugleiðingum um þann órétt, sem honum þykir kirkjunni hafa verið gerður (bls. 99).

RITUNARTÍMI · HÖFUNDUR · VARÐVEIZLA

Fyrri tímamörk fyrir ritunartíma sögunnar eru nokkuð glögg. Nefnd er Agatha abbadís (bls. 4), en annálar segja hana vígða 1293. Ljóst er, að sagan er rituð eftir lok staðamála 1297 (bls. 127) og eftir að Árni Helgason er orðinn biskup 1304 (bls. 4, 166, 174, 178). Getið er klausturs, sem Jörundur biskup setti á Möðruvöllum (bls. 127), en skv. annálum var það stofnsett 1296.⁶⁰

Síðari tímamörk er hins vegar torvelt að afmarka með beinum röksemdum. Elztu handrit sögunnar eru frá miðbiki og síðara hluta 14. aldar og virðast komin frá sameiginlegu forriti. Þá eru mörkin orðin um eða undir miðbik 14. aldar. Sagan vísar mjög lítið fram í tímann í varðveittri gerð sinni. Nefndur er Þórður Egilsson lögmaður, en orðið lögmaður hlýtur að vera sett inn af eftirritara, eins og Guðbrandur Vigfússon nefnir, en Þórður varð lögmaður fyrsta sinni 1341. Ekkert annað dæmi er þess, að sagan vísi svo langt fram í tímann. Við söguna koma fjórir menn aðrir a. m. k., sem urðu lögmenn eftir 1290, en þess er ekki getið í sögunni.⁶¹ Ein aldursröksemd Guðbrands er sú, að kanzelertignar Ívars hólms er ekki getið í Árna sögu (bls. 4).⁶² Ef marka má það atriði, er sagan rituð fyrir 1312; við það ár er getið herratignar Ívars í annálum. Reyndar er titlatogi sögunnar varlega treystandi. Það torveldar mjög alla aldursákvörðun, að um fjölda persóna er Árna saga ein til frásagnar, og þar verður enginn stuðningur hafður af öðrum heimildum.

Um aldur sögunnar verður að öðru leyti að beita óbeinum röksemdum. Óneitanlega er sennilegra, að sagan sé samin í biskupstíð Árna Helgasonar í Skálholti (1304–20) en í tíð þeirra norsku biskupa,

⁶⁰ *Biskupa sögur* I (Kaupmannahöfn 1858) lxxix.

⁶¹ Safn til sögu Íslands 2 (Kaupmannahöfn 1886) 4–6.

⁶² *Bisk.* I lxxix. Reyndar er það misminni hjá Guðbrandi, að Ívar sé titlaður herra í sögunni.

sem á eftir honum komu. Við þetta bætist, að skammt virðist um liðið, síðan þeir atburðir gerðust, sem sagan segir frá; höfundur virðist þeim mjög nákominn. Hann virðist eiga auðvelt með að halda öllum þráðum í hendi sér og greiða sundur tiltölulega flókna atburðarás. Nefna má ennfremur, að ekki verður annað séð en að höfundur hafi sjálfur verið viðstaddur brúðkaup Guðnýjar Helgadóttur og Þórðar Hallssonar 1274 (bls. 44–5). Sagan er að öllum líkindum samin á biskupsárum Árna Helgasonar og fremur á þeim öndverðum en ofanverðum.

Guðbrandur Vigfússon hefur getið sér þess til, að Árni biskup Helgason sé sjálfur höfundur sögunnar.⁶³ Helztu rök hans eru þau, að sagan beri vitni um mjög greiðan aðgang að skjölum Skálholtsstóls ásamt frábærri þekkingu á landslögum og kristnum rétti. Jafnframt komi glöggt fram afar nán tengsl við Árna Þorláksson, þar sem jafnvel er rakið efni heimuglegra bréfaskipta hans. Guðbrandur telur, að enginn hafi getað búið yfir þeirri vitneskju annar en systursonur biskups og eftirmaður á biskupsstóli. Til viðbótar getur hann eftirtalinna atriða: Í upphafi eru talin öll börn Ásbjargar, móður Árna Helgasonar, en lítið sem ekki minnzt á „ætt hinna systkinanna“. Þar sem Árni Helgason er nefndur í sögunni, er engu lofsorði vikið til hans, sem þó hefði verið full ástæða til.⁶⁴ Þá er svo að sjá sem höfundur hafi munað til eða verið í brúðkaupsveizlu Guðnýjar, systur Árna Helgasonar, og Þórðar Hallssonar 1274. Hermann Pálsson telur hæpið, að sagan sé rétt feðruð hjá Guðbrandi, en færir ekki rök fyrir máli sínu.⁶⁵

Rétt er að athuga þá staði í sögunni, þar sem Árni Helgason hefur getað verið til frásagnar. Í sambandi við flutning á beinum Odds Þórarinssonar í Skálholt er sögð lítil gamansaga af Þórarni nokkrum bausta (bls. 65–6). Í þeirri för eru auk hans Runólfur ábóti í Veri, Sighvatur (Hálfðanarson?), Auðunn kollur og Árni bróðir svonefndur. Freistandi er að geta sér þess til, að um sé að ræða Árna Helgason, en það verður að teljast ósennilegt. Engar heimildir eru fyrir því, að hann hafi verið munkur, en reyndar eru heimildir um hann ákaflega litlar. Hins vegar er þungt á metum, að alls staðar, þar sem Árna Helgasonar er með vissu getið, er látið fylgja með, að hann hafi síðar orðið biskup.

⁶³ *Bisk.* I lxxix–lxxxix.

⁶⁴ Þetta atriði bendir reyndar til þess, að Árni Helgason hafi verið á lífi, er sagan var samin, „því at svá mælir heilög ritning: „eigi skaltu lofa mann í lífi sínu; lofa hann eptir lífit, ok mikla hann eptir ömbun lífsins!““ (*Bisk.* I 98).

⁶⁵ *Eftir þjóðveldið* (Reykjavík 1965) 98.

Við þetta bætist, að ósennilegt er, að Árni Helgason hafi náð þeim aldri 1279, að hann væri tækur í bræðralag.

Árið 1288 siglir Árni biskup til Noregs, og er þá Árni frændi hans í för með honum. Frá tveimur atburðum er sagt, þar sem Árni Helgason virðist vera heimildarmaður. Hin fyrri er frásögnin af stuttri bátsferð þeirra frænda, sem endar með ósköpum (bls. 173–4). Þá er frásögn af fundi Árna biskups og erkibiskups í svefnstofu hins síðarnefnda, þar sem rætt er um veitingu Oddastaðar (bls. 177–8).

Eins og fyrr er getið, bendir Guðbrandur Vigfússon á, að höfundur sögunnar virðist hafa verið viðstaddur brúðkaup Guðnýjar Helgadóttur og Þórðar Hallssonar 1274. Frásögn þessi er öll hin athyglisverðasta. Hrifning höfundar leynir sér ekki; frásagnarblærinn á sér enga hliðstæðu annars staðar (bls. 44–5). Enda þótt Árni Þorláksson hafi verið af góðum ættum, virðist vegur ættarinnar minni í uppvexti hans, og ýmislegt bendir til þröngs fjárhags þeirra frænda framan af (t. d. bls. 6). Þegar Árni hefur tekið við biskupstign 1269, virðist hann leggja sig fram við að koma ættingjum sínum til metorða (sbr. bls. 5, 73). Blæ brúðkaupsfrásagnarinnar mætti vel skýra með því, að Árni Helgason haldi á penna. Ungur sveinn hefur hann setið brúðkaupsveizluna og þótt mikið til koma skyndilegs frama og upphefðar ættar sinnar – og veizlunnar, þar sem ekkert þurfti til að spara. Höfundur fjallar einnig af sýnilegri velþóknun um tengsl ættarinnar við hinn auðuga og mikilvirta Hafurbjörn Styrkársson. Þess má geta, að þetta mætti skýra á þann hátt, að einhver af mörgum bræðrum Árna Helgasonar, t. d. Loftur, sé höfundur, en sjálfur virðist Árni vera a. m. k. heimildarmaður þeirra atburða, sem að framan greinir.

Niðurstaða þessara hugleiðinga er sú, að sagan sé samin annaðhvort undir handarjaðri Árna Helgasonar biskups eða beinlínis af honum sjálfum. Brúðkaupsfrásögnin bendir óneitanlega eindregið til þess, að hann eða einhver nákominn honum sé höfundur sögunnar.

Sögunni lýkur í varðveittri mynd sinni tæpum áratug áður en staðamálum hefur verið ráðið til lykta. Óneitanlega eru sögulokin engan veginn sannfærandi. Hins vegar hefur verið umdeilt, hvort sagan hafi náð allt til æviloka Árna biskups eða hvort hún hafi af einhverjum ástæðum aldrei lengri verið. Guðbrandur Vigfússon hallast að hinu síðarnefnda í formála útgáfu sinnar.⁶⁶ Sú ályktun er byggð á talningu,

⁶⁶ *Bisk.* I lxxviii.

svipaðri þeirri, sem hér er gerð á bls. vii–viii, en niðurstaðan er ekki að öllu leyti hin sama. Í sambandi við þetta er þess að gæta, að Árna saga hefur að líkindum staðið aftast í *R*, og fyrsta uppskriftin, *J*, er einum kapítula lengri en uppskrift **B* hefur verið og myndar þó engan veginn sannfærandi sögulok. Mjög sennilegt hlýtur því að teljast, að sögulokin hafi glatazt. Ósagt er frá svo mörgum atburðum viðvíkjandi staðamálum, að jafnvel væri hugsanlegt, að heilt tólf blaða kver hefði týnt aftan af sögunni í *R*.

Í formála Sturlunguútgáfu sinnar hefur Guðbrandur skipt um skoðun, telur þar, að glatazt hafi blöð aftan af sögunni.⁶⁷ Rökstuðningur hans eru tvær greinar í Oddverjaannál (X), sem hann telur sóttar til glataðs hluta sögunnar í *R*. Önnur fjallar um jarðskjálfta og eldsumbrot á Suðurlandi 1294, hin um bruna Skálholtsdómkirkju 1309. Síðari greinin er fráleitt sótt til Árna sögu, enda gerist atburðurinn rúmum áratug eftir lyktir staðamála og lát Árna biskups. Ekkert bendir til þess, að greinin 1294 sé þegin frá Árna sögu fremur en öðrum annálaheimildum. Að vísu kann svo að vera, en engin sönnun getur þessi grein talizt um það, að sagan hafi í upphafi verið lengri. Slíka sönnun er óhugsandi að fá af annálagreinum. Efni, tengt staðamálum, og annað efni, sem kann að vera sótt til sögunnar, er fyrirferðarmikið í ýmsum annálum 1291–7. Auk örfárra greina, sem flestum eða öllum annálum eru sameiginlegar, kveður mest að slíku í III, V, VII, II og yngri viðbótum við IV.⁶⁸ Þess ber þó að geta, að sættargerðarinnar 1297, er staðamálum lyktaði, er hvergi getið í annálum.⁶⁹ Þessi atriði gefa vísbendingu um, að sagan sé ekki heil í núverandi varðveizlu, en jafnframt að hún hafi aldrei náð allt til æviloka Árna Þorlákssonar.

⁶⁷ *Sturlunga Saga* I (Oxford 1878) cxxvi.

⁶⁸ Sbr. Hermann Pálsson: op. cit., á við og dreif um bókina. Greinar þessar flokkast ekki saman, svo að teljandi sé.

⁶⁹ *DI* II 323–5. Hér að framan (bls. lxxiv–lxxv) hafa verið rakin atriði, sem benda til þess, að V og VII sæki að hluta til sameiginlegs forrits, sem aftur styðjist við Árna sögu. Það er hins vegar athyglisvert, að ekki er um beinar orðalagslíkingar að ræða í þessum annálum eftir 1290 þrátt fyrir nokkrar efnissamsvaranir.

UM FYRRI ÚTGÁFUR OG ÞESSA

Árna saga var fyrst prentuð með Sturlungu í Kaupmannahafnarútgáfunni 1817–20. Formála ritar Bjarni Þorsteinsson amtmaður, en auk hans hafa unnið við útgáfuna þeir Sveinbjörn Egilsson, Gísli Brynjúlfs-son, Sigurður Stefánsson Thorarensen og Þórarinn Magnússon Öfíord. Aðalhandrit sögunnar í þeirri útgáfu er Lbs. 836, 4to, nefnt St, en tala og fyrirsögn kapitula er úr *J*-handriti (Gr), sem verið hefur í eigu Benedikts Gröndals yfirdómara og síðar Magnúsar Stephensens, en er nú að öllum líkindum glatað. Auk þess er orðamunur tekinn úr eftirtöldum handritum: 115, 116, 118, 120 og 438.

Næst var sagan prentuð í fyrra bindi Biskupasagnaútgáfu Bókmenntafélagsins 1858. Guðbrandur Vigfússon, sem ritar formála, hefur gert sér grein fyrir því, að öll varðveitt handrit sögunnar (önnur en 220) eru runnin frá *R*. Guðbrandi hefur verið kunnugt um 12 yngri handrit sögunnar og skiptir þeim í fimm flokka, sem hann telur runna frá sjálfstæðum uppskriftum skinnbókarinnar. Þeir eru þessir:

1. ÁM 114, fol. og handrit, sem frá því eru runnin (115, 116, 118, 119, 120, 438).
2. Stockh. perg. 4to nr. 12.
3. Handrit úr eigu Magnúsar Stephensens í Viðey, sem frumútgáfan var prentuð eftir (836).
4. Stockh. papp. 4to nr. 8 og eftirrit þess, ÁM 384a, 4to(!).
5. ÁM 204, fol.

Texti varðveittra blaða *R* er prentaður í útgáfunni, en aðalhandrit er annars 12 (*B*²); texti þess þó leiðréttur skv. 220, þar sem það er til samanburðar. Guðbrandur prentar síðan texta útg. 1820 (836), eftir að *B*² þrýtur, en sá texti er gagnslaus *C*-texti, eins og sýnt hefur verið fram á. Texti *R* er því eini textinn, sem sameiginlegur er útg. 1858 og þessari. Rétt er að geta eins lesháttar, sem öðru vísi er ráðinn á þessi en á þeirri: 73¹⁸ *bvrisnv*, sbr, 716²⁹ *búi sínu* útg. 1858.

Loks var sagan gefin út í Reykjavík 1948 á vegum Íslendingasagnaútgáfunnar í umsjá Guðna Jónssonar, og er útg. 1858 fylgt þar.

Undirbúningsstarf við útgáfu Árna sögu var hafið hjá Handritastofnun Íslands sumarið 1964, og vann það Vésteinn Ólason magister. Haustið 1965 var undirritaður settur í verkið. Við þessa útgáfu hef ég

síðan unnið langdrægt fram til áramóta 1972, að hluta þó samhliða lestri til kandiðatsprófs í íslenskum fræðum, og síðan aftur frá sumri og þangað til nú, í desember 1972.

Við þetta starf hef ég notið aðstoðar margra manna. Allir sérfræðingar Handritastofnunar á þessu tímabili, þeir Jónas Kristjánsson, núverandi forstöðumaður, Ólafur Halldórsson cand. mag., Jón Samsonarson magister og Stefán Karlsson magister hafa veitt mér nokkra leiðsögn. Hinir þrír síðastnefndu skiptu með sér að lesa formálann yfir í handriti. Jón hafði umsjón með verkinu fyrstu mánuði þessa árs og annaðist meðalgöngu milli mín og prentsmiðjunnar, á meðan ég dvaldist erlendis. Stefán bar allan textann einu sinni saman við *R* og myndir *B*¹. Hann hefur auk þess verið til ráðuneytis við samningu drjúgs hluta formálans, og hefur aðstoð hans verið mér ómetanleg. Björn Teitsson magister og Bjarni Ólafsson cand. mag. hafa báðir borið allan orðamun með mér saman við handrit, og Björn hefur auk þess annazt samningu og allan frágang á nafnaskrá sögunnar. Einar G. Pétursson cand. mag. tók síðan saman nafnaskrá inngangs. Guðni Kolbeinsson stud. phil. hefur verið mér til aðstoðar við prófarkalestur. Sverrir Hólmarsson M. Litt. þýddi efnisútdrátt inngangs á ensku. Prófessorarnir Einar Ól. Sveinsson, fyrrum forstöðumaður Handritastofnunar, og Magnús Már Lárusson háskólarektor hafa veitt mér ýmsa gagnlega fræðslu.

Prófessor Peter G. Foote, forstöðumaður deildar norrænna mála við University College í London, hefur margsinnis athugað fyrir mig vafatriði í aðalhandritinu á British Museum, meður því að Bretar lána alls engin handrit úr landi. Vegna þess hve handritið er víða óskýrt, reyndist óhjákvæmilegt, að fjallið færi til Múhameðs. Ég fór til London haustið 1968, dvaldist þar um hálfmánaðar skeið og bar allt handritið saman við vélritaðan texta. Ferð þessi var styrkt m. a. af University College.

Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn, Landsbókasafn, Konungsbókhlaða í Stokkhólmi og Háskólabókasöfn í Osló og Lundi hafa lánað handrit og myndir eftir þörfum. Þessar stofnanir hafa einnig látið gera filmur af handritum ásamt Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn. Bókaverðir Landsbókasafns hafa útvegað þessi gögn úr erlendum söfnum af stakri lipurð, á meðan Handritastofnunin hafði aðsetur í húsi Landsbókasafns. Öllum þessum aðilum færi ég einlæggar þakkir.

Þorleifur Hauksson

SUMMARY OF THE INTRODUCTION

Árna saga describes the term in office of Árni Thorláksson, who was bishop of Skálholt 1271–98. Its principal subject is the dispute between the bishop and laymen over the ownership of church farms. The saga is preserved in ca. 40 manuscripts and manuscript fragments, two of which are parchment fragments. Two leaves are preserved in AM 220 VI, fol. from the middle of the 14th century and three leaves in AM 122b, fol. from the so-called Reykjarfjörður Book of Sturlunga saga (*R*). All currently known versions of the saga are derived from the latter manuscript.

R is thought to have been written in the latter half of the 14th century. It has long been thought to have originated in northwestern Iceland, but recently its close connections with manuscript hands in Skagafjörður in the middle of the 14th century have been noted. Three 17th century copies of *R* are known. A copy is preserved in the hand of Jón Gissurarson from Núpur in Dýrafjörður (*J*). Furthermore Björn Jónsson from Skarðsá copied it around the middle of the fourth decade of the 17th century. Björn's manuscript (**B*) has been lost, but a summary of Árna saga in his own hand (*B⁴*) has been preserved, as well as three other independent derived manuscripts. Finally another scribe, probably the Rev. Thorsteinn Björnsson of Útskálar, copied about a third of the saga from *R*. Where *R* is not preserved the present edition is principally based on one of the *B*-manuscripts, British Museum Add. 11.127 (*B¹*), which may safely be regarded as a direct copy of **B*. Variant readings are taken from all the abovementioned manuscripts, except that the text of 220 is printed parallel to the main text as far as it goes.

Árna saga contains several chronicle passages, by which are meant passages containing historical information not directly relevant to the main narrative. In the introduction an attempt is made to categorize preserved chronicles for the period 1271–89 with the aim of placing the saga among these. The conclusion is that Árna saga uses a chronicle closely related to Annales regii (IV), which contains additional material from an unknown chronicle manuscript. The following chronicles seem to have derived material from the saga: V (Skálholtsannáll), VII (Lögmansannáll) — the material may have been incorporated in the mutual source of these two — , II (Annales vetustissimi) and perhaps III (Høyersannáll).

The chief merit of Árna saga has long been felt to lie in the fact that it uses a great number of written sources. In the introduction a list is compiled of the sources that seem to have been made use of in the writing of the saga. The conclusion is that by far the greatest number of sources definitely known to have been used by the author are closely related to the bishopric of Skálholt and Bishop Árni's nearest surroundings.

There is an account of the contents of various letters written by the bishop, and it is tempting to put forward the hypothesis that a correspondance ledger was kept at Skálholt in Bishop Árni's time and was available to the author of the saga.

The inevitable conclusion is that the saga was written in Skálholt. The terminus post quem of the saga is fairly well defined; it is clear that the saga was written after Árni Helgason, Árni Thorláksson's nephew, succeeded him to the bishop's office (1304). As far as the terminus ante quem is concerned we have to rely on indirect evidence. It is much more likely that the saga was written during Árni Helgason's term in office than in the time of the Norwegian bishops who succeeded him. There are, indeed, various points in the saga which indicate that Árni Helgason was alive when it was written. Also it might be mentioned that the author's treatment of his subject contains several indications that the great struggle between bishop and laymen is still fresh in his memory. Árni Helgason himself has been named as a possible author, and in fact he seems to be the informant for a few incidents (pp. 173-4, 177-8). The account of his sister's wedding (pp. 44-5) indicates that he, or someone else closely related to her, is the author. The conclusion of these considerations is that the saga was written in Skálholt during Árni Helgason's term in office, either by Árni himself or under his auspices.

In its preserved form the narrative is concluded almost a decade before the church farm dispute was settled. Scholars have disagreed as to whether the saga originally extended up to Árni's death or whether it never went any further. This question is difficult to decide. However, certain facts give indications: *Árna saga* was placed at the end of *R*. The copy of *R* that has sometimes been thought to be the oldest, *J*, is longer than the *B*-manuscripts by one short chapter, which is a digression from the main subject and does not form a convincing conclusion. Still there is no reason to suspect this chapter of being a later addition. Then again, material connected with the church farm dispute and other material which could be derived from the saga bulks large in the chronicles of the period 1290-97, and particularly in those which seem to derive material from the saga in the period covered in its present form (V, VII, III, II, later additions to IV). On the other hand, the settlement of the church farm dispute, which took place in Norway in 1297, is nowhere mentioned in chronicles. It may thus be considered likely that something was cut off the end of the saga, but at the same time that it never reached up to the death of Bishop Árni and the settlement of the church farm dispute.

ÁRNA SAGA BISKUPS

HANDRIT

- R: ÁM 122b, fol.
220: ÁM 220 VI, fol.
*B: Glatað forrit *B*¹⁻⁴.
B¹: British Museum Add. 11.127.
B²: Stockh. perg. 4to nr. 12.
B³: Stockh. papp. 4to nr. 8.
B⁴: ÁM 1041, 4to.
Ú: ÁM 204, fol.
J: ÁM 114, fol.

Prentaður texti vikur frá leshætti *B*¹ aðeins þar sem texti þess handrits er greinilega afbakaður og merking brengluð. Auðvelt ætti að vera að endurgera **B* og *R* skv. orðamun umfram það, sem hér er gert. Frávik frá texta *B*¹ eru auðkennd með stjörnu eða oddklofum. Litlar sem engar tilraunir eru gerðar til að endurgera upphaflegan texta fram yfir *R*.

Herra Arne biskop er þesse fra sogn er af skrifud, var sonur Þollaks ⁶⁷⁹
³ Gudmunds sonar griss og Halldoru dottur Orms j Holltum. Hann var
 fæddur ä því are sem Magnus biskop Gissurar son andadest. Hann
 fæddest upp med fôdur sinum og modur. Enn þau biuggu j þenna tima
⁶ ad Svynafelle ad rade Orms Svynfellings, og *voru þar medann hann lifde,
 og nockra stund sydann ad rade Ögmundar Helga sonar, er þa hafde
 fiar forräd sona Orms. Enn sydann peningar eyddust fyrer sonum Orms
⁹ ad Kalfafelle foru þeir bygdum sinum til Svynafells, enn Þorlakur vard
 fyriersaker magns munnar ad skipta bygdum. Feingu þeir honum þä Rauda-
 læk, og for hann þangad. Þar gieck fie af hende hónum, og unde hann
¹² sier lytt, þann tima er sundurþycke giördest millun Sęmundar Orms-
 sonar og Ögmundar Helga sonar. Og epter vyg Orms sona þolde hann
 ei. For hann þa med ollu lide sinu a Reynevollu j Kios til Jorundar
¹⁵ Sigmundssonar, er atte Gudrunu dotter hans. Þesse voru þa a life born
 Þollaks. Magnus var elldstur af sonum hans, þarnæst Ormur. Arne er
 fyrr var nefndur var jngstur, enn af dætrum hans var elldst Asbiörg, er

2 er¹—skrifud] er frá sögninn er af B^4 , ÷ B^3 . son $ÚJ$. Þollaks] Þorlaks $B^{2-4}ÚJ$,
 breytt úr Þorlaks B^1 . 3 Gudmundar $B^{2.4}J$. 4 sem] er J . andadest] + 1237 B^2
 (ártalið er á spássiu i öðrum hdr. B). 5 möder B^3 . þenna] þennan $B^2Ú$, þann
 $B^{3.4}J$. 6 voru] þannig $B^{2-4}ÚJ$, var B^1 . 8 fiarforræde J . sona] + sinna og B^3 .
 8–13 sydann—Og] ÷ B^4 . 9 sinum] ÷ B^3 . 10 saker] á eftir munnar J , ÷ B^3 .
 magn] magn $Ú$. 11 af] þannig $B^{2.3}ÚJ$, dregið út og ad ritað yfir linu, en það
 síðan máð út a.n.l. B^1 . hende] ÷ B^3 . 12 þann] þennann $Ú$. er sundurþycke]
 osamþycke J . giördest] + ä B^3 . millun] millu $B^{2.3}$, milli $Ú$, medal J . 13 Helga
 sonar] skammst. h. s. B^3 . þolde] tvíritað B^4 . hann] + þar b.v. yfir linu, virðist
 m.a.h. B^1 . 13–14 hann—ei] Þórläkur eigi þar austur B^4 . 14 lide] bui $Ú$.
 15 Sigmundar sonar $B^{2.4}Ú$. dóttur $B^{2.4}ÚJ$. 16 Þollaks] Þorlaks $B^{2.3}ÚJ$, hans B^4 .
 ellstr $B^{2-4}J$. af—þarnæst] hanz sona: þa B^3 . hans] fyrst ritað hann en z b.v.
 síðar m.a.h. og sama bleki og fyrirsögnin er rituð með B^2 . Ormur] + enn $B^3ÚJ$.
 16–17 er—nefndur] ÷ J . 17 var nefndur] nefndist B^3 . ellst $B^{3.4}J$. || 1 sonur]

atte Helge sonur Lopts *Svarts sonar. Þesse Loptur atte Gudrunu dotter Hamra Finns systur Bi[arna] fódur Fin[ns]j Selvogi, og Þoru er atte Þor-modur ä Gufunese f(ader) Svarts. Þeir fedgar biuggu fyrst ad Kalfa-³ felle, adur þeir keyptu Skäla<r> land ad Sæmunde Ormssyne. Loptur^{199v} var elldstur barna þeirra Asbiargar, þar næst | Biarne prestur, þa Magnus⁶⁸⁰ prestur, þa Arne er sydann vard biskop. Torfe prestur var laungetenn⁶ sonur Helga, atte hann þennann son adur hann feinge Asbiargar. Þessar voru dætur þeirra Helga, Þurijdur, Gudny, Halldora, Agatha abbadys. Gudrun, er adur var nefnd, d(otter) Þorlaks atte einge börn þau er⁹ menn sie fr[a] komner. Hin þridia d(otter) Þorlaks var Þorgerdur er fyrre atte *Guttormur *kortur, og var d(otter) þeirra Halldora er atte Kolbejrn Hogna son. Þessa Þorgerde atte sydar Klængur Teyts son,¹² og var þeirra dotter Asta, er atte Jvar Holmur.

II CAP

Þorlakur og lid hans, var eitt är a Reynevöllum, þadann foru þau til¹⁵ Hofa a Kiala<r>nes, og voru ejrn vetur fyrer bue Olafs Ions sonar fodur Jons og Stjirkärs. Þadann foru þau Þorlakur j Skäl austur, og biuggu þeir mägar bader þar þau missere. Helge bonde og allt lid hans lagde so mikla¹⁸ elsku til Arna klerks, ad hann giörde sitt allt heimillt til þess sem hann

son *ÚJ*. sonur—sonar] Loptsson *B*³. Svarts] þannig *B*^{2.4}*ÚJ*, *torlæsilegt, virðist vera* Heryts *B*¹. 1–4 Þesse—Ormssyne] ÷ *B*⁴. 1 dotter] dóttur *B*²*ÚJ*, *á eftir* 2 Finns¹ *J*. 2 Hamravinnz *Ú*. systir *B*³*J*. systur—Finns] *vísað inn af spássiu, skorið á jöðrum* *B*¹. Biarnar *Ú*. 3 fader] faður(!) *Ú*. fader Svarts] ÷ *B*³. 4 Skälar] þannig *B*³*ÚJ*, Skäla *B*^{1.2}. 5 ellstur *B*^{3.4}*J*. barna] sona *Ú*. þeirra] fyrst *ritað þeir, en a b.v. síðar* *B*⁴. 6 vard] var *B*³*J*. 7 sonur] son *ÚJ*. atte—Asbiargar] ÷ *B*³. þennann son] þenna *J*. feinge] fieck *J*. 8 Þurijdur] Þöra *J*. Agatha] Agattha *B*², Agatta *Ú*, + er var *J*. 9 Gudrun—nefnd] Enn Gudrun *B*³. dóttur *B*². þau er] so *Ú*. er²] ÷ *B*³. 10 sieu *B*³*Ú*. Hin] ÷ *B*^{3.4}. þridia] iij^a *B*⁴. var Þorgerdur] Þora *J*. 10–11 er—kortur] hana atte fyrre sa madur er Guttormur hiet *J*. 11 fyrre] fyrr *B*^{2.4}*Ú*, ÷ *B*³. Guttormur] þannig *B*², Gudtormur *B*⁴, Gutthormur *B*³*Ú*, Gudleymur *B*¹. kortur] þannig *B*^{2.3}*Ú*, *virðist breytt úr kottur* *Ú*, kostur *B*^{1.4}. dottur *B*². dotter þeirra] *ö.r. ÚJ*. 12 Þessa] en þa *B*³. Þorgerde] Þöra *J*. Klængur *J*. 13 dóttur *B*². Jvar] Jmar(!) *Ú*. 14 II CAP] *ö.r. B*². 15 Þorlakur—är] Eitt är var Þorlakur og lid hans *B*⁴. eitt är] fíora vetr *Ú*, eirn vetur *J*. þadann—þau] fóru þadann *B*³. 15–17 þadann—Stjirkärs] og annad ä Hofi ä Kialarnesi *B*⁴. 16 Kialarnes] þannig *B*^{2.3}*ÚJ*, Kialanes *B*¹. voru] var *J*. ejrn] fíorar(!) *Ú*. 17 foru þau] för *J*. foru—austur] för hann austur i Skäl *B*⁴. Þorlakur] ÷ *B*³. Skäl] Skard *B*³. 18 bader] ÷ *B*². bader þar] *ö.r. B*⁴. þau missere] ÷ *B*³. svo *B*⁴*J*. 19 til—klerks] uid Arna klerk *ÚJ*. giörde] + honum

villde hafa, þviad hann sa þennann mann, fyrer saker adgiörfe og god-
 vilia og allrar frammkvæmdar vera munde hofdingia sinna frænda og
³ trude hönnum munde meire tignar auded enn þa var framm komed, og
 vottade það optliga, rykkti Arne þetta alltsamann þa er hann var biskop
 ordenn framarlega vid Helga og öll börn hans. Þesse Arne var *fyrrum
⁶ a unga alldre falatur, og acktade miög jmisslegar j þrotter, hagleik og
 ä skurd, og allt trie smyd, ryt og boknam, og allar klerklegar lister. Var
 hann af þessu ollu samann faskiptenn vid almenning. Enn þaðann fra
⁹ er Þorlakur for fra *Raudalæk, gjorde hann sig liettann vid al þijdu, og
 atte hann | alþydlega glede. Hielltt þvi framm til þess er hann var j Skal.^{200r}
 Þa för hann til skinnleiks j Kyrkiubæ med odrum monnum og j þejm
¹² samaleik rak hann nydur annad knie a arin hellu, þar j stofunne, so
 ad sprack miög, la hann af þvi j reckiu nær viku. Þadann af var hann
 alldrei ad þesskins leik nie ad danse, hvörke adur nie sijdann, og kende
¹⁵ sig i þessu munde hirtann af oskinsamligre skemtan.

CAP III

Um vored for Þorlakur bygdum til Svijnafells, og hafde Magnus þa
¹⁸ mest buräd enn Arne var þa stundum j Þyckva bæ med Brande abota,
 stundum j Skäl med fyrrnefndum mage sinum, stundum j Kyrkiubæ med

B³. 19–5,1 sem—þviad] er hafa villde: þui B³.| 1 þenna J. atgiörve B^{3.4}J. 1–2 og godvilia] ÷ B³. 2 og¹] til J. fraquæmdar B³. sinna frænda] ö.r. B³. 3 trude] tiadi Ú, tóludu J, + ad B^{2.4}ÚJ. hönnum] hann Ú. tigar(!) Ú. 3–4 enn—optliga] verda B³. 4 vottade] + hann ÚJ. vottade—þetta] liet Arne það optliga j rijkia B², sbr. spássiugrein. rykkti] dregið undir orðið og vísað út á spássiú B¹, leiðrétt: rækta út.1858. alltsamann] b.v. síðar: saman b.v. aftast í línu og allt vísað inn af spássiú B⁴. þa] ÷ Ú. er] ÷ B^{2.3}. 5 vordinn B^{3.4}. framarla B⁴. öll] + hans en dregið út B¹. börn hans] ö.r. B^{2.3}. 5–6 Þesse—alldre] j fyrstvar Árne B⁴. 5 fyrrum] þannig Ú, farenn (klesst strik yfir a sem e.t.v. er tilraun til leiðréttingar) B¹, ÷ B^{2.3}. 5–6 fyrrum—falatur] j fyrstu fælatur ä vngum alldrj J. 7 allt trie smyd] triesmijde allt B², alla triesmijdi Ú. smyd] smijdi B³. lister] lirstr(!) Ú. 8 samann] ÷ J. vid almenning] til almenningz J. 8–9 þaðann—Raudalæk] sijdar B⁴. 9 for] riedst J. Raudalæk] þannig B^{2.3}ÚJ, Raudalæki B¹. 10 hann¹] þa B⁴. alþydlega] alþydu B², alþyduliga Ú. glede] + og B³J. 10–11 Hielltt—Þa] Eitt sinn B⁴. 10 til—er] þar til J. Skal] Skälhollte B², breytt úr Skálhollte B¹. 11 hann] + úr Skäl B⁴. og] ÷ B^{2–4}ÚJ. 12 suo Ú. 12–13 so ad] og J. 13 sprack] + fyrer J. 14 alldre] alldre (nær alltaf þannig) J. ad²] b.v. yfir línu B¹, ÷ B². 14–15 hvörke—skemtan] ÷ B⁴. 15 i—munde] af þessum atburdj B³. munde] marki Ú, mercke J. skiemptan J. 17 for—bygdum] flutti Þorlakur bygd Ú. og hafde] tvíritað B⁴. 18 stundum] + med B³.

Grime preste Holmsteins syne, enn stundum ad Kalfa felle med Þor-
 steine abota syne, enn leingstum hejma ad Svijnafelle. For hann j þessa
 681 alla stade nockra vetur til þess er menn þottust þurfa j hag leiks giördum. 3
 Hielltt þessu framm nockra vetur þar til er Magnus broder hans fieck
 Ellisifar d(ottur) Þorgeirs ur Hollte. Voru þeirra börn Andries prestur
 og Gudfinna, er atte Þorsteirn Hafurbiarnar son. Lagde þa Arne framm 6
 allann sinn hlut, af peningum þejm sem fader hans vardveitte, vid hann,
 utann hest og jgangs klæde, riedst þa j burt fra Svijnafelle, saker sundur
 þyckiss þess er vard mille þeirra frænda, mest umm gyptingo Þorgerdar 9
 systur hans og for j *Þyckva bæ til fyrrnefnds Brands abota, og batt sig
